

Feit og hraust




Ragen Chastain hefur verið hótað lífláti fyrir baráttu sína gegn fitufordómum. Hún keppir í Járnmanninum á næsta ári og er liðug eins og ballerína. ➔26-28



Friðleifur fékk hjartastopp í besta formi lífs síns ➔30

Heba Eir gerði upp íbúð á 5 mánuðum ➔32



Vilborg Dagbjartsdóttir þurfum að hugsa hnattrént ➔48-49



PLÚS 3 SÉRBLÖÐ
ATVINNA • NÁMSKEID • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ
BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960-1985

GULL
BYLGJAN

Allt það besta hjá 365



ENDALAUST TAL OG
10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.


*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365

Einstök blanda úr 4 olíum

Veður



Milt veður og fremur hægur vindur í dag, laugardag. Rigning á austurhellingi landsins, fyrst á Austfjörðum. Bjartara veður vestan til, en þar má þó áfram búast við einhverjum skúrum.

SJÁ SÍÐU 46

Kalla borgarstjóra á fund fjárlaganefndar

STJÓRNMÁL Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur óskað eftir því við Vigdís Hauksdóttur, formann fjárlaganefndar, að borgarstjóri Reykjavíkur verði boðaður á fund nefndarinnar vegna fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar.

Ég treysti mér til að fullyrða að uppsagnir verða undantekningin.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri



Ein ástæða þess að borgarstjóri hefur verið boðaður á fund er að hann hefur lýst því yfir að fjárhagsvandi borgarinnar sé að hluta tilkominn vegna fjárlagagerðar stjórnvalda.

Þá hefur Ásmundur einnig óskað eftir því að fulltrúar úr eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga verði boðaðir á fundinn.

Tap A-hluta reksturs Reykjavíkurborgar var tvöfalt meira en ráð var gert fyrir. Dagur B. Eggertsson segir að aðgerðaáætlun til að bregðast við vandanum sé í bígerð.

„Ég vonast til að ná breiðri samstöðu um það. Þar tókum við bæði ákvarðanir til skamms tíma, til að loka árinu, og leggjum línur um það hvernig við getum látið enda ná saman á næsta ári og næstu þremur árum.“

Helsta aukning í gjöldum borgarinnar snýr að auknum kostnaði við starfsmannahald vegna nýrra kjarasamninga. Þar þurfi að ná hagræðingu en uppsagnir eru ekki á dagskrá.

„Ég treysti mér til að fullyrða að uppsagnir verða undantekningin,“ segir Dagur. – srs

Fróðleiksfúsir ferðamenn á Austurvelli



Leiðsögumaður stígur upp á bekk á Austurvelli þar sem hann staldraði við til að uppfræða hóp ferðafólks í dumbungnum í gær. Fréttablaðið/GVA



Vilja byggja mosku fyrir hverja hundrað flóttamenn. Nordichphotos/Getty

Vilja byggja 200 moskur

ÞÝSKALAND Sáði-Arabar hafa lýst yfir vilja sínum til að hjálpa vegna mikillar fjölgunar flóttamanna sem leita til Evrópu. Hjálparhönd þeirra er þó með óhefðbundnari hætti, en ríkið hefur boðist til að byggja um 200 moskur í Þýskalandi eða eina fyrir hverja hundrað flóttamenn sem þangað koma. Hin efnadri ríki Arabíuskaga hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir að opna ekki landamæri sín fyrir flóttafólki frá Sýrlandi.

Engin viðbrögð hafa borist frá þýskum stjórnvöldum vegna málsins. – srs

Slóðin að kólna í rannsókn á smygli

Urgur er innan lögreglu á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að lögregla á Austurlandi fer með forræði rannsóknar á einu umfangsmesta fíkniefnasmygli síðustu ára. Sérfræðingur í rannsóknum fíkniefnamála segir mistök í upplýsingagjöf og seinangang lögreglu og tollayfirvalda hafa leitt til þess að slóðin sé að kólna.

SAKAMÁL Mistök kunna að hafa verið gerð við rannsókn lögreglu á Austurlandi á umfangsmiklu fíkniefnasmygli með Norrænu sem uppgötvaðist síðasta miðvikudag. Þetta er mat sérfræðings í fíkniefnarannsóknnum, sem Fréttablaðið leitaði til. 90 kíló af hörðum fíkniefnum fundust falin í bíl hollensks pars á fer-tugsaldri, sem nú situr í tveggja vikna gæsluvarðhaldi. Um er að ræða eitt umfangsmesta fíkniefnasmygl sem upp hefur komið hér á landi.

Lögreglufulltrúi á Austurlandi svaraði Vísi svo til í gær að ekkert yrði gefið upp um málið eða einstaka þætti þess. Rannsóknin væri á viðkvæmu stigi og ætti ekki heima í fjölmiðlum. Lögregla vildi halda upplýsingum fyrir sig svo hægt væri að spyrja „menn ómengað“ í yfirheyrslum.

Í yfirlýsingu Ingerar Jónsdóttur, lögreglustjóra á Austurlandi, á miðvikudag segir hún málið hafa verið unnið í samstarfi lögreglustjórans á Austurlandi, embættis tollstjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og færeyskra tollayfirvalda. Þá var greint frá því í fréttum Stöðvar 2 þann sama dag að baki fundinum væri vönduð áhættugreining tollsins.

Heimildarmaður blaðsins, sem hefur áratugareynslu af rannsóknum fíkniefnamála og hefur komið að rannsókn viðamikilla mála, segir margt benda til þess að rannsókn lögreglunnar á Austurlandi sé í uppnámi, slóðin sé að kólna vegna afdrifarikra mistaka. Þannig bendi margt til þess að fíkniefnin hafi fundist fyrir hreina og klára tilviljun.

Tilviljun hafi ráðið því að fréttatökulið frá Stöð 2 var á staðnum þegar fíkniefnin uppgötvuðust í bíl hollenska parsins. Sérfræðingurinn



Norræna í höfn í Þórshöfn í Færeyjum í lok síðustu viku. Fréttablaðið/ÓKÁ

Álit sérfræðingsins:

Heimildarmaður Fréttablaðsins sem sérfróður er um fíkniefnarannsóknir og hefur komið að mörgum slíkum segir fyrstu mínúturnar og klukkustundirnar eftir stóran fíkniefnafund geta skipt öllu máli. Í gang fari æðisgengin atburðarás, þar sem meðal annars þurfi að hefja hleranir og kanna hvort á svæðinu séu góðkunningjar lögreglu. Oft ráðist framhald mála á þessum fyrstu klukkustundum. Hann kveðst óttast að tapast hafi dýrmætur tími fyrir austan, en kannski finnst einhvers staðar veik slóð sem ná megi með góðri aðstoð. Hún sé þó að kólna.

segir að ráða megi af veru sjónvarpstökufólksins að aðgerðir tollsins og lögreglu hafi ekki verið skipulagðar. Vart hafi orðið við eitthvað grunsamlegt og ákveðið að kanna það nánar.

Þá segir hann það eitt að gefa út í fjölmiðlum að fundurinn hafi verið í kjölfar áhættugreiningar vera stór mistök. Þar sé um að ræða mikilvægar upplýsingar sem undir engum kringumstæðum eigi að fara til fjölmiðla. Þarna hafi verið send skilaboð til þeirra sem stóðu að innflutningnum, sem á sömu stundu hafi áttað sig á að ekki væri verið að hlera þá.

Sérfræðingurinn segir viðvansblæ á rannsókn lögreglu á Austurlandi og menn séu hugsi yfir því að lítil rannsóknardeild á Austfjörðum skuli rannsaka jafn víðamikil og flókið mál. Spyrja mætti spurninga um hvenær sú rannsóknardeild hafi rannsakað eða upplýst flókin alþjóðleg smyglmál og kveðst hann telja að kalla ætti til færasta fólkið til að glíma við stór mál. Þannig væri tryggð hámarksnýting skattfjár og að mál séu leyst öllum til hagsbóta.

krstjanabjorg@frettabladid.is

Mallorca

17. september í 13 nætur

Verð frá 149.900 kr.*

*á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi með morgunverði á 4ra stjörnu hótelinu Royal Playa de Palma

Flugsæti fram og tilbaka 39.900 kr.

Úrval annarra gististaða - sjá nánar á vita.is



Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444



VITA er lífið

50
FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR AURIS HYBRID FRUMSÝNING Í DAG!

Laugardag 12. september kl. 12-16
hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi



SÖNN GLEÐI

Finndu gleðina í hjóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu. Nýr Auris er með ríkulegum staðalútbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

Láttu hjartað ráða för.

Verð frá 3.490.000 kr.*

Fáðu að vita meira á Toyota.is/auris

TOYOTA
HYBRID

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur

Það verður hrein og sönn gleði hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi í dag þegar við kynnum nýjan Auris. Það er satt best að segja lyginni líkast hvað hann er skemmtilegur í akstri.

Komdu, sjáðu og reynsluaktu nýjum Auris í dag kl. 12-16.

GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Verð fyrir Auris Live með 1.33 bensín- eða 1.4 dísilvél.

**Gildir ekki með öðrum tilboðum.

***Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá
nýja Toyotu afhenta í september***


TÖLUR VIKUNNAR 5.9.2015 - 11.9.2015

538,5
MILLJÓNIR KRÓNA

eru úttístandandi skuldir dæmra ofbeldismanna við ríkið.

**15,3**
milljarða afgangur
er bóaður af rekstri ríkissjóðs 2016.**110**
metra háar
vindmyllur

kannar Fallorka í tengslum við orkuvinnslu í Eyjafirði.

**65**
SKIPAFÉLÖG

mörg þeirra stærstu í heimi, eru viðskiptavinir tækni-fyrirtækisins Marorku.

**87 af 202**

sem keyptu eitru vegna atvinnu sinnar höfðu aldrei haft tilskilið leyfi til kaupanna.

90 kíló

AF FÍKNIEFNUM fundust í húsbíl sem kom til landsins með Norrænu.



2,6 milljörðum króna verði varið til húsnæðismála, samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár.

Þrír í fréttum Fótboltinn, borgarstjórnin og forsetinn

**Lars Lagerbäck,** þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, sagði það afakstur mikillar vinnu

afar margra aðila að biðin eftir því að komast á stórmót væri loksins á enda. Það væri það besta við þetta allt saman. Allir hefðu lagt gríðarlega mikið á sig og bætt sig með hverju skrefi.

**Björk Vilhelmsdóttir** borgarfulltrúi fer úr pólitík til Palestínu í sjálfboðavinnu. Hún sagði sér hafa mistekist í velferðarráði. Allt of

margt vinnufært ungt fólk væri upp á kerfið komið. Björk kvæðst ætla að klára meistaranám í félagsráðgjöf og rannsaka „veikleikavæðingu“ velferðarþjónustunnar.

**Ólafur Ragnar Grímsson,** forseti Íslands, sagðist í ávarpi sínu við þingsetningu setja Alþingi í síðasta sinn samkvæmt

umboðinu sem þjóðin hefði falið honum. Forsetinn sagði nauðsynlegt að stjórnskipun landsins yrði ekki í uppnámi þegar þjóðin veldi sér forseta að vori. Annars gætu forsetakosningar orðið efni í óvissuferð.

Aldrei verið eins erfitt að fá starfsfólk í þjónustustörf

Þrátt fyrir að mælanlegt atvinnuleysi ríki enn segir fólk í þjónustugeiranum að aldrei hafi verið eins erfitt að fá fólk í vinnu. Dæmi er um að verslanir flytji inn erlenda starfsmenn til að aðstoða sig.

ATVINNUMÁL Atvinnuleysi hefur dregist töluvert saman á undanförunum misserum, hins vegar er það enn þá mælanlegt sér í lagi hjá ungu fólki. Í júlímánuði mældist atvinnuleysi 3,9% hjá fólki á aldrinum 16-24 ára og mældist það 6,8% í júní. Þrátt fyrir það virðist mjög erfitt að fá fólk í þjónustustörf.

Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Sports Direct, segir að ástandið hafi aldrei verið eins slæmt og núna við að reyna að fá starfsfólk. Lítið af umsóknum berist þegar þeir auglýsi eftir starfsfólki. Hann segist jafnframt vita að þetta ástand sé ekki einstakt hjá honum heldur í þjónustustörfum almennt. „Okkur vantar fólk í fullt starf og hlutastarf, það virðist ekki breyta neinu hvort maður auglýsir. Það er enn þá mælanlegt atvinnuleysi og það er það sem kemur mér svo á óvart,“ segir Sigurður.

Sigurður gerir ekki kröfu um fyrri reyningu og oft er það ungt fólk sem vinnur þessi störf. Spurður um hvernig hann ætli að reyna að manna störfin segist hann ætla að halda áfram að auglýsa og reyna að vera samkeppnishæfari miðað við aðra atvinnurekendur. Hins vegar hefur ein lausn hans á vandamálinu einfaldlega verið að flytja starfskrafta inn. Í síðustu viku hafði Sigurður þurft rúmlega 300 aukavinnustundir til að standa undir lágmarksþjónustu. „Það er talað um að 171 vinnustund sé full vinna á mánuði, það vantaði því nærri tvær mánaðarstöður hjá mér á einni viku!“ Í næstu viku ætlar hann því að fá fjóra Breta til að hjálpa sér. Hann er í samstarfi við erlenda keðju og segir að þar hafi verið rætt um að fá fólk frá þeim til starfa. Það er nú komið í einhverja vinnslu. Sigurður segist hafa áhyggjur af áhrifum af þessu til fram-



Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson og Stefán Melsteð hafa báðir fundið fyrir því að erfitt sé að fá fólk í þjónustustörf. Fréttablaðið/GVA

tíðar. „Það hefur gengið vel hjá versunareigendum í sumar. Ef á að halda áfram að byggja á því þá verðum við að hafa eitthvert fólk til að sinna þessum störfum til að halda áfram þessum uppgangi,“ segir Sigurður.

Stefán Melsteð, annar eigandi Snaps, tekur undir með Sigurði. Hann segir veitingastaðinn standa mjög vel í grunninn en erfitt sé að finna fólk í hlutastarf á haustin þegar skólinn byrjar og margir starfsmenn hætta. „Við auglýsum þokkalega og það kemur ekki mikið inn af umsóknum.

Sérstaklega ef við auglýsum eftir reynslumiklu fólki þá kemur ekkert,“ segir Stefán. Hann telur þó að ástæða þess að svo fáir reynslumiklir finnist í störfun sé einnig sú að það séu svo fáir lærdir þjónar. „Nú er verið að tala um að byggja upp ferðaþjónustuna, þar með talið fleiri hótél og fleiri veitingastaði. Ég hef áhyggjur af því hvernig eigi að fá mannskap í það,“ segir Stefán. Stefán segir að það geti verið fyrirtækinu erfitt að flestir umsækjendur séu ungir krakkar, oft menntaskólanemar, sem þarf að þjálf.

Svo stoppar það stutt í vinnunni, hefur ekki áhuga á framtíðarstarfi, eða er að vinna við þjónustustörf í eins konar millibils ástandi. Auðvitað kostar þetta fyrirtækið alveg svakalega mikið. Snaps hefur ráðið eitthvað af erlendu fólki til sín til að sporna við þessu, hins vegar gera þeir meiri kröfur til þess að þjónar séu íslenskumælandi eftir fremsta megni þegar kemur að þjónustunni frammi í sal, nema í þeim tilvikum þar sem mikið reyningu er að baki.

saeunn@frettabladid.is

Handtaka ósamvinnuþýða flóttamenn

UNGVERJALAND Flóttamenn sem sýna ungerskum yfirvöldum ekki fullan samstarfsvilja mega eiga von á því að verða handteknir frá og með næstu viku. Frá þessu greindi forsætisráðherra landsins, Viktor Orbán, í gær.

„Þegar maður tekur mið af því að við berjumst við uppreisn flóttamanna sem koma ólöglega inn í landið hefur lögregla staðið sig merkilega vel og tekið á vandanum án þess að beita valdi,“ sagði hann.

Yfirlýsing Orbán kom í kjölfar birtingar myndbands sem austurrískur sjálfboðaliði tók í flóttamannabúðum í ungerska bænum Röszke, en þangað koma þúsundir flóttamanna á degi hverjum. Myndbandið sýnir æstan hóp flóttamanna innan girðingar að slást um poka með samlokum sem grímklaðdir, vígbúnir lögreglumenn köstuðu inn fyrir girðinguna.

Lögregla í Ungverjalandi segir rannsókn hafna á málinu. Í yfirlýsingu Human Rights Watch eru aðstæður í flóttamannabúðunum í Röszke sagðar ólíðandi. -þea



Viktor Orbán, forsætisráðherra Ungverjalands, fyrirskipar handtökur flóttamanna. NordicPhotos/AFP

ÚRVAL ÚTSÝN

VINSALT HÓTEL

TENERIFE 20. - 28.NÓV

HOTEL GALA ****

Verð frá **118.500 KR.**
á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn
tvíbýli með **hálfu fæði**

FARASTJÓRARNIR
JÓI OG FJALAR
TAKA VEL Á
MÓTI YKKUR

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is



RENAULT
Passion for life

Renault MEGANE

DÍSIL SJÁLFSKIPTUR 4,2 l/100 km*



RENAULT MEGANE LIMITED, ÍSLANDSMETHAFI Í SPARAKSTRI, HLAÐINN BÚNAÐI

Renault var þriðji mest keypti bíllinn á Íslandi 2014.** Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla með einstaklega hagkvæmri dual-clutch sjálfskiptingu. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault.

Verð frá: 3.540.000 kr.

RENAULT MEGANE LIMITED

Dísil, beinskiptur, 3,5 l/100 km / Dísil, sjálfskiptur, 4,2 l/100 km*

Innifalið í verði: 17" álfelgur / lyklalaust aðgengi / skyggðar rúður
tölvustýrð tveggja svæða loftkæling / limited innrétting og aðfellanlegir speglar.

**Miðað við almenna sölu til einstaklinga og fyrirtækja án bílaleiga árið 2014



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



25 sveitarfélög segjast tilbúin að taka á móti flóttafólki

HJÁLPARSTARF Ráðherranefnd um málefni flóttafólks og innflytjenda kom saman fyrir ríkisstjórnarfund í gær.

Alls hafa 25 sveitarfélög tilkynnt velferðarráðuneytinu að þau séu reiðubúin að taka á móti flóttafólki á komandi misserum.

Eygló Harðardóttir velferðarráðherra sagði eftir fundinn að hann hefði verið árangursríkur og unnið væri að stefnumótun um móttöku flóttafólks í samráði við alþjóðastofnanir og erlend ríki.

Hún lagði hins vegar áherslu á það að Ísland tæki sjálft ákvörðun um þann fjölda flóttamanna sem til landsins kæmi.

„Nú er vinnan hafin hjá okkur og ég áætla að við munum funda stift næstu daga og vikur í þessu máli,“ segir hún og bætir við að nefndin hafi farið yfir marga fleti og komi í ferlinu sjálfu til með að skoða vandlega viðkvæma hópa, svo sem börn og tánínga.

Fimm ráðherrar eiga sæti í nefndinni auk sérfræðinga sem munu halda utan um málin fyrir hönd Íslands.

Eygló segir það ánægjuefni hversu mörg sveitarfélög hafi gefið ráðuneytinu jákvætt svar við móttöku flóttafólks.

„Það vissulega sýnir hversu mikil jákvæðni er fyrir móttöku flóttafólks og það er gleðiefni að sveitarfélögin eru 25 talsins.“

-SA

Styðja sjálfstæði Katalóníu



Þúsundir komu saman til að sýna kröfunni um sjálfstæði sjálfstjórnarhéraðsins Katalóníu stuðning í Barcelóna á Spáni í gær. Þá var fagnað Diada-deginum, þjóðhátíðardegi Katalóníu. Fáninn hér að ofan er fáni héraðsins, en í því býr um sjö og hálf milljón manna. Fréttablaðið/EPA

Tíu ára reynslu hafnað vegna aldurs

Lögfræðingur ASÍ segir Ícelandair þurfa að svara því hvers vegna félagið setji tiltekin aldursmörk við ráðningu flugfreyja. Aldurstenging krefjist talsverðrar réttlættingar. Bein og óbein mismunur vegna aldurs er brot á ákvæði stjórnarskrár.

KJARAMÁL Fertugri konu sem hefur starfað sem fluglíði í meira en áratug hjá Ícelandair var sýnað um vinnu vegna aldurs. Ícelandair ræður ekki fluglíða fædda fyrir árið 1980.

Konan segist hafa starfað hjá félaginu áður og ákveðið að sækja um þrátt fyrir að í auglýsingu hafi verið óskað eftir starfsfólki yngra en 35 ára. Hún segist hafa talið reynslu sína góða og kom á óvart að vera sýnað um vinnu. Konan segir að sér finnst viðhorf Ícelandair skritið og talar um „hreinna og klára mismunur“.

Guðjón Arngrímsson, upplýsinga- fulltrúi Ícelandair, segir grunnástæðuna litla veltu starfsmanna. „Við erum að reyna að jafna aldursdreifinguna í hópnum. Það hætta fáir sem byrja og þetta er orðinn ansi stór hópur. Við viljum hafa aldursdreifinguna jafnari en hún er og þetta er leið sem við höfum farið með góðum árangri.“

Guðjón hafnar því að með þessu

mismuni Ícelandair starfsfólki eftir aldri og brjóti jafnræðisreglu, en hún kveður á um að óheimilt sé að mismuna fólki á grundvelli tiltekinna eiginleika, svo sem aldurs. „Nei, ég tel ekki svo vera, þetta er bara aðferð sem við notum til að jafna aldurinn.“

Í svari Ícelandair til konunnar er bent á að umsókn hennar uppfylli ekki þann aldursramma sem getið hafi verið um í auglýsingu. „Þú ert þar af leiðandi ekki í hópi þeirra sem gefst kostur á ráðningu í ofangreint starf,“ segir þar, um leið og henni er þakkaður áhuginn og óskað allra heilla um ókomna tíð. Undir ritar starfsmannasvið Ícelandair.

Engin svör hafa borist frá Flugfreyjufélagi Íslands þrátt fyrir fyrirspurn. Formaður félagsins, Sigrún Jónsdóttir, er í frii erlendis og stjórn félagsins gefur ekki kost á svörum í fjarveru hennar.

FFÍ er eitt af sjö stéttarfélögum sem eiga beina aðild að Alþýðusambandinu. Magnús Nordal, lögfræðingur ASÍ,

Við erum að reyna að jafna aldursdreifinguna í hópnum. Það hætta fáir sem byrja og þetta er orðinn ansi stór hópur. Við viljum hafa aldursdreifinguna jafnari en hún er.

Guðjón Arngrímsson, upplýsinga- fulltrúi Ícelandair



segir sambandið hafa barist fyrir lögleiðingu tilskipana ESB um bann við mismunur í fimmtán ár.

„Ísland hefur ekki innleitt tilskipanir ESB um bann við mismunur númer 43 og 78/2000. Allar ríkisstjórnir eftir það hafa gefið fyrirheit þar að lútandi

en ekki lokið verkinu. Það er þó svo langt komið að nokkuð er um liðið síðan lagafrumvörp lágu fyrir. Þau hafa hins vegar ekki verið lögð fram. Vonandi gerir nýr ráðherra það en ekkert á að vera henni til fyrirstöðu hvað það snertir.“ Hvað sem nýrri lagasetningu liður segir Magnús álit ASÍ að bein og óbein mismunur á grundvelli aldurs geti talist brjóta ákvæði 65. greinar stjórnarskrár.

„Ícelandair verður að svara því hvers vegna þeir setja tiltekin aldursmörk við ráðningu flugfreyja og flugþjóna. Þeim kann að vera það heimilt ef færð eru fyrir því málefnaleg rök sem helgist af lögmaetu markmiði en það er dómstóla að lokum að meta hvort svo sé.“

Magnús segir að samkvæmt svari Ícelandair til konunnar sé einungis vísað til auglýsts aldursramma. „Að jafnaði þarfnast bein aldurstenging talsverðrar réttlættingar.“

kristjanabjorg@frettabladid.is



Í stétt flugfreyja hefur áður verið tekist á um aldur. Aldurstakmarkanir voru við lýði í faginu allt til ársins 1973. Þá voru felldar niður aldurstakmarkanir í samningum við Loftleiðir og þá gat fyrsta kynslóð flugfreyja og flugþjóna gert starfið að ævistarfi. Mynd/Stöð 2

LYFJA
- Lifið heil

15% afsláttur

Gildir til 30. september 2015

Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmi

15% afsláttur af öllum bragðtegundum af Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmi í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg



Freshmint



Classic



Whitement



Fruitmint

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju



LANDSINS MESTA ÚRVAL

fyrir heilsuna



Lýsi vítamín

LÝSI er leiðandi á heimsvísu á sviði rannsókna, vöruþróunar, framleiðslu og sölu á fiskiolíum.



Ný bragðtegund

Gott verð
2.899 kr/stk

Amino Energy

Ný tegund hefur bæst við fjölskylduna, bláberja.

Nýtt í Hagkaup



Gott verð
399 kr/stk

QUEST prótein snakk

Ekta kartöfluflogur, 21g prótein, aðeins 5g kolvetni og engin fita. Brakandi og samviskulaust Quest!

Nýtt í Hagkaup



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

ISOPURE prótein

Enginn sykur, Engin kolvetni. Hentar þeim sem hafa mjólkuróþol



BCAA Amino Gro 306 GR gefur þér aukna orku við æfingar og kemur í veg fyrir vöðvaniðurbrot.

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

USN

CLA & RASPBERRY KETONE EXTRACT sykurlaust og án örvandi efna. Eykur brennslu, nýtir fitubirgðir sem orku, styður við vöðvauppbyggingu, minnkar fituupptöku og sykurlöngun. COLLAGEN & CLA styður við heilbrigða húð og liði ásamt því að auka brennslu.



Gott verð
329 kr/stk

Froosh ávaxtasmoothie

Margar bragðtegundir.



Gott verð
999 kr/stk

Turmeric drykkurinn

Með kókosbragði

Túrmerikrótin hefur verið notuð öldum saman til að vinna á ýmis konar kvillum eijns og bólgum, gigt, meltingarvandamálum, ofnæmi og jafnvel blóðsjúkdómum. Túrmerikrótin hefur verið nefnd sem ein heilsusamlegasta fæða heims.

TILBOÐ
1.299 kr/stk
v.á. 2.199



TILBOÐ
3.999 kr/stk
v.á. 4.499

Hydroxycut

Drops, Fat Burner.

MIKIÐ ÚRVAL AF VÍTAMÍNUM Á 20% AFSLÆTTI

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa





Krani hrundi á helgustu mosku múslima í Mekka í gær. NordicPhotos/Getty

87 létust er krani hrundi

SÁDI-ARABÍA Byggingarkrani hrundi á moskuna Masjíd al-Haram í helgustu borg múslima, Mekka, í Sádi-Arabíu í gærkvöldi en moskan var reist í kringum steinbygginguna Kaba sem er helgasti staður íslams. Slysíð var mannskætt og létust 87 hið minnsta. Þá eru einnig fleiri en 180 slasaðir. Frá þessu greinir innanríkisráðuneyti Sádi-Arabíu á Twitter-síðu sinni.

Undanfarið hafa yfirvöld á svæðinu verið að undirbúa moskuna fyrir komu margra milljóna pílagríma sem halda í pílagrímsförina er kallast hajj. Í þá pílagrímsför verða allir múslimar að fara einu sinni á ævinni að minnsta kosti.

BBC greinir frá því að kraninn hafi líklega hrundi vegna mikilla vinda, en stormar hafa geisad á Arabíuskaga undanfarna viku. – þea



Ú
ÚRVAL ÚTSÝN

ÆVINTÝRALANDIÐ TAÍLAND 1.-16. NÓV.

Fjölbreytt og skemmtileg ferð til Taílands. Höfuðborgin Bangkok, náttúruperlur í fjöllum norðursins og hvíld við tærar strendur Hua Hin í lokin. Fararstjóri er Bjarni Hinriksson.

VERÐ FRÁ
498.000 KR.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

Píanóskóli
Þorsteins Gauta

Ármúli 38, 108 Reykjavík s: 5516751
pianoskoli@gmail.com s: 6916980
pianoskolinn.is

Innritun stendur yfir
fyrir skólaárið
2015-2016.

Börn, unglingar og fullorðnir.

Byrjendur velkomnir sem og lengra komnir.

Vinsælu hljómborðsnámskeiðin að hefjast.

Einkatímar.



Hafnarfjarðarbær hefur sparað 792 milljónir í fjárhagsaðstoð síðastliðið ár. Fréttablaðið/Daniel

Bjóða vinnufærum starf í stað aðstoðar

Tæplega fjörutíu prósent færri þiggja fjárhagsaðstoð í Hafnarfjarðarbæ eftir að aðstoðin varð skilyrt. Nýtt vinnulag hefur sparað yfir 70 milljónir króna.

VELFERÐARMÁL Hafnarfjarðarbær hefur sparað 72,5 milljónir króna á milli ára vegna nýs vinnulags og vinnubragða við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélaginu.

Björk Vilhelmsdóttir sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að skilyrða þyrfti fjárhagsaðstoð í Reykjavíkurborg og játaði spurningu blaðamanns um hvort það væri aumingjavæðing í félagslega kerfinu. Hún sagði að borgin þyrfti að líta til sveitarfélaga eins og Hafnarfjarðar þar sem góður árangur hefur náðst með slíku átaki.


Í apríl í fyrra hófst verkefnið Áfram í Hafnarfirði sem felst í stuðningi til virkni í stað fjárhagsaðstoðar. Einkastaklingi sem biður um fjárhagsaðstoð er þannig boðið starf í staðinn, ef hann er vinnufær.

Umfang fjárhagsaðstoðar Hafnarfjarðarbæjar margfaldaðist á árunum 2007-2013 eins og í öðrum sveitarfélögum. Síðastliðna sextán mánuði hefur dregið mjög úr aðstoðinni. Ef bornir eru saman fyrstu sex mánuðir ársins í ár og í fyrra fá um 36 prósent færri fjárhagsaðstoð. Til samanburðar fækkaði notendum fjárhagsaðstoðar í Reykjavík um fjögur prósent á milli ára.

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, segir það skipta sköpum að bæjaryfirvöld hafi staðið að baki verkefninu.

„Félagsráðgjafarnir sem vinna í málaflokknum komu með hugmyndirnar og fengu svo stuðning bæjaryfirvalda sem bjuggu til hundrað fjölbreytt störf. Einnig fengum við atvinnurekendur í lið með okkur og fengu þeir borgaða fjárhagsaðstoðina í stað þess að ráða fólk í störf. Það er hvati fyrir fólk að taka starfinu því launin eru hærrí en sem nemur fjárhagsaðstoðinni.“ erlabjorg@frettabladid.is

/// Fjöldi sem fær fjárhagsaðstoð frá Hafnarfjarðarbæ



Aumingjavæðing ógeðfellt hugtak

„Mér finnst aumingjavæðing ákaflega ógeðfellt hugtak,“ sagði Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis og flokkssystir Bjarkar Vilhelmsdóttur, þegar Fréttablaðið bar orð Bjarkar undir Sigríði. „Að nota aumingjavæðing jafngildir því að einstaklingsvæða þann vanda sem óheft markaðshyggja hefur kallað yfir okkar samfélag,“ sagði Sigríður Ingibjörg. Ekki náðist tal af Degi B. Eggertssyni borgarstjóra en í vikulegum tölvupósti sínum skrifaði hann að Björk ætti langan og farsælan feril að baki. Hennar yrði sárt saknað. Hann mælti með að fólk læsi viðtalið við hana í Fréttablaðinu.

Áslaug Friðriksdóttir segir að sér komi orð Bjarkar ekki á óvart. „Ég er búin að benda á þetta í mörg ár, það er alltof mikið af vinnufæru fólki á fjárhagsaðstoð og gríðarlegur slaki hefur verið gagnvart aðstoðinni. Reykviskar fjölskyldur borga um 440% meira en fjölskyldur á Akureyri vegna fjárhagsaðstoðar,“ segir Áslaug. Hún segir svör meirihlutans lengi hafa verið að þetta væru eðlileg áhrif bankahrunsins og það væri ekki val fólks að vera á bótum. „Ég held að öllum sé ljóst nú að svo er ekki. Stefna meirihlutans hefur viðhaldið þessum vanda. Nú blasir við rúmlega 3 milljarða kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar á næsta ári sem hefur nánast ekkert dregist saman frá hrúni þrátt fyrir gjörbreytt atvinnuástand.“

Nýr leiðtogi Verkamannaflokksins

BRETLAND Nýr leiðtogi Verkamannaflokks Bretlands verður kynntur í dag en kosningum lauk á fimmtudaginn. Kosningarnar hófust þann 14. ágúst síðastliðinn en boðað var til formannskjörs í kjölfar afsagnar Eds Miliband.

Miliband sagði af sér eftir að hafa beðið ósigur í þingkosningum í maí, en þá hlaut íhaldsflokkurinn hreinan meirihluta á breska þinginu.



Jeremy Corbyn

Ef marka má skoðanakannanir er nær öruggt að Jeremy Corbyn muni standa uppi sem sigurvegari, en í nýj-

ustu könnunum hefur hann mælt með um fjörutíu prósentu fylgi, helmingi meira en næsti frambjóðandi á eftir.

Corbyn hefur setið á breska þinginu frá 1983 og er lengst til vinstri af þeim sem í frambóði eru og hafa skóðanir hans orðið til þess að nokkrir úr röðum flokksins hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að hann muni gera flokkinn óstjórnætan í augum almennings. – þea

Nú fáanlegur **sjálfskiptur** með
margverðlaunuðu EcoBoost vélinni
frá aðeins **3.390.000 kr.**



NÝR FORD FOCUS

Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins í heiminum 3 ár í röð. Einnig fáanlegur station frá 3.350.000 kr.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus – mest selda bíl heims. Komdu og prófaðu.

FORD FOCUS

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.190.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **3.390.000** KR.



ford.is

20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO₂ losun 108/125 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



KLÍNÍKIN ÁRMÚLA

Hef flutt læknastofu mína í Klíníkina, Ármúla 9 (var áður í Lífsteini, Álfamýri)


Sérgrein: Kvensjúkdómar og fæðingahjálp

Tímappantánir virka daga kl. 8-16 í s: 519 7000

Ragnhildur Magnúsdóttir
kvensjúkdóma og fæðingalæknir

Klíníkin Ármúla · Ármúla 9 · 108 Reykjavík · Íceland · www.klinikin.is

Dagbók kennarans
starfsárið 20__ til 20__



Helstu þættir eru vikuskipulag, mánaðarskipulag og mætingarlistar o.fl.

Prentuð í stærð A4 þannig að allir ættu að geta skrifað bæði stórt og smátt.

Erum á Facebook og einnig með vefverslun.

Fleiri upplýsingar á www.TilTaks.is



BENTU Á ÞANN...

TILNEFNINGAR ÓSKAST!

Hvatningarverðlaun ÖBÍ verða veitt 3. desember n.k. þeim sem hafa stuðlaða að jafnrétti, sjálfstæðu lífi fatlaðra og einu samfélagi fyrir alla.

Verðlaun eru veitt í flokki:

1. Einstaklinga
2. Fyrirtækja/stofnana
3. Umfjöllunar/kynningar

Þekkir þú einhvern sem er verðugur verðlaunahafi?

Sendu okkur tilnefningu fyrir 15. september n.k. á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á www.obi.is

ÖBÍ Undirbúningsnefnd Hvatningarverðlauna ÖBÍ 2015



ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

1817 365.is



Ungur sýrlenskur drengur gengur fram hjá ruslahaug í flóttamannabúðum fyrir Sýrlendinga í suðurhluta Líbanons. Í slíkum búðum sér fólk enga framtíð. NordicPhotos/AFP

Aðstæður flóttafólks eru ómannúðlegar

Fjöldi sýrlenskra flóttamanna vill frekar snúa aftur til Sýrlands en búa við hrika- legar aðstæður í flóttamannabúðum í Líbanon og Jórdaníu. Efnavopnaárásur er beitt í Sýrlandi. Talsmaður Sameinuðu þjóðanna segir flóttamenn þurfa að hafa náð botninum til að ihuga að snúa aftur.

SÝRLAND Mikill fjöldi Sýrlendinga, sem flúði sprengingar og efnavopna- árásir í heimalandi sínu, býr nú við litlu skárrí líffskilyrði í Jórdaníu og Líbanon. Talsmaður Sameinuðu þjóðanna varaði í gær við því að flóttamennirnir ihugi nú að snúa aftur til síns stríðshráða heimalands þar sem þeir sjái enga framtíð í Jórdaníu og Líbanon.

Þeir flóttamenn sem þar eru þurfa margir hverjir að lifa á andvirði um fimmtíu króna á dag og eiga margir hverjir ekki þak yfir höfuðið.

Fréttastofa The Guardian greinir frá því að sjálfbodaliðar segi mörg dæmi um ung börn sem labba um göturnar og reyna að selja blóm eða pússa skó til að bæta hag fjölskyldu sinnar. Börnin eru svo áreitt af ölvuðu fólki á götum úti á næturnar þar sem þau þurfa oft að sofa.

„Flóttamenn hér segja okkur að þeir vilji frekar fara heim til Sýrlands, í miðja borgarastyrjöld. Fólk þarf að hafa náð botninum að öllu leyti til að taka slíka ákvörðun,“ sagði Dina El-

Kassaby, talskona Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna.

Melissa Fleming, talskona Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, segir slæma stöðu í nágrennaríkjunum helstu ástæðu fyrir því að æ fleiri Sýrlendingar flýi til Evrópu. „Á meðan ekki fæst fjármagn til að styrkja innviði þessara landa mun fólk halda áfram að flykkjast til Evrópu.“

BBC birti í gær myndband sem sýnir fórnarlömb efnavopnaárása. Myndbandið dregur upp óhugnanlega mynd af lífinu í Sýrlandi, sem hópar flóttamanna í Líbanon og Jórdaníu telja þó skárra en lífið í nágrennaríkjunum.

„Það er virkilega sársaukafullt að horfa á myndbandið. Foreldrar bera föla, blauta og hreyfingarlausu líkama barna sinna inn á spítala á meðan lækna reyna að bjarga lífi þeirra. Menn kúgast og æla á meðan amma barnanna liggur friðsæl á bekk, látin,“ segir í lýsingu BBC á myndbandinu, sem var tekið upp í kjölfar efnavopnaárásar.

Foreldrar bera föla, blauta og hreyfingarlausu líkama barna sinna inn á spítala á meðan lækna reyna að bjarga lífi þeirra. Menn kúgast og æla á meðan amma barnanna liggur friðsæl á bekk, látin.

Lýsing BBC á myndbandi frá Sýrlandi sem er tekið í kjölfar efnavopnaárásar.

Fréttastofa BBC hefur eftir heimildarmanni sínum, efnavopnasérfræðingi, að allt bendi til þess að sinnepsgas hafi verið notað í árásum Íslamska ríkisins.

Þá hefur herlið ríkisstjórnar Bashars al-Assads einnig verið sakað um að hafa beitt efnavopnum sem innihalda klór. thorgny@frettabladid.is

Spyr um aukagjöld presta og samviskufrelsi

ALÞINGI Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, hefur lagt fram fyrirspurn til innanríkisráðherra um aukagreiðslur presta.

Steinunn spyr um þróun aukagreiðslna yfir síðastliðin tíu ár, upphæð þeirra og sundurliðun eftir prófastsdæmum.

Þá spyr hún hvort ráðuneytinu sé kunnugt um að prestar hafi ekki farið eftir reglugerðum um aukagreiðslur og hvort misbrestir hafi orðið.

Þá hefur hún einnig lagt fram fyrirspurn til innanríkisráðherra um það hvort reglur um samviskufrelsi presta sé til staðar innan þjóðkirkjunnar. Þá spyr hún hvort þjóðkirkjuprestar hafi mismunað fólki á grundvelli kynhneigðar. – srs

Vilja liðka fyrir starfslokum

ALÞINGI Vigdís Hauksdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson hafa lagt fram frumvarp um breytingar á stjórnsýslulögum á þá leið að forstöðumönnum opinberra stofnana sé gert auðveldara að segja upp ríkisstarfsmönnum.

„Þetta er raunverulega lagt fram til þess að lög um opinbera starfsmenn fái þá virkni sem þeim er ætlað. Hafa ber í huga að við erum ekki á nokkurn hátt að breyta lögum um opinbera starfsmenn, aðeins stjórnsýslulögum,“ segir Vigdís.

„Eins og staðan er núna er nánast útilokað að segja upp fólki því þá vakna allar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga og það ferli getur tekið allt að tvö ár.“

Vigdís bendir á að mikill munur sé á almennum vinnumarkaði og þeim opinbera þegar kemur að starfslokum.

Eins og staðan er núna er nánast útilokað að segja upp fólki því þá vakna allar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga og það ferli getur tekið allt að tvö ár.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokks og formaður fjárlaganefndar



„Það er stórkostlegur munur. Á almennum vinnumarkaði er hægt að segja þér upp samdægurs án ástæðna. Við erum í raun að færa reksturinn nær almennum vinnumarkaði,“ segir Vigdís. – sa

Golf Metan
+100.000 kr.



UPPFÆRSLUBÓNUS VOLKSWAGEN



Touareg
+285.000 kr.



Passat
+150.000 kr.



Tiguan
+190.000 kr.



Up!
+65.000 kr.



Polo
+80.000 kr.



Golf Sportsvan
+125.000 kr.



Golf Variant
+120.000 kr.

Bílinn þinn upp í nýjan og við bætum um betur.

Það hefur sjaldan verið eins gaman að endurnýja bílinn. Þegar þú setur bílinn þinn upp í nýjan Volkswagen færðu sérstakan **uppfærslubónus*** sem fer stighækkandi eftir tegund. Notaðu þetta einstaka tækifæri til að fá þér nýjan Volkswagen og setja þann gamla upp í. Við metum hann og bætum um betur.

*Gildir til 31. 12. 2015.



Das Auto.



Allt frá hefndarklámi til banns við pyntingum á forgangslista þingflokka

Þingflokkarnir á Alþingi hafa gefið til kynna hver forgangsmál þeirra á Alþingi eru. Mörg málanna eru endurflutt frá því í fyrra.

Stefán Rafn Sigurbjörnsson
stefanrafn@frettabladid.is
Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Alþingi er komið saman að nýju eftir sumarfrí og þingmenn keppast við að koma hugðarefnum sínum á dagskrá. Fjöldinn allur af málum, bæði frá þingmönnum og ríkisstjórn, mun koma til með að líta dagsins ljós en þeir þingflokkar sem eiga sæti á Alþingi eiga þess kost að setja áherslu á ákveðin mál sem sett eru í forgang og komast á dagskrá þingsins.

„Það er samkomulag um það að allir þingflokkar geti sett þrjú mál í forgang,“ segir Svandís Svavarsdóttir þingflokksformaður Vinstri grænna.

Fréttablaðið hafði samband við þingflokksformenn stjórnsmálaflokkanna til að kanna hvaða mál hefðu verið sett í forgang.

Flokkarnir fá að mæla fyrir málunum í ákveðinni goggunarröð þar sem Samfylkingin er fyrst, síðan Vinstri græn, þá Björt framtíð, Píratar, Framsóknarflokkur og loks Sjálfstæðisflokkur. Til að mynda mun Árni Páll Arnason mæla fyrir fyrsta máli þingsins á eftir fjárlagafrumvarpinu sem er tillaga Samfylkingarinnar um breytingar á almannatryggingakerfinu.

„Þetta er til að tryggja það að þessi mál komist á dagskrá og til nefndar,“ segir Svandís.

Hún segir að eftir að þessi mál séu komin á dagskrá og komist til nefnda þurfi þó að halda þeim á lofti til að þau hljóti endanlega afgreiðslu.

„Það er ekkert í þessu sem tryggir það að málin komist á leiðarenda.“

Mörg þeirra mála sem þingflokkarnir hafa sett í forgang eru mál sem hlutu ekki endanlega afgreiðslu á þingi og eru því endurflutt. Þau mál hafa gjarnan fengið meðferð í nefnd frá fyrra þingi og hafa því hlotið umsagnir sem tryggja málunum auðveldara brautargengi ef þau eru endurflutt.

„Stóru málin hjá okkur eru yfirleitt unnin á vettvangi ríkisstjórnarinnar,“ segir Ásmundur Einar Daðason þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

„Þannig að þingmenn stjórnarflokka leggja kannski frekar áherslu á svona minni og lókal mál,“ segir hann og bendir á að til dæmis séu stærstu forgangsmál Framsóknarflokksins á borð við húsnæðismál innin innan ríkisstjórnarinnar.



Í upphafi þings gefst þingmönnum kostur á að setja ákveðin þingmannamál í forgang á dagskrá Alþingis í vetur. Þó er ekki fullvist að málin hljóti endanlega afgreiðslu.

Fréttablaðið/Pjetur

Þjóðgarður og auðlindagjald

Þingflokkur Vinstri grænna hefur líkt og aðrir þingflokkar lagt fram þrjú áherslumál fyrir komandi þing. Flokkurinn leggur fram í annað sinn þingsályktunartillögu um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, athygli vekur að Samfylkingin hefur lagt fram sambærilega tillögu. Þá hefur þingflokkurinn lagt fram tillögu um stofnun uppbyggingsrjúðs Landspítala, hugmyndin er að auðlindagjöld standi straum af kostnaði við sjóðinn. Að sögn Svandísar Svavarsdóttur kristallar sú hugmynd þann hugmyndafræðilega mun sem er á milli vinstri aflanna í landinu og ríkisstjórnarflokkanna. Þá hafa þingmennirnir lagt fram tillögu um lengingu fæðingarorlofs en sú tillaga er byggð á skýrslu starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi sem samþykkt var í fyrra.



Svandís Svavarsdóttir

Flóttafólk, bóta- og húsnæðiskerfið

Flóttamannamál eru á allra vörum um þessar mundir en þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að Ísland taki að lágmarki á móti 500 flóttamönnum. 22 þingmenn stjórnarandstöðunnar eru meðflutningsmenn að málinu en það eru nær allir stjórnarandstöðupingmennirnir. Þá hefur flokkurinn lagt til að lífeyrisgreiðslur haldi í við lágmarks-laun og tillögu um stuðning við leigjendur.



Helgi Hjörvar

Lífeyrissjóðir, vín í verslun og upplýsingalög

Vilhjálmur Arnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, mun mæla aftur fyrir frumvarpi sínu um að leyfa frjálsa sölu áfengis og er það eitt af forgangsmálum þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Vilhjálmur er meðal annars búinn að tryggja málinu meðflutningsmenn úr fjórum stjórnsmálaflokkum. Þá hefur flokkurinn lagt fram frumvarp sem mun koma til með að auka lýðræði innan lífeyrissjóða auk þess að hafa lagt til breytingar á upplýsingalögum.



Ragnheiður Ríkhardsdóttir

Bann við pyntingum og eftirlit með lögreglu

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, mun endurflytja á mánudaginn þingsályktunartillögu um fullgildingu valfrjálsrar bókonar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum, svokallaðan OPCAT-samning. Birgitta segir að víðtæk sátt sé um málið í nefndum þingsins og er bjartsýn á afgreiðslu þess. Þá munu Píratar einnig tala fyrir tillögu um eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu auk frumvarps til laga um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra.



Birgitta Jónsdóttir

Umboðsmaður aldraðra, virðisaukaskattur og tæknifrjóvganir

Þingmenn Framsóknarflokksins munu á næstunni eiga þess kost að tala fyrir frumvarpi um að fjáröflun íþrótt- og æskulýðsfélaga verði undanþegin virðisaukaskatti. Willum Þór Þórsson, þingmaður flokksins, flutti málið á síðasta þingi en endurflytja málið núna. Þá mun flokkurinn leggja til stofnun embættis umboðsmanns aldraðra auk þess sem þingflokkurinn mun setja frumvarp um tæknifrjóvganir í forgang.



Ásmundur Einar Daðason

Lýðháskólar, Landsvirkjun og bann við hefndarklámi

Þingmenn Bjartrar framtíðar hafa ákveðið að beina sjónum sínum að almennum hegningarlögum en þeir leggja til breytingar á lögum um sem koma á banni við hefndarklámi. Þá leggur þingflokkurinn til þingsályktunartillögu þar sem menntamálaráðherra er falið að kanna kost á að stofna lýðháskóla á Íslandi. Auk fyrrgreindra mála hefur flokkurinn einnig lagt fram frumvarp sem er ætlað að skýra eigendastefnu Landsvirkjunar.



Brynhildur Pétursdóttir

Kúbumenn náða þúsundir fyrir komu páfa

KÚBA Kúbverska ríkisstjórnin náðaði í gær riflega þrjú þúsund og fimm hundruð fanga til að sýna fram á góðvild fyrir heimsókn Frans páfa, sem kemur til landsins í opinbera heimsókn í dag.

Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar á að sleppa fongunum á næstu dögum og verður þeim fongum sem eru af erlendu bergi brotnir sleppt til síns heimlands.

Hópurinn sem náðaður var samanstendur af fongum yfir sextugu, fongum undir tuttugu sem hafa ekki verið sakfelldir fyrir fleiri en eitt brot, fongum sem hafa hegðað sér vel í fangelsi, kvenfongum og þeim sem eiga við heilbrigðisvandamál að stríða.

Sams konar fjöldanáðun var einnig undirrituð í síðustu tvö skipti sem ríkjandi páfi heimsótti Kúbu. Þó hafa fleiri ekki verið náðaðir í einu frá árinu 1959, þegar Fidel Castro tók völdin á Kúbu. – þea



Kúbumenn sleppa 3.522 fongum til að fagna komu Frans páfa. Nordichphotos/AFP

Vítamíndagar

20% afsláttur af öllum vítamínum

Lyf & heilsa

Við hlustum!

Farmasía er nýtt apótek í Suðurverri.



25%

afsláttur af öllum
Nicotinell vörum
út september.

Mán. til fös. Lau. Sun.
Opið: 08 - 20 10 - 18 13 - 18



Dirty Works

20% kynningarafsláttur út september.

Fágaðar og skemmtilegar vörur til þess að lífga upp á daglegt dekur.

Good Things
Argan
Cleansing
Oil

1.116 kr.
~~1.395 kr.~~

Good Things
Argan
Facial
Oil

1.196 kr.
~~1.495 kr.~~

Good Things
Argan
Serum

1.276 kr.
~~1.495 kr.~~

Good Things
Argan
Day
Cream

1.516 kr.
~~1.895 kr.~~

Super
Facialist
Rose
Miracle
Makeover
Facial Oil

1.196 kr.
~~1.495 kr.~~

Super
Facialist
Rose
Calming
Creamy
Cleanser

1.196 kr.
~~1.495 kr.~~

Super
Facialist
Rose
Brighten &
Refine
Facial Scrub

1.196 kr.
~~1.495 kr.~~

Super
Facialist
Rose
Radiance
Day Cream
SPF15

1.756 kr.
~~2.195 kr.~~

Super
Facialist
Rose
Hydrate
Peaceful
Skin
Night
Cream

2.156 kr.
~~2.695 kr.~~



Good Things

20% kynningarafsláttur út september.


Innihalda engin paraben, súlföt né genabreytt efni.
Margar vörur hæfar fyrir Vegan og Vegitarian.



Super Facialist by Una Brennan

20% kynningarafsláttur út september.

Una Brennan er einn virtasti snyrtifræðingur Breta.
Breið lína sem sameinar náttúruleg, virk og ilmandi
innihaldsefni sem stuðla að heilbrigðu útliti.



FARMASÍA

Farmasía
Suðurverri, 105 Reykjavík.
Sími 511 0200

www.facebook.com/farmasiaapotek



GLOBE

Þægilegur heimilisvinur með tauáklæði, stillanlegu baki, hnakkapúða og snúningsfæti. Fáanlegur í mörgum litum.
Stærð: 76 x 70 x 113 cm

Stóll
274.990 kr.
Skemill
64.990 kr.
Stóll og skemill
269.980 kr.
~~339.980 kr.~~

CONFORM



KENYA

Hægindastóll. Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Stærð: B:69 D:70 H:86 cm

39.990 kr. ~~49.990 kr.~~



KARETTA

Einstaklega skemmtilega hannaður stóll úr gegnheilli viðargrind. Bæði þægilegur og skemmtilegur.
Stærð: 70 x 82 x 82 cm

109.990 kr. ~~134.990 kr.~~



GYRO

Nettur og þægilegur á snúningsfæti. Fæst í ótal útfærslum.
Stærð: 66 x 66 x 88 cm

129.990 kr. ~~169.990 kr.~~

JOY

Fantasy leður, svart, rautt eða ljóst.
Stærð: 66 x 81 x 103 cm

Stóll
239.990 kr.
Skemill
79.990 kr.

Stóll og skemill
259.990 kr. ~~319.980 kr.~~



1. Broste kerti með gylltum röndum, 20 cm. **1.790 kr.** 2. Broste loftljós Phil **24.990 kr.** 3. Broste Bubble rauðvinsglas **2.490 kr.** 4. Kähler kertahús (margar stærðir) **6.490 kr.** 5. Broste vasi Karson, hæð 20 cm. **7.990 kr.** 6. Speedtsberg kertaglas **1.790 kr.**

ROMANCE

2,5 sæta sófi.
Dökkgrár.
Viðarfætur.
Stærð:
170 x 82 x 87 cm



139.990 kr.
~~179.990 kr.~~

KAMMA

Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Dökk-, ljósgrátt eða brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð:
201 x 84 x 105 cm



89.990 kr. Afmælisverð



STOCKHOLM

Borðstofuskenkur úr spónlagðri eik.
Stærð: 180 x 44 x 85 cm.

209.990 kr.

~~269.990 kr.~~

STOCKHOLM

Bekkur úr spónlagðri eik.
Stærð: 170 x 38 x 46 cm.

54.990 kr.

~~69.990 kr.~~

STOCKHOLM

Borðstofuborð úr spónlagðri eik.
Stærð: 210 x 95 x 75 cm.

139.990 kr.

~~179.990 kr.~~

Tvær stækkanir: 95 x 45 cm,
seldar sér.

44.990 kr.

~~54.990 kr.~~

Vertu eins og heima hjá þér

September bæklingurinn kominn út



MARCUS

Þessir eru ómótstæðilegir.
Margir litir.

Þola 110 kg þunga.

5.990 kr.

~~7.990 kr.~~

DENVER

Tveggja og þriggja sæta
sófar. Með brúnu slitsterku
microfiber áklæði.

3ja sæta stærð: 218 x 98 x 88 cm.

2ja sæta stærð: 168 x 98 x 88 cm.

Tveggja sæta

99.990 kr.

~~129.990 kr.~~

Þriggja sæta

129.990 kr.

~~169.990 kr.~~



PINTO

Hornsófi. Slitsterkt áklæði, grátt
eða svart. Hátt bak og situr vel.

Stærð: 260 x 210 x 88 cm.

179.990 kr.

~~199.990 kr.~~



Nýtt blað er komið í dreifingu
<http://www.youblisher.com/p/1212708-Baeklingur-september/>

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

SKOÐUN

Orðaleikir
forsetans

Kristín
Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Margir stytta sér stundir við að ráða í orð forseta lýðveldisins við þingsetninguna í vikunni. Það er samkvæmisleikur sem mörgum sem hafa áhuga á fjórlegum pólitískum fléttum, þykir mergur í: „Þegar ég nú, samkvæmt umboðinu sem þjóðin fól mér, set Alþingi í síðasta sinn,“ sagði Ólafur Ragnar, meistari hins óræða, í ávarpinu.

Þetta hefði alveg eins mátt orða svona: „Ég veit að þú trúir því að þú skiljir það sem þú heldur að ég hafi sagt en ég er ekki viss um að þú áttir þig á að það sem þú heyrðir er ekki það sem ég meinti.“ Öllu er haldið opnu og biða verður áramótaávarpsins, þegar hálf tveggja ár er í kjördag, eftir að fá botn í málið. Ekki lýsir það mikilli tillitssemi.

Það hefur gastað um Bessastaði í forsetatíð Ólafs Ragnars. Hann færði þjóðinni heim sanninn um, að hún er fullfær um að taka ákvarðanir um stór mál í þjóðaratkvæði. Hann breytti Íslandi og lagði grunn að kröfunni um að málskotsrétturinn verði færður kjósendum með skýrum reglum, líkt og ráð er fyrir gert í stjórnarskrárdrögunum, sem þjóðin hefur samþykkt með miklum meirihluta, en forsetinn og þingið hafa hafnað.

Óvíst er að niðurstaðan um þjóðaratkvæði og málskotsrétt hefði orðið eins afgerandi ef nýleg reynsla hefði ekki verið fyrir hendi. Í ljósi reynslunnar treysti fólk sér til að setja þinginu skorður í málum, sem varða mikla hagsmuni. Sennilega verða meginlinur í kvótamálum aldrei lagðar án aðkomu þjóðarinnar. Makrílfrumvarpið, sem ríkisstjórnin guggnaði á að leggja fram í vor, er visbending um það sem koma skal. Ráðherrarnir vissu að þeir yrðu gerðir afturreka með málið.

Andstaða forsetans við að kosið verði um stjórnarskrána samhlíða kjöri forseta er stílbrot. Það stangast á við embættisferil hans. Sjálfur orlagavaldurinn virðist efast um, að treysta megi almenningi til að kjósa um fleiri en einn hlut í einu – stjórnarskrá og forseta.

Það er vanmat, ekki síst vegna þess að mjög uppbyggileg umræða hefur átt sér stað um stjórnlög, þökk sé gjörðum forsetans sjálfs, stjórnlagaráði og undirbúningnum sem átti sér stað áður en ráðið hóf störf.

Ólafur Ragnar er allt öðruvísi forseti en forverar hans. Þau beittu ekki málskotsréttinum. Þau voru sameiningartákn, sem létu einvörðungu að sér kveða í málum sem sameinuðu landsmenn. Ólafur hefur ekki hikað við að blanda sér í umdeild mál. En þjóðin þekkir Ólaf Ragnar og hefur kosið hann fjórum sinnum. Umboð hans hingað til hefur verið skýrt.

Spurningin er hvernig leikurinn sem hófst í þingsetningunni á þriðjudag leggst í þjóðina og hvort aðrir frambjóðendur halda að sér höndum þar til hann verður leiddur til lykta.



Ég veit að þú trúir því að þú skiljir það sem þú heldur að ég hafi sagt en ég er ekki viss um að þú áttir þig á að það sem þú heyrðir er ekki það sem ég meinti.

Gunnar

Mín skoðun Jón Gnarr
Yfirvegaður les maður
Fréttablaðið í miðri sprengingu

Ég hef alla ævina verið að reyna að botna í þessu lífi. Ég hef lesið bækur, horft á heimildarmyndir, rætt við annað fólk og svo auðvitað prófað ýmislegt. Ég hef velt fyrir mér Guði, tilviljunum, andlegum heimum, tilgangi og lögmálum og rytma alheimsins. Ég hef hugsað um heimspeki og siðfræði. Hvað er réttlæti? Ég hef velt fyrir mér listinni og sköpun, kærleika og krafti jákvæðrar hugsunar. Hvað er dauðinn? Ég hef brotið heilann um illskuna og eigingirna og af hverju sumt fólk er gott og gefandi á meðan aðrir virðast bara vilja hirða allt sem þeir geta fengið og helst ekki gefa neitt í staðinn. Ég hef þælt í og leikið mér með persónuleikann og sjálfnið. Hver er ég? Er eitthvað til sem gæti kallast ég eða er einstaklingurinn ég ef til vill samsettur úr mörgum ólíkum sjálfum sem vinna saman? Er til mannsandi? Hvað aðgreinir okkur, ef eitthvað, frá öðrum dýrum og verum jarðarinnar? Hafa kindur sál? Hafa hundar hómur eða kunna kettir að skammast sín? Og af hverju hefur það með kunnáttu að gera? Er munurinn á réttu og röngu ekki meðfæddur eiginleiki heldur einungis lært fag? Hvað er tími? Er eilífið endalaus tími eða ástand án tíma? Hvað er innsæi og hafa konur almennt meira af því en menn? Hvað er frelsi og hvað er ábyrgð og hvernig tengist þetta tvennt?

Margt er þveröfugt við það sem við höldum

Ég hef áttað mig á því að það eru náttúruleg lögmál að verki í heiminum. Jörðin hefur aðdráttarafl og hver ein og einasta hreyfing felur í sér einhverja gagnhreyfingu. Það eru frekar einföld og skýr eðlislögmál að verki sem grundvalla þann raunveruleika sem við skynjum. Ég veit líka að það er ekki endilega allur raunveruleikinn. Ég veit að það eru hlutir í kringum okkur sem við skynjum ekki. Við sjáum ekki alla liti og heyrum ekki öll hljóð. Og það eru aðrar víddir sem við skynjum alls ekki eða jafnvel aðeins að takmörkuðu leyti. Er tíminn til dæmis sjálfstæð vidd? Ég hef áttað mig á því að margt er þveröfugt við það sem við höldum. Ég á það til að fá exem. Ég er með viðkvæma húð eins og margt rauðhætt og bláeygt fólk. Maður gæti í fljótu bragði haldið að það væri vegna þess

að ónæmiskerfið væri laskað eða ekki alveg nógu virkt. En því er þveröfugt farið. Í rauninni er ónæmiskerfi mitt ofvirkt. Það stendur sig svo vel að það veldur mér sjálfum óþægindum. Og er kannski svipað ástatt um margt annað?

Vanlíðan er hugarástand

En það eru líka til aðeins flóknari og alþýðlegri lögmál. Það eru lögmál sem oft eiga sér orðatiltæki og snúa að lífs-háttum og menningu. Þau eru ekki algild en því sem næst. Ef maður borðar of mikið og hreyfir sig lítið verður maður feitur. Flest sem er gott og lætur manni líða vel er minna virði en allt sem er ekki gott og lætur manni líða illa. Það er til dæmis betra að strita í líkamsræktarsal heldur en að liggja uppi í sófa. Vanlíðan er hugarástand. Þeir fiska sem róa. Þeir sem róa ekki fiska ekki heldur og fá þar af leið-



Það sem maður gefur frá sér kemur líklega til manns aftur með einum eða öðrum hætti.

andi ekkert að éta. Og árangur krefst fyrirhafnar og erfðis. Heppni er stórlega ofmetin. Og þveröfugt við það sem við höldum almennt þá eru mistök ekki slæm heldur eðlilegur hluti af árangri. Uppgötvanir og snilldarverk eru oftast ekki eitthvað sem byggir á misskilningi. Og þetta á líka við um samskipti. Það sem maður gefur frá sér kemur líklega til manns aftur með einum eða öðrum hætti. Ófullkomnir er eðlilegur hluti af fullkomleika lífsins og örlög okkar virðast að svo miklu leyti ráðast af tilviljunum. Það er þó ekki algilt. Allt er afstætt. Óeðlileg hegðun er oft aðeins eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Lífið er glundroði. Jörðin snýst um sjálfa sig á 1.765 km hraða á klukkustund á sama tíma og hún snýst á 100.000 km hraða í kringum sólina í sólkerfi sem snýst um vetrarbrautina á 800.000 km hraða á klukkustund. Og þetta er að gerast í alheimi sem þenst út á ógnarhraða og varð líklega til í sprengingu. Þetta er líklega merkilegasta frétt þessarar viku. Takk fyrir að lesa þetta og ég óska þér og þínum góðrar ferðar.

Hjónaafsláttur

Komdu í yoga

Lækkar blóðþrýstinginn
Betri svefn
Áhersla á mjóbak og axlir
Rétt öndun góð slökun

Meðgöngujóga
hefst í
september

<p>Yoga I /stólar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ertu með vefjagigt • Ertu í yfirþyngd • Ertu að ná þér eftir veikindi • Ertu komin á efri árin 	<p>Yoga II</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aukinn liðleiki • Aukinn kraftur • Aukinn styrkur • Aukið jafnvægi 	<p>Yoga III</p> <p>Ertu að æfa en vilt ná lengra með krefjandi yogæfingum</p>
--	---	--

Kennt í Sjúkraþjálfaranum í Hafnarfirði - Sími: 691 0381 - Kristín Björg

Hvar er kirkjan?



Þórir Stephensen
fv. dómkirkjuprestur
og staðarhaldari í
Viðey

Hvar er kirkjan? Þannig spyrja menn í dag. Orsökina er fólksflóttinn frá hinum stríðshrjáðu löndum og hin mikla neyð, sem þetta fólk býr við. Já, hvar er kirkjan? Spurningunni er beint að kirkjunni sem stofnun, hinu píramídalagaða skipulagi frá einstaklingi um söfnuði og sóknar-nefndir, um djákna, sóknarpresta og prófasta, og loks í biskupa og kirkju-þing á toppnum. Þetta er hin opin-bera stofnun. Hún er stundum þung í vöfum og sein til, en þó munar mjög um hana þegar hún tekur sig til og virkjar kerfið, sem ég var að lýsa.

En svo er einnig til önnur kirkja, og hún er í raun aðalmálið.

Skilji ég hlutina rétt, túlkar spurn-ingin ofannefnda ákveðna gagnrýni á kerfiskirkjuna. Menn virðast ekki hafa verið alveg nógu fljótir að átta sig. En ég held, að það komi ekki að sök, af því að hin kirkjan brást rétt við, já, svo yndislega, nánast eins og sjálfsprottið blóm, sem allt í einu springur út, hrifur heiminn með fegurð sinni og vill umvefja lífið í kringum sig öllum þeim kærleik, sem orka þess geymir.

Já, hin kirkjan. Hver er hún? Hvar er hún? Hún er fólkið í landinu, sem hefur notið kristinnar boðunar í þúsund ár og fengið það í merg og bein og ekki sist inn í hugsun sína, að við erum öll bræður og systur, að mannkynið er ein fjölskylda, sem á sama föður, hvort sem við köllum hann Guð, Allah, Jahve eða eitthvað annað. Hver einstaklingur er í raun boðberi, þar sem aðalatriðið er: Mis-kunnsemi þrái ég ... Kerfiskirkjan hefur því miður skipt sér upp í fjölda kirkjudeilda, sem kenna sig við Lúth-er, Róm, hvítasunnu, aðventu og svo margt annað. En aðalatriðið er fólki-ð, sem hefur lært Gullnu regluna: „Allt, sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“

Æðri kraftur sem virkar

Þetta er fólk sem hefur margreynt, að til er æðri kraftur, sem virkar. Það veit, að bænin er aðgangur okkar að honum. Hún þarf ekki alltaf að felast í orðum, hún þarf hins vegar ætíð að byggjast á sterkri hugsun. Fegurst er bænin, þegar hún birtist í verum, sem verða öðrum til góðs, ekki sist ef þau breyta neyð í farsæld. Ef vel á að vera, þarf hver einasta athöfn mannsins að vera bæn um betri heim. Máttur bænarinnar er mikill. Kynslóðirnar væru ekki enn að leita í lindir hennar, ef þær hefðu farið þangað erindisleysu.

Af hverju leita flóttamennirnir til Vesturlanda? Af því að þar er helst hjálp að fá. Vestræn menning hefur um aldir átt í hörpu sinni sterka strengi kristins bróðernis og sam-hjálpar. Það er þó því miður ekki algilt, en strengirnir eru til, þeir eru sterkir og þeir eflast mest þegar samfélagið sér hve miklu þeir geta áorkað til góðs.

Ég þakka Guði fyrir fólkið, fyrir blómin, sem vaxa upp af fræjum, sem forfeðurnir hafa sáð í jarðveg þjóðarsálarinnar og bera nú fræ til framtíðar og fullþroska ávexti sem geta gjörbreytt lífi milljónanna, er eiga allt sitt undir okkur komið, því, hvernig við framkvæmum hinn dýr-mæta boðskap: Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.

Þar sem þetta er iðkað af heilum hug, þar er kirkjan.



Vestræn menning hefur um aldir átt í hörpu sinni sterka strengi kristins bróðernis og samhjalpar. Það er þó því miður ekki algilt, en strengirnir eru til.



Sölusýning í dag frá kl. 10 til 16.

Í dag efnum við til sölusýningar í verslun okkar í Nóatúni 4.

Þar gefst tækifæri til að skoða allt það nýjasta sem við bjóðum, m.a. uppþvottavélar sem fengu hæstu einkunn bæði hjá dönsku og sænsku neytendablöðunum, þvottavélar með sjálfvirkum kerfum, þurrkara með sjálfhreinsandi rakapéttri, hljóðlátasta blandarann frá Bosch og fleira og fleira.

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Veittur verður verulega góður afsláttur.

Látið sjá ykkur og njótið dagsins með okkur. Það verður heitt á könnunni!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

 Hjálparstarf
kirkjunnar

Stjarnan skein skært í fyrsta leik vetrarins



Stjörnusigur Stjarnan vann öruggan sigur, 30-22, á Fylki í fyrsta leik vetrarins í Olís-deild kvenna í handbolta í gærkvöldi. Fréttablaðið/Anton Brink

Nýjast

Olís-deild karla

ÍBV 24-26 Valur
Markahæstir: Theodór Sigurbjörnsson 11/3, Nemanja Malovic 4 - Ómar Ingi Magnússon 8/6, Guðmundur Hólmur Helgason 4
ÍBV var lengst af með undirtökin en Valsmenn stálu sigrinum þökk sé frábærum lokakafla.

Efri hluti	Neðri hluti
Haukar 2	ÍBV 0
Afturelding 2	Akureyri 0
Valur 2	Fram 0
ÍR 2	Grótta 0
FH 2	Vikingur 0

Olís-deild kvenna

Stjarnan 30-22 Fylkir
Markahæstar: Sólveig Lára Kjærnested 12/3, Helena Rut Örvarsdóttir 7 - Patricia Szölösi 10/6, Thea Imani Sturludóttir 6/1
Silfurlíðið frá því í fyrra átti ekki í miklum vandræðum með Árbæinga á heimavelli og vann öruggan sigur.

Ógleymanleg vika að baki, svona getur lífið komið manni á óvart. Takk fyrir stuðninginn, kveðjurnar og minningarnar.

Hlynur Bæringsson
@HlynurB



Pedersen verður áfram

Formaður KKÍ segir að það sé gagnkvæmur vilji til að halda samstarfinu við Craig Pedersen áfram.

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta lauk keppni á Evrópumótinu, Eurobasket, á fimmtudagskvöldið þegar liðið tapaði í framlengingu gegn firmasterku liði Tyrklands.

Næsta Evrópumót fer fram eftir tvö ár og sögn Hannesar S. Jónssonar, formanns KKÍ, ætlar Ísland að vera aftur meðal þátttökubjóða þar. „Menn ætla aftur 2017. Stefnan er sett á það,“ segir Hannes, en hann var nýlentur í Kaupmannahöfn með íslenska liðinu þegar Fréttablaðið heyrði í honum.

„Páll Kolbeinsson, yfirmáður afreksnefndar, hefur sett þetta sem formlegt markmið,“ bætir Hannes við og hlær, en Páll stóð við hliðina á formanninum er hann ræddi við blaðamann.

Takmarkið er samt í fullri alvöru að fara aftur á EM eftir tvö ár, en það verður erfiðara en síðast. Ísland fékk annan séns í annarri umferð undankeppninnar síðast þar sem það vann tvo leiki gegn Bretum. Næst verður enginn annar séns.

„Það verður ekki önnur umferð næst,“ segir Hannes. Þess í stað verður hefðbundin undankeppni með þremur 5-liða riðlum þar sem tvö lið komast beint áfram á Eurobasket 2017.

„Á næsta ári er í síðasta sinn sem riðlarnir eru spilaðir í einum rykk frá ágúst til september. Hvernig undankeppnin verður kemur samt ekki endanlega í ljós fyrr en í desember.“

Craig Pedersen, Kanadamaðurinn sem hefur gert svo góða hluti með

íslenska liðið, fór ekki leynt með það eftir síðasta leikinn á EM að hann vill halda áfram með liðið.

„Sá vilji er gagnkvæmur og menn eru búnir að fara yfir það. Allar líkur eru á að hann verði áfram með liðið. Gengið verður frá því á næstu vikum. Hann þarf aðeins að ganga frá þessu sín megin til að þetta gangi upp en báðir aðilar hafa hug á að starfa saman áfram,“ segir Hannes.

KKÍ fékk engan 1,7 milljarð króna fyrir að fara á Eurobasket eins og KSÍ fær fyrir að fótballtalandsliðið komst á Evrópumótið í Frakklandi. Því fer fjarri því körfuboltasambandið fékk nákvæmlega ekki neitt.

„Við erum mjög óánægð með það og finnst að FIBA eigi að koma betur að þessu á svona stórmótum. Það var komið til móts við okkur varðandi hluta af hótelkostnaðinum en við viljum meira. Það er kominn mikill peningur í gegnum sjónvarpsréttinn og við viljum að liðin njóti góðs af því,“ segir Hannes, en sambandið fékk þó nokkrar milljónir á þessu ári og því síðasta.

„Við fengum 25 þúsund evrur (3,6 milljónir kr.) í afreksstyrk óháð Eurobasket á síðasta ári og aftur núna. Svo fáum við fimm þúsund evrur fyrir hvert yngra landslið sem við sendum á stórmót þannig að í heildina fáum við 45 þúsund evrur í ár (6,5 milljónir kr.) frá FIBA í ár. En það er óháð Eurobasket. -tom

GLÓDÍS FÆRIST NÆR TITLINUM Landsliðskonan Glódís Perla Viggósdóttir og stóllur hennar í Eskilstuna United færast nær sænska meistartitlinum í fótbolta. Í gærkvöldi vann Eskilstuna 0-2 sigur á Hammarby og náði þar með fjögurra stiga forskoti á meistarana í Rosengård þegar fjórnum umferðum er ólokið. Glódís var á sínum stað í vörn Eskilstuna sem hefur haldið hreinu í þremur síðustu leikjum sínum. Glódís er á sínu fyrsta tímabili í atvinnumennsku en hún kom til Eskilstuna frá Stjórnumni fyrir tímabilið og festi sig strax í sessi hjá þessu sterka liði. Landsliðskonan hefur leikið alla 18 deildarleiki Eskilstuna á tímabilinu.

Um helgina

Pepsi-deild kvenna, laugardagur

16.00 Fylkir - KR	Fylkisvöllur
16.00 Selfoss - Þór/KA	JÁVERK-Völlurinn
16.00 Stjarnan - UMFA	Samsung-völlurinn
16.00 Breiðablik - ÍBV	Kópavogsvöllur
16.00 Valur - Þróttur	Laugardalsvöllur

Olís-deild kvenna, laugardagur

13.30 ÍR - Grótta	Austurberg
14.00 Fram - ÍBV	Framhús
15.00 Fjölnir - HK	ÍM Grafarvogi
15.00 Afturelding - Valur	N1-höllin
15.00 FH - KA/Þór	Kaplakriki
16.00 Haukar - Selfoss	Schenker-höllin

Olís-deild karla, sunnudagur

17.00 Akureyri - Valur	KA-heimilið
17.00 Víkingur - Breiðablik	Víkingsvöllur
17.00 Leiknir - Fjölnir	Leiknisvöllur
17.00 IA - KR	Norðrálsvöllurinn
17.00 FH - ÍBV	Kaplakriki
17.00 Valur - Keflavík	Vodafone-völlurinn
17.00 Stjarnan - Fylkir	Samsung-völlurinn

Það helsta á Sporrásunum, laugardagur

11.35 Everton - Chelsea	Sport 2
13.50 Arsenal - Stoke	Sport 2
13.50 C. Palace - Man. City	Sport 3
13.50 Watford - Swansea	Sport 4
16.20 Man. Utd. - Liverpool	Sport 2
18.25 Atlético - Barcelona	Sport
18.40 Juventus - Chievo	Sport 3
Það helsta á Sporrásunum, sunnudagur	
10.25 Verona - Torino	Sport
12.20 Sunderland - Tottenham	Sport 2
15.55 Lazio - Udinese	Sport 3
16.30 FH - ÍBV	Sport/Sport 2
18.40 Inter - AC Milan	Sport 4
20.20 Broncos - Ravens	Sport 3
21.00 Pepsi-mörkin	Sport/Sport 2

EINN STÆRSTI LEIKUR ÁRSINS Í ENSKA BOLTANUM

MAN. UTD.-LIVERPOOL

SPORT 2 Rauðu djöflarnir í **Manchester United** taka á móti erkíjfundunum frá **Liverpool** kl. 16:20 í dag.

Þetta er stórleikur sem þú vilt ekki missa af.

10 ára afmælistónleikar Ljóssins

Í HÁSKÓLABÍÓ MIÐVIKUDAGINN
16. SEPTEMBER KL. 20:00

FRAM KOMA:



MARÍA ÓLAFS



KRISTJANA



SIGRÍÐUR THORLACIUS



FRÍÐRIK DÓR



RAGGA GRÖNDAL



BAGGALÚTUR



JÓN JÓNSSON



LAY LOW



SIGGA EYRÚN



GLOWIE



SÓLMUNDUR HÓLM

HLJÓMSVEITINA SKIPA KARL OLGEIRSSON, ÁSGEIR J. ÁSGEIRSSON, ÓLAFUR HÓLM OG INGI BJÖRN INGASON. KYNNIR ER SÓLMUNDUR HÓLM.

Miðaverð kr. 3.500. Miðapantanir í síma 561 3770 og 695 6636.
Miðar eru seldir í Ljósinu Langholtsvegi 43, 104 Rvk.



LJÓSIÐ

Endurhæfingar- og
stuðningsmiðstöð
fyrir krabbameinsgreinda

Enginn heimamaður, hvorugt liðið spilar vel

Man. Utd og Liverpool mætast í erkifjendaslag er enska úrvalsdeildin fer aftur af stað um helgina. Í fyrsta sinn í 16 ár verða hvorki Ryan Giggs né Steven Gerrard á vellinum í leik þessara liða og þá verða engir uppaldir leikmenn í liðunum.

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



FÓTBOLTI Strákarnir okkar hafa séð til þess að landsleikjahlé er eitthvað sem íslenskir fótboltaáhugamenn hlakka nú til. En menn hlakka líka alltaf til næstu umferðar í ensku úrvalsdeildinni og sérstaklega þegar viðureign Manchester United og Liverpool er á dagskrá.

Leikurinn í dag er sögulegur en í fyrsta sinn síðan enska úrvalsdeildin var stofnuð árið 1992 verður enginn heimamaður í liðunum. Og ekki nóg með það. Í fyrsta sinn í 16 ár mætast þessir erkifjendur án þess að máttarstólpar liðanna og leikjahæstu menn frá upphafi, Ryan Giggs og Steven Gerrard, verði með.

Tímarnir eru heldur betur breyttir enda streyma nú inn bestu leikmenn heims í gámavísu í vinsælustu fótboltadeild í heimi. Þegar Steven Gerrard spilaði sinn fyrsta leik fyrir Liverpool á móti Man. Utd í september árið 1999 voru átta uppaldir leikmenn í liðunum tveimur. Gerrard, Jamie Carragher (sem skoraði tvö sjálfsmörk í 3-2 sigri United í leiknum), Robbie Fowler og David Thompson voru allir í liði Liverpool en hjá Rauðu Djöflunum voru þeir Phil Neville, Nicky Butt, Ronnie

Wallwork og Paul Scholes í liðinu. Bæði lið unnu fyrstu tvo leiki sína í úrvalsdeildinni á þessu tímabili og það allt annað en sannfærandi. Bæði gerðu svo jafntefli í þriðju umferðinni áður en United tapaði gegn Swansea eftir að komast 1-0 yfir og Liverpool fékk skell gegn West Ham. Eins mikið og stuðningsmönnum beggja liða finnst gaman að gera grín að hvorir að öðrum verða bæði sett að átta sig á því að liðin þeirra eru ekki að spila nógu vel. Samtals eru þau aðeins búin að skora fimm mörk (Utd 3, Liv 2).

Liverpool verður án mannsins sem hefur haldið sóknarleikum uppi, Brasiliumannsins Phillipe Coutinho, en hann tekur út leikbann. Belginn Christian Benteke hefur farið rólega af stað og aðeins skorað eitt kolólöglegt mark. Sigurmark á Old Trafford væri þó fljótt að koma honum á háan stall á Anfield.

Stóra sagan úr herbúðum Manchester United er markvarðamálin. Líklega eru (fáir) dagar Sergio Romero í byrjunarliðinu taldir því David De Gea, sem átti að vera farinn til Real Madrid, skrifaði undir nýjan fjögurra ára samning í gær. Vandamál United hefur ekki verið varnarleikurinn eða markvarslan – nema á móti Swansea – en það er ekkert verra að fá einn besta markvörð heims aftur í rammann.

Líkleg byrjunarlið Manchester United og Liverpool



Brendan Rodgers er undir pressu eftir skellinn gegn West Ham en sigur á erkifjendunum myndi fríða stuðningsmenn Liverpool og kaupa honum nauðsynlegan tíma.



Öflug fjáröflun fyrir hópin

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins



REKSTRARLAND
-léttir þér lífið

Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi í síma 515 1100 eða [næsta útibú Olis](#) og leitid tilboða.

Olis Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olis og er dótturfyrirtæki Olliverzunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

Engin uppgjöf

FÓTBOLTI Fimm leikir fara fram í nítjándu umferð Pepsi-deildar karla á sunnudaginn og hefjast þeir allir klukkan 17.00. Umferðin einkennist svolítið af því að liðin í efri hlutanum spila við liðin í þeim neðri og því er lítið um innbyrðis baráttu á toppi og á botni.

Nýliðar Leiknis halda lífsbaráttu sinni áfram, en þegar fjórir leikir eru eftir í deildinni er Breiðholtsliðið enn á lífi og rúmlega það. Leiknir á heimaleik á sunnudaginn gegn Fjölni sem hefur að litlu að keppa nema ná innri markmiðum sínum.

„Fjölnisliðið er gott og við verðum að bera virðingu fyrir því. Það lifir á því að vera mjög skipulagt og gera fá mistök. Við þurfum að undirbúa okkur fyrir það. Þetta er mjög gott lið en við hljófum að finna einhverja veikleika á því sem við reynum að keyra á,“ segir Davíð Snorri Jónasson, annar tveggja þjálfara Leiknisliðsins.

Leiknismenn eru í ellefta sæti, því næstneðsta, með 15 stig, þremur

stigum frá Eyjamönnum. Leiknismenn hafa aðeins unnið einn leik síðan í maí og aðeins skorað eitt mark í síðustu fjórum leikjum. Það mark gerði Vikingurinn Halldór Smári Sigurðsson fyrir Breiðhylltinga er hann sparkaði boltanum í eigið net.

„Við erum ekki að skora nóg, það er rétt. En við erum að komast í finar stöður. Við erum með fina fótboltamenn og því þurfum við bara að gera aðeins meira til að skora. Við erum búinir að spila fina leiki en ekki fá stig,“ segir Davíð, en hvernig er að halda hausnum á Leiknisliðinu í standi í gegnum svona erfða tíma?

„Við reynum bara að hjálpast að í þessu. Við erum með skýr markmið fyrir okkur og reynum að komast nálægt þeim í hverjum leik. Við reynum bara að halda einbeitingu og stefna saman að sama markmiðinu. Takmarkið er einfalt fyrir okkur. Svo náttúrulega um leið og þú gefst upp sjálfur geturðu bara pakkað saman og farið heim,“ segir Davíð. – tom



Fjölnir vann Leikni í umtöluðum leik síðast þegar liðin mættust.



Traustar sendingar hitta í mark

Við þekkjum vel að góð undirstaða skiptir öllu fyrir hraðar og öruggar sendingar.

Landflutningar eru stoltur stuðningsaðili barna- og unglingastarfs KKI.

Áfram Ísland!



Landflutningar
SAMSKIP



HÚSASMÍÐJAN



blómaval

ÚTSALA

HÚSASMÍÐJUNNAR

FLÍSAR **30%** • SMÁRAFTÆKI **25%** • POTTAPLÖNTUR **20 - 50%** • HANDVERKFÆRI **20%**
GARÐSTYTTUR OG GARÐÁLFAR **40%** • VERKFÆRATÖSKUR **35%** • PARKET **15-20%**
TRÖPPUR OG STIGAR **20%** • B&D RAFMAGNSVERKFÆRI **30%** • GREINAKLIPPUR
35% GARÐVERKFÆRI **30%** • STANLEY LOFTPRESSUR **25%** • RAFMAGNSVERKFÆRI
20% • NILFISK HÁPRÝSTIDÆLUR **20%** • BÚSÁHÖLD **25%** • PLASTKÖRFUR
OG BOX **30%** • ÝMIS BLÖNDUNARTÆKI **20-25%** • VINNUFATNAÐUR **20-40%**
NORDLUX LJÓS **20%** • INNIGOSBRUNNAR **50%** OG MARGT FLEIRA



**Ný sending
af hillurekkum
mikið úrval**

5.995kr

Frábært verð

Hillurekki Strong 175

Stærð: 180x90x45 cm
5 hillur, hver hilla ber 175 kg
Litur: Galv
5803673



64.900kr

~~76.900kr~~

Electrolux

ÞVOTTAVÉL

Electrolux, FW30L7120
1200 snúninga
7 kg.
1805690



9.995kr

~~14.519kr~~

BLACK&DECKER

HLEÐSLUBORVÉL

EPC12CAB, 12V, 2 rafhlöður
5245999

HELGARSPRENGJA

ERIKA OG CALLUNA 3 stk.

aðeins laugardag og sunnudag meðan birgðir endast

999 kr/3 stk
~~1.499 kr~~



LEIKHÓPURINN LOTTA SKEMMTIR Í DAG

Leikhópurinn Lotta skemmtir í Blómavali Skútuvogi kl. 14:00 í dag.



1.490 kr/pk

FULLT VERÐ 1.890

HAUSTLAUKAR

Túlípanar 50 stk, Krókusar 50 stk
Páskaliljur 20 stk.



1.990 kr

FULLT VERÐ 2.679

ORKIDEA

11325000



799 kr

FULLT VERÐ 1.599

ÁSTARELDUR

11328305



5.990 kr

FULLT VERÐ 12.990

MATAR- OG KAFFISETT F/4, 20 stk

Hvitt/svart, ferkantað/kringlótt
2201166-9



999 kr

FULLT VERÐ 1.579

CALIBER VERKFÆRATASKA

N15S 15"
5024497



11.999 kr

FULLT VERÐ 15.999

POTTJÁRNSPOTTUR

Arome, 30 cm, 5,2 ltr
2006779

FLÍS

K, Grafito
30 x 60 cm
Frostþolin
8600710

2.300 kr/m²

FULLT VERÐ 3.289



990 kr/m²

FULLT VERÐ 1.390

HARÐPARKET

Eik, 3ja stafa
6 mm þykkt, 7 ára ábyrgð

EGGER

BLACK&DECKER



6.997 kr

FULLT VERÐ 9.995

BORVÉL B&D

KR504CRE, 500W - HÖGG
5245599



6.297 kr

FULLT VERÐ 8.995

STINGSÖG B&D

KS500, 400W
5246011



7.697 kr

FULLT VERÐ 10.995

HITABYSSA

KX1692, 1600W, 130 - 560°C,
200/400L/min,taska fylgir
5245418



33.117 kr

FULLT VERÐ 39.900

FRYSTIKISTA

G115, 103 ltr A+
1805483



Electrolux

56.490 kr

FULLT VERÐ 64.900

ÞURRKARI

EDC1072LDW
7 kg
1805568



1.199 kr

FULLT VERÐ 1.499

Loftljós 25 cm

Nordlux Standard
6010913



3.996 kr

FULLT VERÐ 4.995

STANLEY SKRÚFJÁRNA- OG TOPPASET

48 stk
5010168




1.806 kr

FULLT VERÐ 2.779

STANLEY SMÁHLUTABOX

5024822



5.795 kr

FULLT VERÐ 9.229

HANDLAUGARTÆKI

Winy
7900012



7.796 kr

FULLT VERÐ 10.395

INNIMÁLNING 10 LTR

Polytex 7 veggmalning
Litir: Hvítt, beinhvítt, ljós antik.
7119970-7119977

HELGIN



Hér má sjá Ástu við tvær af myndunum tíu sem verða á sýningunni. Verkin byggja á óskum íslenskra barna. Fréttablaðið/Vilhjelm

Langaði að leggja sitt á vogarskálar

Í dag verður opnuð í Gerðubergi ljósmyndasýningin Óskir íslenskra barna. Sýningin er samstarfsverkefni ljósmyndarans **Ástu Kristjánsdóttur**, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og **Steinunnar Hauksdóttur** sem sá um uppsetningu, búninga og gerð sérstaks óskatrés.

Sýningin hefur verið rúm tvö ár í vinnslu og segir Ásta að hana hafi langað til þess að vekja athygli á réttindum og stöðu þeirra barna á Íslandi sem búa við vanrækslu, ofbeldi og/eða fátækt.

„Eftir að hafa lesið mikið um

fátækt á Íslandi og að börn væru vanrækt, fátæk og beitt ofbeldi fór ég að velta því fyrir mér hvað ég gæti gert,“ segir Ásta en sýningin er byggð á sönnum reynslusögum barna og sýna myndirnar ímyndaðar óskir barnanna.

Hún segir verkefnið vissulega hafa verið krefjandi og á tímum erfitt en hvatinn hafir verið að stuðla að

fræðslu og forvörnum. „Krakkar geta komið á sýninguna og ef þau þurfa hjálp geta þau sett nafnið sitt og símanúmer á lítinn miða og þá verður haft samband við þau og þeim veitt ráðgjöf,“ segir Ásta en líkt og áður sagði er sýningin unnin í samstarfi við Barnaheill og er haldin í tilefni af 25 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Sögurnar eru margar hverjar átakanlegar og eru þær unnar upp úr beinum tilvitnunum í börnin og ímyndaðar óskir þeirra. „Ein átta ára gömul stelpa sagði orðrétt: Ég var heppin að vera ekki unglingur, því þá hefði ég getað fengið barn í magann. Óskin hennar var sú að hún vildi vera orðin fullorðin. Hún vildi bara komast í burtu frá heimili sínu

af því hún vildi ekki búa þar lengur.“

Í lok sýningarinnar hafa börnin kost á að festa sínar óskir á óskatré og hvetur Ásta foreldra til að aðstoða börnin við að skoða sýninguna og skrifa óskir sínar á miða.

Sýningin verður opnuð í Gerðubergi klukkan 14.00 í dag og stendur þar yfir í þrjá mánuði.

gydaloo@frettabladid.is

Um helgina, af hverju ekki að ...

FARÐU

á sýninguna Afrekskonur í Ráðhúsi Reykjavíkur sem haldin er í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna



Atli Már Steinarsson, útvarpsmaður

DÖGURÐUR OG GATORADE

Í dag fer ég í dögurð hjá stórvini mínum Njalla sem á afmæli og við horfum á leikinn og svo afmæli hjá öðrum meistara um kvöldið. Morgundagurinn fer í sána, „recovery“ og Gatorade-þamb.

HLUSTAÐU

á skemmtilegustu lög hljómsveitarinnar Nýðanskrar í Hörpu á laugardagskvöld.



Steinunn Camilla Stones, söngkona

MÁLA SUMARBÚSTAÐ

Ég ætla að mála sumarþustað ef veður leyfir, pensill í einni og bjór í hinn, heitur pottur í íslenskrí náttúru, grill og með því. Á sunnudaginn er ég að vinna enda allt á milljón þessa dagana við að undirbúa plötuna hennar Öldu Disar sem kemur út fyrir jól.

LESTU

Ljósmyndir af guðs náð eftir finnsku skáldkonuna Katju Kettu en hún hefur heillað lesendur víða um lönd með þessari mögnuðu skáldsögu.



Bjartmar Guðlaugsson, listamaður

TÓNLEIKAR Á AKRANESI

Helgin fer í það að mála myndir, klára nokkur ný lög og texta, passa Mariu Björt barnabarnið mitt og halda tónleika í Vitakaffi á Akranesi laugardagskvöldið. Tónleikarnir byrja kl. 22.00 og standa til miðnættis. Þar mun ég fara yfir ferilinn og segja lífsreynslutengdar lygasögur.

HORFÐU

á leikritið í hjarta Hróa hattar sem frumsýnt er um helgina í Þjóðleik-húsinu.



Tilboðið
gildir í öllum
verslunum
Útilífs

NIKE DAGAR

Í TILFNI OPNUNAR GLÆSILEGRAR
NIKE DEILDAR Í ÚTILÍF **SMÁRALIND**

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM NIKE VÖRUM*

FRÁ FIMMTUDEGI
TIL SUNNUDAGS



Í DAG KL. 12-15:

Íþróttakonur frá Nike verða á staðnum og sýna
Nike PRO „Tights of the month“ í fyrsta sinn ásamt
því að bjóða fram sérfræðipekkingu sína á Nike.

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Þátturinn The Biggest Loser hefur skapað þá hugmynd að það sem feitt fólk þurfi sé bara að láta óskra svölitið á sig.“ Þetta segir Ragen Chastain, 38 ára baráttukona fyrir líkamsvirðingu og heilsu í öllum stærðum. Eftir mánuð keppir hún í hálfri Járnmannskeppni, hún er að æfa til að hlaupa heilt maraþon og hún hefur skræð sig til keppni í heilum Járnmanni á næsta ári.

Hún hefur fengið líflátshótanir og hatursbréf fyrir baráttu sína en lætur það ekki stöðva sig. Hún er alin upp í Austin í Texas og er væntanleg hingað til lands til að flytja erindi á þriðju International Weight Stigma-ráðstefnunni næstkomandi föstudag.

Áráttukennd megrun

„Sem barn skilgreindi ég mig sem feita. En þegar ég horfi til baka sé ég barn sem var vissulega aðeins stærra en hinir en mér gekk vel í íþróttum og var ekki strítt eins og öðrum feittum krökkum sem gekk verr að hreyfa sig. Ég byrjaði í raun ekki að þyngjast af viti fyrir en ég fór í fyrstu megrunina.“

Ragen var átján ára og á leið í framhaldsskóla þegar hún byrjaði í fyrstu alvarlegu megruninni. Hún sveltí sig og æfði af miklu offorsi. Á endanum missti hún meðvitund á hlaupabretti og var flutt með hraði á sjúkrahús. „Varðandi átröskun eru það genin sem hlaða byssuna en umhverfið sem tekur í gikkinn. Ég hafði ekki hugsað um megrun fram að þessum tímapunkti en allt í einu hugsaði ég ekki um neitt annað.“

Þegar vítahringurinn var rofinn fór Ragen hins vegar að þyngjast hratt aftur. „Á meðan ég var í meðferð við átröskuninni voru aðrir læknar að segja mér að ég þyrfti að léttast til að vera heilbrigð. Þarna fór tilvera mín að snúast um megrunarkúra, suma ráðlagða af læknum eða samtökum á borð við Weight Watchers. Ég léttist í styttri tíma en þyngdist alltaf aftur, og oftast um meira en ég hafði misst.“

Heilsa í öllum stærðum

Ragen ákvað að rannsaka hver væri besti megrunarkúrin fyrir sig. „Rannsóknin leiddi í ljós að það var ekki einn einasti kúr þar sem meira en brot af þáttakendum léttist til langs tíma. Kannski þrjú til fimm prósent. Og þeir voru að missa eitt til tvö kíló sem er ekkert. Ég gæti misst það við að fara í klippingu.“

Svo ég gerði mér grein fyrir því að það var engin ástæða til að trúá því að megrunarkúrarnir mínir myndu virka. Allir voru að upplifa það sama og ég. Þeir léttust tímabundið en þyngdust fljótlega aftur. Það var þá sem ég kynntist hugmyndinni um heilsu í öllum stærðum.“

Hún segir hugmyndina hafa verið fjarstæðukennda í fyrstu. „Ég hafði ekki einu sinni hugleitt að ég ætti að einbeita mér að heilsunni en ekki líkamsstærðinni. En þessi hugmyndafræði snýst um að borða það sem nærir þig og hreyfa þig þannig að þér líði vel. Þyngdin er ekki mælikvarði á hversu verðugur þú ert sem manneskja.“

Niðurlægð í danskeppni

Baráttu Ragen fyrir betri framkomu við feitt fólk hófst þegar hún tók þátt í danskeppni fyrir tíu árum. Þá hafði hún æft samkvæmsdansa um nokkurra mánaða skeið. „Dómararnir sögðu að hæfileikar mínir færu til spillis vegna þess að ég er feit. Einn dómarinn sagði líka að hún hefði ekki þolað að horfa á mig. Ég hafði ætlað mér að vera feitur dansari en áttaði mig á því að til þess yrði ég að vera feitur aktivisti.“

Það að breyta viðhorfinu til þyngdarinnar lagaði ég líka samband mitt við hreyfingu. Ég var alltaf að hreyfa mig til að breyta stærð líkamans og lögun en núna hreyfi ég mig til að setja mér markmið, til að skemmta mér og til að líða vel.“

Síðastliðin fjögur ár hefur hún helgað sig alfarið baráttu sinni ➔



Ragen Chastain er búsett í Los Angeles í Bandaríkjunum en er væntanleg hingað til lands á föstudag til að fjalla um fitufordóma.



ÉG HAFÐI EKKI
EINU SINNI
HUGLEITT AÐ
ÉG ÆTTI AÐ
EINBEITA MÉR
AÐ HEILSUNNI
EN EKKI LÍKAMS-
STÆRÐINI.

Morðhótanir eru daglegt brauð

Ragen Chastain vill vekja athygli á misrétti sem feitt fólk verður fyrir. Hún lifir heilbrigðu lífi og hefur meðal annars gengið heilt maraþon í hellidembu og skítakulda til að sigrast á eigin takmörkum.



STÓRSÝNING

ARCTIC TRUCKS Á ÍSLANDI Í 25 ÁR!
LAUGARDAGINN 12. SEPTEMBER KL. 11 TIL 16



PLANIÐ FULLT AF GLÆSILEGUM
ARCTIC TRUCKS BREYTTUM BÍLUM

JEPPADEKK

Vönduð dekk | Margar stærðir

15%

afsláttur
af öllum dekkjum
á sýningar-
daginn

Bjóðum
6 mánaða

VAXTALAUS
kreditkortalán
til dekkjakaupa



VERKSTÆÐIÐ OPIÐ GESTUM

Bílar í smíðum til sýnis
Sýnikennsla í dekkjaviðgerðum



SNJÓSLEÐAR

VETURINN NÁLGAST!
Viper M-TX snjósleðar til sýnis



YAMAHA



Kíktu á Kletthálsinn og fagnaðu 25 ára
afmælinu með okkur.
Pylsur, gos og ís meðan birgðir endast!

www.arctictrucks.is

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900



→ gegn fitufordómum. Hún kemur fram á ráðstefnum og skrifar pistla. Hún hefur mætt mikilli mótsþyrnu, sérstaklega frá nettróllum sem ganga langt yfir öll mörk í gagnrýni sinni.

Nákvæmar morðhótanir

„Það er stórt samfélag á netinu sem þrífst á því að áreita feitt fólk, og það er mjög gott í því. Það var 150 þúsund manna hópur á Reddit sem hafði þann eina tilgang að hata feitt fólk. Þaðan fæ ég marga tölvupósta um að ég eigi að drepa mig.

Ég fæ líka almennar líflátshótanir frá fólki sem segist ætla að berjast mig svo fast í magann að ég drepist. Svo fæ ég mjög nákvæmar hótanir frá fólki sem veit hvar ég mun næst koma fram opinberlega og segist ætla að skjóta mig. Það er mjög óþægilegt þegar einhver hefur sagst ætla að drepa mig akkúrat klukkan korter í sjó á einhverri ráðstefnu. Þá fylgist maður vel með klukkunni.“

„Hei, feita tük“

Ragen segir að hún verði samt aldrei fyrir meiri áreitni á opinberum vettvangi en einmitt þegar hún er að hreyfa sig. „Þegar ég var að æfa mig fyrir marþoníð sá ég einu sinni bíl leggja við hliðina á mér. Ég heyrði farþegann öskra „hei, feita tük“ og sneri mér við, því viðkomandi hlýti að vera að tala við mig. Það sátu tveir fullorðnir menn í bílnum og köstuðu í mig eggjum.“

Þegar ég tilkynnti að ég ætlaði í Járnmanninn sendu tveir aðilar mér póst og sögðust ætla að skrá sig í keppnina svo þeir gætu drekt mér í sundinu.“

Hún segir feitt fólk almennt verða fyrir mikilli áreitni á opinberum vettvangi. „Það er sama fólk sem fer á netið og spyr af hverju feitt fólk hreyfi sig ekki meira og öskrar svo á okkur þegar við erum úti að hlaupa. Sú hugmynd virðist ríkjandi að það megi áreita feitt fólk. Það sé því í raun fyrir bestu. Með ofbeldi sé því komið í skilning um að það þurfi að létta sig.“

Fitufordómar kerfisbundnir

Hún segir fitufordóma hafa ýmsar birtingarmyndir og sumir séu kerfislægir. „Það eru til góðar rannsóknir sem sýna að feitt fólk er síður ráðið í störf og fær lægri laun en mjó samstarfsfélagi þeirra, óháð hæfni. Svo eru miklir fitufordómar í heilbrigðiskerfinu. Feit manneskja sem fer til læknis má búast við því að vera greind sem feit og send í megrun á meðan mjó manneskja með sömu kvilla fær lyf eða meðferð sem hæfir sjúkdómnum. Það eru til fataframleiðendur, eins og Abercrombie & Fitch, sem stæra sig af því að framleida ekki föt fyrir feitt fólk. Eins og það geri merkið kúl.“

Markmið mitt með baráttunni er að allir hafi aðgang að góðum upplysingum um heilsu og fá frelsi til

að velja sjálfir. Í Bandaríkjunum er í gangi stríð gegn offitu. Þyngd fólks er ekki lengur einkamála heldur mega allir hafa skoðanir á því. Okkur er kennt að þungir séu dragbítar á samfélaginu og sem samfélag höfum við ákveðið að feitir eigi skilið verri framkomu.“

Lætur hótanir ekki stöðva sig.

Þrátt fyrir að Ragen upplifi vissulega óþægindi vegna líflátshótana og áreitni hefur hún þetta um þær að segja: „Ef einhver gerir alvöru úr hótunum sínum og drepur mig vona ég að það verði til vakningar um að við verðum að hætta að koma fram við feitt fólk eins og gert er í dag. Ég vona að það hvetji annað feitt fólk til að stiga fram og segja hingað og ekki lengra. Ég myndi samt ekki vilja nota orðið píslarvottur, þetta er bara eitthvað sem ég hugsa um ef einhver fylgir hótunum eftir.“

Eins og áður segir er hún nú á fullu að æfa fyrir maraþon og Járnmanninn. „Ég get farið í splitt og pressað 400 kíló með löppunum. Ég elska að hreyfa mig. Ástæðan fyrir því að ég tek þátt í maraþoninu og Járnmanninum er að mig langar að stíga út fyrir þægindasvæðið mitt. Alla ævi hafði ég gert hluti sem ég var góð í og mér fannst vanta að ég þyrfti virkilega að kljást við eitthvað og vera lélegust. Það er kannski ekki skemmtilegt á meðan á því stendur, en þetta snýst um glansandi medaljuna í lokin.“



SÚ HUGMYND VIRÐIST RÍKJANDI AÐ ÞAÐ MEGI ÁREITA FEITT FÓLK. ÞAÐ SÉ ÞVÍ Í RAUN FYRIR BESTU. MEÐ OFBELDI SÉ ÞVÍ KOMIÐ Í SKILNING UM AÐ ÞAÐ ÞURFI AÐ LÉTTA SIG.

Úthúðaði feitu fólki í myndbandi á netinu

„Ef ég móðga þig þannig að þú ákveður að grenna þig aðeins, þá get ég lifað með því,“ segir uppistandarinn og leikkonan Nicole Arbour, sem gaf út myndband á YouTube þann 3. september sem heitir Dear Fat People. Myndbandið er sex mínútur að lengd, þar sem uppistandarinn segir feitu fólki að grenna sig í löngu máli. „Ég get alveg sofið á nóttunni.“

Yfir tuttugu milljón manns hafa horft á myndbandið á Facebook-síðu hennar, en ein milljón á YouTube-síðunni. Margir hafa gefið út eigin myndbönd þar sem þeir gagnrýna orð Arbour, meðal annars Whitney Way Thore, raunveruleikasjónvarpsstjarna úr þáttunum My Big Fat Fabulous Life. Myndbandið hefur fengið mikla gagnrýni á netmiðlum, og fréttamiðlar á borð við CNN, BBC og Huffington Post fjallað ítarlega um málið. Samfélagsmiðlar vestanhafs loguðu eftir útgáfu myndbandsins og var Arbour meðal annars



Nicole Arbour

sókuð um að ýta undir fordóma í garð feitra.

Ljóst er að Nicole Arbour hefur aldrei vakið jafn mikla athygli og nú, þrátt fyrir að hafa reynt fyrir sér í skemmtanabransanum um nokkra hrið, fyrir það að niðast á feitu fólki í sex mínútur á netinu.

Margir höfðu skoðun á vextinum

Ragnheiður M. Kristjónsdóttir, þýðandi og fyrrverandi blaðamaður, var eitt sinn í yfirþyngd, en tók sig á og er nú talsvert grennri. Hún segist hafa fundið fyrir fitufordómum. „Einn góðan veðurdag görguðu ungir menn í bíl „fitubolla!“ á mig þar sem ég gekk í makindum mínum í Vesturbænum. Mér brá smá því mér fannst ég satt að segja bara nokkuð mikil þæja í nýjum jakka og gallabuxum,“ útskýrir Ragnheiður og heldur áfram:

„Eitt sinn hitt ég gamlan félagi á djammínu sem ég hafði nýlega hitt í sjoppuferð. Hann sagði mér í óspurðum fréttum að ástæða þess að ég væri feit væri sú að ég væri of mikið í sjoppum. Þrátt fyrir þessar sögur, og nokkrar í viðbót, þá hef ég ekki oft orðið vör við opinþáa fitufordóma í minn garð heldur kannski oftast skynjað þá, eða fundist ég skynja þá. Ég hef einnig verið með fitufordóma fyrir sjálfri mér. Þess má geta að ég komst ekki í ofþyngd fyrr en á fullorðinsárum og hef eflaust aðra sögu að segja en þeir sem glímdu við ofþyngd frá unga aldri.“

Oft er talað um að of feittum séu síður boðin hærri laun, betri stöður, og þar fram eftir götunum. Heldurðu að ofþyngd sem þú glímdir við á árum áður hafi aftrað þér frá því að sækja tækifæri, til dæmis í vinnu?

„Í mínu tilfelli hefur ofþyngd vafalaust aftrað mér frá því að sækja tækifæri, bæði hvað varðar vinnu og hitt kynið því mig vantaði sjálftraustið. Mér er minnst átt þegar ég var spurð um heilsufar mitt í atvinnuviðtali en þar sem ég var heilsuþrátt kona á besta aldri gat ég ekki annað en tengt þessa spurningu við aukakílóin,“ segir Ragnheiður, hún segist þó hafa fengið sína mestu stöðuhækkun þegar hún var í talsverðri ofþyngd.

„Þess má reyndar geta að ég hafði unnið þar lengi og sannað mig.“

Upplifðir þú að almennt væri skotleyfi á feita eða að fólki í kringum þig þætti óþægilegt að ræða við þig um þessi mál? „Mér fannst frekar að fólki þætti óþægilegt að ræða þessi mál við mig en það eru alltaf einhverjir sem láta allt flakka og þá gjarnan undir formerkjum „hreinskilni“. Sem betur fer hafði ég líka oft á tilfinningunni að sumu fólki væri nákvæmlega sama hvað ég væri þung. Einn maður vinkonu minnar tók ekki eftir því að ég væri búin að léttast fyrir en 20 kíló voru fokin. Það finnst mér æði,“ segir Ragnheiður og hlær.

Hún segir fólk gjarnan hafa verið að gefa henni ráð, óumbeðið, þegar hún var í ofþyngd. „Ég fékk alls kyns ráð. Vinsælast var að benda manni á að fara út að ganga því það vita



Ragnheiður M. Kristjónsdóttir



ÉG FÉKK ALLS KYNS RÁÐ. VINSÆLAST VAR AÐ BENDA MANNI Á AÐ FARA ÚT AÐ GANGA ÞVÍ ÞAÐ VITA AUÐVITAÐ ALLIR AÐ EKKERT LÆTUR 40–50 AUKAKÍLÓ HVERFA HRAÐAR EN HRESSILEG GANGA.

auðvitað allir að ekkert lætur 40–50 aukakíló hverfa hraðar en hressileg ganga.

Þar sem ég stóð við kaffivelina í vinnunni benti kona ein mér góðfúslega á það að með aukinni vatnsdrykkju væri hægt að léttast um tvö kíló á ári. Ég hitti eitt sinn líkamsræktaróðan frænda minn á djammínu sem sagði mér í trúnaði að það gengi ekki fyrir mig að vera svona feit. Hann yrði bara að taka mig í strangt æfingaprógramm. Svo má auðvitað ekki gleyma gullmolanum sjálfum; hinum gullna meðalvegi. „Það eina sem þú þarft að gera er að borða minna og hreyfa þig meira,“ sem er ekki aðeins ein mesta lygi og misskilningur allra tíma, heldur frasi

sem fær mig til að langa að meðla fólki. Ég hef fengið mjög margar óumbeðnar ráðleggingar en ég man þær sem betur fer ekki allar.“ Hún segist líka hafa upplifað það sterkt, bæði í ofþyngd og eftir að hún grenntist, að fólk sem sjálft hefur ekki þurft að glíma við offitu hafi oftast ekki hundsvir á því sem þeir leggur til málanna en hafi miklar skoðanir.

Fannst þér þú vera dæmd þegar þú gekkst inn á veitingastaði eða inn í fatabúdir þegar þú varst ofþung?

„Mér finnst allur gangur á því en persónulega fannst mér erfiðara að fara inn á veitingastaði en í fataverslanir hvað varðar viðmót. Aftur á móti hefur oft verið alveg ferlega erfitt og leiðinlegt að kaupa sér föt – ekki síst á þeim tíma sem lítið var um verslanir með föt í stærri stærðum og sniðum sem henta feitaru fólki,“ útskýrir Ragnheiður.

„Svo finnst mér líka krúttlegt að segja frá því að ég lenti nokkrum sinnum í því þegar ég var í ofþyngd að ókunnugar konur komu til mín og slógu mér gullhamra fyrir klæðaburð eða útlit. Kannski hefur þeim fundist að sæta feitaðallan þyrfti á því að halda. Hver sem ástæðan var þótti mér vænt um það. Annað sem ég tók nokkrum sinnum eftir er að einhverji um karlmönnum sem virtu mig ekki viðlits þegar ég var feit fannst ég mun áhugaverðari manneskja eftir að ég grenntist.“

Árið 2007

87.778

fullorðnir á aldrinum 18-79 ára eru of þungir hér á landi

Þetta jafngildir því að rúmlega

60%

ÍSLENDINGA séu yfir kjörþyngd

43.860

fullorðnir á aldrinum 18-79 ára eru of feitir

Heildarkostnaður af offitu og fylgikvillum hennar er u.þ.b.

6%

af útgjöldum ríkja til heilbrigðismála

Erfitt er að meta nákvæmlega heildarkostnaðinn (WHO, 2006).

Tíðni offitu meðal kvenna greinist mest á aldrinum 70-79 ára Á ÍSLANDI

- Rannsóknir sýna að heilbrigðiskostnaður eykst með hækkandi líkamspýngdarstuðli þjóða (WHO, 2006)
- Talið er að um fimmta hvert barn og unglingur í Evrópu sé yfir kjörþyngd (WHO, 2006)

BMI-STUÐULL er mælikvarði á þyngd eða massa miðað við hæð. Hann er reiknaður með því að deila massa einstaklings í kílóum með líkamshæðinni í metrum í öðru veldi, það er þyngd(kg)/hæð(m)².

KJÖRÞYNGD MIÐAST VIÐ BMI 18,5-24,9

OFÞYNGD 25-29,9

OFFITA BMI 30 eða hærra

Samkvæmt skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

RÆKTAÐU LÍKAMANN MEÐ STÆL

Flott úrval af æfingafatnaði og fylgihlutum á frábæru verði!



ENERGETICS CATENA
Léttir æfingaskór.
Dömustærðir.



Energetics
æfingaskór
7.990
FRÁBÆRT
VERÐ!



3.490

2.990

3.990

5.990

ENERGETICS PANAMA
Æfingabulur úr DRY Plus efni með góðri öndun. Litir: Rauður, svartur. Dömustærðir.

ENERGETICS PREY
Hlýrabulur úr Dry Plus efni með góðri öndun. Litir: Rauður, svartur. Dömustærðir.

ENERGETICS LOLITA
Æfingatoppur með léttum stuðningi. DRY PLUS efni. Litir: Rauður, svartur. Dömustærðir.

ENERGETICS RIFT
Æfingabuxur úr Dry Plus efni. Litur: Svartur. Dömustærðir.

7.990



NIKE TASKA
Íþróttatöskur. Litir: Rauð, svört, blá. Stærð: M.

VERÐ FRÁ:
500 kr.
kg



4.990

RJR JÓGADÝNA
RJR jógadína 6 mm, 170 x 60 cm.

4.990

RJR JÓGAHANDKLÆÐI
RJR jógahandklæði, blátt.



RJR NEOPRENE
Handlóðasett, 1,5-5 kg.



2.990

RJR NUDDRÚLLA
Nuddrúlla, 30 cm löng, 15 cm í þvermál

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®



Friðleifur telur sig lánsaman að hafa verið á heimili sínu þegar hann fékk hjartastoppið en ekki erlendis einn á hótélherbergi en hann ferðast mikið vegna starfs síns.

Fréttablaðið/Stefán

Þakklátur fyrir að ekki fór verr

Friðleifur Friðleifsson fékk óútskýrt hjartastopp í svefni á heimili sínu og svo aftur daginn eftir. Það varð honum til lífs að eiginkona hans vaknaði við hljóð sem komu frá honum. Friðleifur á að baki farsælan hlaupaferil en ekki er hægt að tengja hjartastoppið við álag vegna hlaupa eða vinnu. Hann hvetur alla til að læra skyndihjálp.

Viktoría Hermannsdóttir
viktorija@frettabladid.is



Fyrst þetta gerðist þá er ég ofboðslega þakklátur fyrir hvar ég var staddur," segir Friðleifur Friðleifsson sem varð fyrir því í júlí síðastliðnum að fá skyndilegt hjartastopp í svefni á heimili sínu. Friðleifur er 45 ára gamall hlaupari og í besta formi lífs síns. „Margir hafa furðað sig á því að þetta hafi komið fyrir einstakling í mínu formi en þetta er eitthvað sem getur komið fyrir alla," segir Friðleifur sem á að baki glæsilegan hlaupaferil og hefur tekið þátt í fjölmörgum hlaupum og maraþonum undanfarin ár með góðum árangri.

Friðleifur starfar hjá Iceland Seafood og vegna vinnu sinnar ferðast hann töluvert til annarra landa. Það var því í raun lán í óláni að hann var heima við hlið eiginkonu sinnar þegar hjartað stöðvaðist en ekki einn á hótélherbergi erlendis. „Þá sæti ég ekki hér," segir hann. „Ég var bara ótrúlega heppinn.“

Friðleifur rifjar upp aðfaranótt föstudagsins 17. júlí þegar hann fékk hjartastopp. „Ég fór að sofa á fimmtudagskvöldi og leið bara vel, ekkert var að anga mig. Síðan vakna ég bara í raun og veru uppi á spítala morguninn eftir og ég man ekkert hvað gerðist þarna á milli. Allt sem ég er að segja frá er

komið frá fólkinu sem var í kringum mig og hefur sagt mér hvað gerðist," segir hann.

Stuðaður í gang á gólfinu heima

„Konan mín sem er hjúkrunarfræðingur vaknaði við það að ég gaf frá mér stök hávær öndunarhljóð og hún áttar sig á að eitthvað er að. Hún sér og finnur að ég er stífur, blár, púlslaus og sýni engin viðbrögð og byrjar þá strax að hnoða og blása mig. Elsti strákurinn okkar vaknar líka við þessi hljóð og umgang frá svefnherberginu.“ Sonurinn hringdi á Neyðarlínuna og sjúkraflutningsmenn og lögregla voru komin á staðinn eftir um 6 mínútur. Þetta gerðist snemma um morgun og þeir voru fljótir á staðinn þó svo að heimilisfólkinu hafi þótt þetta heil eilífið. Friðleifur hafði þá verið í hjartastoppi allan tímann og ekki sýnt nein viðbrögð, en eiginkona hans hélt áfram að hnoða hann þann tíma. „Þegar sjúkraflutningamennirnir komu, þá tóku þeir við endurlifgunarferlinu og stuðuðu mig í gang á gólfinu heima hjá mér. Þá var mér að sjálfsögðu ekið með hraði á spítalann. Strákarnir mínir voru ótrúlega duglegir á meðan á þessu stóð, því það er örugglega ekki auðvelt að sjá heimilið fyllast af sjúkraflutningamönnum og lögreglu eldsnemma á föstudagsmorgni til að koma pabba til bjargar.“

Vaknaði á spítala

„Það var mjög skrytið að vakna í rúmi á spítala og átta sig á því hvar maður



Friðleifur í CCC-fjallahlaupinu á Mont Blanc 2013.



ÉG VAR SENDUR Í ALLAR MÖGULEGAR RANNSÓKNIR EN NIÐURSTAÐAN ER EINFALDEGA SÚ AÐ ÞAÐ ER ENGIN AUGLJÓS SKÝRING Á ÞESSU. FÆRUSTU HJARTALÆKNAR LSH GÁTU EKKI TENGT ÞETTA STOPP VIÐ HLAUPAÆFINGAR, FREKAR EN VINNUÁLAG EÐA ÞVÍ UM LÍKT.

væri og spyrja: Af hverju er ég hérna? Hvað gerðist? Að þurfa svo að kyngja því að það hafi einhver svona alvarlegur hlutur komið fyrir þig, það var mjög skrytið. Sjá alla fjölskylduna saman komna og maður sá á svip þeirra að það hafði mikið gengið á.“ Friðleifur var hafður á hjartadeildinni yfir daginn undir ströngu eftirliti.

„Svo um kvöldið þennan sama dag þá fékk ég annað hjartastopp. Ég sat á rúmgaflinum og mónitorinn fór skyndilega að sýna að ég væri að fá mikið af aukaslögum, ég datt út og endaði aftur í hjartastoppi. Ég var strax stuðaður aftur í gang og settur á lyf sem vinna gegn hjartsláttaröreglu.“

Hann segir það hafa verið ákveðið áfall að þetta hafi gerst aftur. „Það var svolitíð erfitt að setta sig við það. Þá áttaði maður sig á að það var eitthvað sem var ekki alveg í lagi. Þá var ekki hægt að afskrifa þetta sem stakt tilfelli," segir hann.

Í kjölfarið voru gerðar enn frekari rannsóknir á Friðleifi en ekki fannst hvað olli hjartastoppunum.

„Ég var sendur í allar mögulegar rannsóknir en niðurstaðan er einfaldlega sú að það er engin augljós skýring á þessu. Færustu hjartalæknar LSH gátu ekki tengt þetta stopp við hlaupaæfingar, frekar en vinnuálag eða því um líkt, þetta er í raun bara algjörlega óútskýrt.“

Tækið mun bjarga

Í framhaldinu var ákveðið að setja bjargráð í Friðleif. „Þetta verð ég alltaf með," segir hann og sýnir bjargráðinn. „Þetta var skrytið fyrst en ég er farinn að venjast þessu núna. Maður verður að þakka fyrir það að vera kominn með þetta tæki. Það mun bjarga mér ef þetta gerist aftur. Tækið er hannað til að bjarga fólki. Þetta virkar líka sem gangráður þannig að ef hjartað fer að slá óreglulega þá gripur hann inn í. Ef gangráðurinn ræður ekki við óregluna og ég fer í lífshættulegan takt þá kemur stuð í bringuna. Það er víst eins og að fá hestaspark í bringuna en nú er stefnan sett á að fá aldrei stuðið," segir hann ákveðinn.

Friðleifur var í átta daga á spítalanum en fékk svo að fara heim. Hann átti erfitt með svefn fyrstu næturnar. „Þetta gerðist í svefni og fyrst hugsaði maður hvort þetta myndi gerast aftur ef ég færi í hvíld. En svo komst ég yfir það.“

Hjartastoppin voru nokkuð sem Friðleifur bjóst ekki við að lenda í. Hann er í toppformi og hefur keppt í hlaupum undanfarin ár með góðum árangri, t.d. í Esjuhlaupinu og á Lauga-

veginum auk þess að hlaupa nokkur maraþon erlendis. Tveimur vikum fyrir hjartastoppið hljóp hann ásamt 11 öðrum hlaupurum hringinn í kringum landið fyrir átakið Útmeð'a. Vegna hlaupaferilsins hafa margir haldið að hjartastoppið hafi komið að völdum ofþjálfunar. „En það er engin tenging þar," segir hann.

Hjálpaði að vera í góðu formi

Friðleifur segist hafa einsett sér að vera jákvæður eftir þessa reynslu og nýta sér hana til góðs. Það að hafa verið í svo góðu formi hafi hjálpað honum að jafna sig fljótt. „Ég er ótrúlega þakklátur fyrir að vera á lífi. Ég gat farið að vinna fljótt aftur og fara í göngutúra en er ekki farinn að hlaupa enn. Ég mun gera það en þá ætla ég ekki að vera í kappi við klukkuna enda ef til vill óþarfi. En það er mikið félagslíf í kringum hlaupin og skemmtilegur félagskapur.“

Hann segir að það hafi einnig skipt miklu máli að reyna að vera andlega sterkur, og líta jákvætt á þetta. „Ég fékk bæði líkamlega og andlega hjúkrun á Landspítalanum og við fjölskyldan fengum til dæmis öll áfallahjálp og það hjálpaði okkur gifurlega mikið. Ég lit björtum augum á framtíðina og það er mikil mildi að ég hafi sloppið svona vel þrátt fyrir allt saman, það hefði margt getað farið allt öðruvísi. Þegar þú ert í svona vandræðum þar sem þú veist ekki hvað er að þér þá reynir maður að njóta augnabliksins betur. En fyrst og fremst met ég það mikils sem gert hefur verið fyrir mig. Ég á svo mörgum mikið að þakka og sérstaklega fjölskyldunni. Við eigum jafnframt frábært heilbrigðisstarfsfólk, sjúkraflutningamenn og lögreglu. Það vildu allir allt fyrir mig gera. Mér finnst nauðsynlegt að þakka þeim fyrir það. Það var líka ómetanlegt að að finna fyrir allri vinsemdinni og væntumþykjunni frá fjölskyldu og vinum.“

Skyndihjálp skiptir öllu

Friðleifur hvetur fólk til þess að læra skyndihjálp. „Það skiptir svo miklu máli. Það bjargar mannlífum. Ég sæti ekki hér í dag ef konan mín hefði ekki búið yfir þessari kunnáttu. Fólk hugsar alltof oft að þetta geti ekki komið fyrir á sínu heimili.“

Ég held að fólk eigi fyrst og fremst að skoða alvarlega að verða sér úti um þessa þekkingu. Sjálfur kann ég ekki fyrstu hjálpuð upp á tíu en ég stefni á að bæta þá þekkingu hið fyrsta," segir hann.

VERÐHRUN!

RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18 • MÖRKINNI 1

KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!

MIKIÐ ÚRVAL
BÓKA Á 99 KR.



ALDREI MEIRA ÚRVAL AF BARNABÓKUM!



BÓKAPAKKAR
Á FRÁBÆRU VERÐI

OG NÚ ENN LÆGRA VERÐ!

ALLIR SEM VERSLA FÁ FRÍA BÓK!

Uppáhalds í hosi

Heba Eir Kjeld dansari



Eldhúsið er uppáhaldsstaður Hebu í íbúðinni. Eldhúsinnréttingin er upprunaleg og var sérsmiðuð inn í annað herbergi í íbúðinni og færð í framkvæmdunum. „Það er ótrúlega gaman að elda hér og við lögðum mikið upp úr eldhúsinu.“ Fréttablaðið/Vilhlem



Goccia-kaffiborðið var keypt notað í Milanó á gjafverði og setur svip á stofuna. Borðið var hannað árið 1944 af Isamu Noguchi og hefur svo sannarlega staðist tímans tönn.



Halldór lærði húsgagnsmíði og hannaði og smíðaði stólinn „Okkur þykir svo vænt um hann,“ segir Heba og bætir við að að baki stólsins hvíli mikil vinna og spekulásjónir.



Litla hansahillan er í eldhúsinu og geymir marga af uppáhaldshlutum húsráðenda. „Við keyptum íbúðina með búslóðinni, fundum þessa hillu og erum alveg ótrúlega ánægð með hana.“




Heba er fljót að nefna að kaffivélin og kvörnin séu á meðal uppáhaldshluta hennar. „Þessi eru notuð á hverjum degi. Þetta eru systkini, Rocky og Sýlvía,“ segir hún og hlær.

Notalega nýuppgerð í Norðurmýrinni

Dansarinn **Heba Eir Kjeld**, unnsti hennar, myndlistarmaðurinn **Halldór Sturluson**, og sonur hans búa í nýuppgerðri og notalegri íbúð í Norðurmýrinni. Íbúðina gerðu þau upp með góðri hjálp vina og fjölskyldu á sama tíma og þau luku námi.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is



„Við vorum fimm mánuði að gera hana upp og gerðum hana alveg fókhelda,“ segir Heba og bætir hlæjandi við að framkvæmdirnar hafi vissulega tekið á, sér í lagi þegar hún dansaði tíu tíma á dag og Dóri var í húsgagnsmíðanámi samhliða því að gera upp eitt stykki íbúð. „Það var samt líka ótrúleg gaman og fyrirhafnarinnar virði.“

Veggir voru brotnir niður, eldhúsinnrétting færð á milli herbergja, flisalagt, málað og gólfíð í íbúðinni flotað.

„Gólfíð er þínu gróft en við filum það. Það eru smá „skemmdir“ í gólfinu en það er bara karakter.“

Þegar kemur að hlutum og húsgögnum segir Heba þau vanda valið. Innbúið ber því augljóst vitni og er skemmtileg og litrík blanda af notuðu, nýju, hönnun og hlutum sem húsráðendur hafa sankað að sér á ferðalögum.



Linurnar í kjótskurðarbrettinu eru eftirmynd af götunum í hverfinu. „Ég held mjög mikið upp á þetta bretti. Við fengum það í jólagjöf og svo fluttum við í Norðurmýrina tveimur árum seinna.“

Guli vasinn er einn af hlutum sem standa í hansahillunni í eldhúsinu. Vasinn var keyptur á ferðalagi í út-löndum.



NÁMSKEIÐ

LAUGARDAGUR 12. SEPTEMBER 2015

Öflugir fræðslusjóðir

Efling – stéttarfélag er með öfluga fræðslusjóði. Sjóðirnir styrktu þúsundir til fræðslu á síðasta ári. **SÍÐA 2**

Fjölbreytt fræðsla og ráðgjöf

Líf og sál sálfræðistofa býður upp á fjölda gagnlegra vinnustaðanámskeiða. Stofan er leiðandi á sviði úttekta á vinnustöðum. **SÍÐA 6**

Lífið breytt til hins betra

Hringsjá er náms- og starfsendurhæfing fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé. Anna Björk Ragnarsdóttir hefur góða reynslu af náminu. **SÍÐA 7**





Jónas á langan blaðamannaferil að baki.

Ókeypis fjölmiðlafyrirlestrar í hundraðatali

Jónas Kristjánsson, sem á langan feril að baki sem blaðamaður og ritstjóri, kenndi blaðamennsku fyrir starfandi blaðamenn í símenntadeild Háskólans í Reykjavík um nokkurt skeið. Fyrirlestrana tók hann upp á myndskaið og var með námskeið á heimasíðu sinni jonas.is. Fyrr á þessu ári ákvað hann að opna þau öllum, án endurgjalds.

Námskeiðin heita *Textastíll, Blaðamennska, Nýmiðlun, Fréttamennska, Miðlunartækni, Rannsóknir, Ritstjórn* og *Fjölmiðlasaga* og hverju þeirra tilheyrir um fimmtíu fyrirlestrar. Í heildina skipta þeir hundruðum og ná yfir flestallt sem snýr að fjölmiðlun.

Sameiginlegt markmið námskeiðanna er, að því er segir á síðunni, að nemandi fái þekkingu og færni til að stunda allar tegundir blaðamennsku og fjölmiðlunar á prenti, í sjónvarpi, í útvarpi og í nýmiðlun á netinu.



Námskeið á haustönn 2015 Hefjast frá 21. september!

- TUNGUMÁL
- ENSKUSKÓLINN
- ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA
Icelandic as a second language
- MYNDLIST OG MYNDVINNSLA
- HANNYRÐIR
- TÓNLIST
- HOLLUSTA OG HEILSA
- DAGFORELDNÁMSKEIÐ
- FJARNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Nánari upplýsingar og innritun á heimasíðu skólans

www.nhms.is

Einnig er fyrirspurnum svarað í síma **585 5860**
og á nhms@hafnarfjordur.is



Unnið er að endurbyggingu útihúsa á Tyrfingsstöðum í Skagafirði.

Fornverka-rómantík á Tyrfingsstöðum

María Rún Jóhannsdóttir, kvikmyndagerðar- og ljósamaður, hefur unnið að gerð sjónvarpsþátta á borð við Fortitude og Halo. Þá vann María að tókum á þýskum kvikmyndum í sumar. Hún á sér þó annað áhugamál en kvikmyndagerð. Hún skellti sér á námskeið í torfhleðslu í Skagafirði.

„Ég hef alltaf haft áhuga á gömlum vinnuaðferðum. Ég heyrði námskeiðið auglýst í útvarpinu og ákvað bara að drífa mig. Ég veit svo sem ekki í hvað ég ætla mér að nýta þessa þekkingu en þetta mun örugglega eitthvað nýtast mér í framtíðinni,“ segir María Rún Jóhannsdóttir kvikmyndagerðarmaður en hún er stödd á Tyrfingsstöðum í Skagafirði þar sem hún stingur upp klömbruhnausa af miklum móð og hleður í vegg.

María er á torfhleðslunámskeiði hjá Fornverkaskólanum en skólinn hefur undanfarin ár unnið að endurgerð torfhúsa á Tyrfingsstöðum.

„Ég er borgarbarn, gisti bara á bæ hér nálægt meðan á námskeiðinu stendur. Veðrið hefur verið fínt en rok flesta dagana. Ég var samt alveg búin að reikna með roki og rigningu,“ segir María og viðurkennir að torfhleðslan sé hörkuvinna.

„Þetta tekur heilmikið á, þó ég sé vel vön erfiðsvinnu. En þetta er ótrúlega gaman og hópurrinn er frábær. Við erum sex á námskeiðinu. Tyrfingsstaðir eru merkilegur staður en hér var búið í torfbæ fram til ársins 1969.



Hér sést vel munstrið í hleðslunni.

Hér eru nokkur gömul torfhús og við vinnum við eitt þeirra, sem var hrúnið að hluta. Við byrjuðum á að taka niður timburgrindina og grafa úr botninum. Tókum svo niður hlaðna grjótegggi og skoðuðum hvernig þeir voru gerðir. Hlóðum þá svo upp aftur og lögðum. Svo stungum við klömbruhnausa hér úti á túni til að hlaða í veggina og fórum einn daginn að Glaumbæ að skera upp torf og strengi,“ útskýrir María.

En má nota nútímagræjur?

„Við erum með hamra, nagla og sagir við að smíða grindina en til dæmis kljúfum við stóra drumba niður í stað þess að saga þá niður. Þannig verða þeir sterkari.“

Hvað finnst þér svona heillandi við fornt verklag?

„Mér finnst þetta bara svo rómantískt og gaman að læra að lifa af landinu á einfaldan máta. Eins má þessi verkkunnátta ekki glatast. Mér finnst til dæmis grjóthleðslan mjög áhugaverð, ég gæti vel hugað mér að bæta við mig þannig þekkingu. Ég prófaði líka eldsmíði einu sinni og langar að gera meira af því.“



María Rún Jóhannsdóttir kvikmyndagerðarmaður skellti sér á námskeið í torfhleðslu norður í Skagafirði.

MYND/BRYNDÍS ZOEGA



Fornt handbragð sem ekki má gleymast.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is s. 512 5434. Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

Markmiðið að efla starfstengda menntun

Efling – stéttarfélag er með öfluga fræðslusjóði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, í samvinnu við atvinnurekendur. Sjóðirnir styrktu á áttunda þúsund manns til fræðslu á síðasta ári. Efling hvetur félagsmenn til að nýta sér það sem er í boði.

Fjóla Jónsdóttir, fræðslustjóri hjá Eflingu – stéttarfélagi, segir að félagið komi víða við í fræðslumálum. „Við viljum benda fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum á fræðslusjóðina en þar er hægt að sækja um ýmsa styrki til fræðslu. Styrkir til fyrirtækja og stofnana gera þeim meðal annars kleift að bjóða upp á eigin fræðslu, námskeið eða fyrirlesara fyrir starfsmenn. „Svo að segja öll fræðsla sem fyrirtæki bjóða upp á fyrir starfsmenn sína sem eru í Eflingu er styrkt af fræðslusjóðunum,“ segir Fjóla. Fræðslusjóðir atvinnulífsins eru í sameiginlegri eigu atvinnurekenda og stéttarféлага en þar fyrir utan er Efling líka með sitt eigið fræðslustarf.

Mörg námskeið í boði

Einnig eru ýmis starfstengd námskeið í boði fyrir félagsmenn Eflingar á vinnumarkaði. Þessi námskeið eru greidd af fræðslusjóðunum og af mörgum má nefna námskeið fyrir leiðbeinendur á leikskólum, fyrir starfsmenn í mótuneytum og námskeið í umönnun. Kennir er samkvæmt námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins en helstu samstarfsaðilar eru Mímir símenntun, Iðan og Menntaskólinn í

Kópavogi. Markmið okkar er að efla starfstengda menntun á vinnumarkaðnum.

Þá geta einstaklingar fengið styrki vegna náms eða námskeiða sem þeir sækja. Margir hafa nýtt sér þessa styrki til að efla sig í starfi og dæmi er um að endurmenntun ýti undir að fólk fari í áframhaldandi nám. „Þessu til viðbótar býður Efling upp á ýmiss konar ókeypis námskeið fyrir félagsmenn, til dæmis samskiptanámskeið og markþjálfun. Einnig erum við með öflugan fræðslu fyrir trúnaðarmenn í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu.“

Leið að nýrri braut

Fjóla segir að á síðasta ári hafi Efling styrkt um 8.000 félagsmenn í gegnum fræðslusjóðina. Við kynnum þessa fræðslumöguleika fyrir félagsmönnum í samtölum okkar við þá, í félagsblaði Eflingar og á heimasíðu. „Við komum víða við í eflingu starfsmenntunar og hvetjum fyrirtæki og einstaklinga til að nýta sér fræðslusjóðina. Það mikilvægasta í hlutverki okkar er að fá fólk til að taka ákvörðun um að fara aftur stað, í stutt eða langt nám eftir atvikum. Það er oft leiðin inn á nýja braut í lífinu. Af þessu erum við í Eflingu alltaf stoltust,“ segir Fjóla.



Fjóla Jónsdóttir, fræðslustjóri hjá Eflingu.

MYND/GVA

Ótrúlega flott styrktarkerfi

Bryndís Eva Vilhjálmssdóttir starfar sem félagsliði á Hrafnistu í Kópavogi. Bryndís fór á tvö fagnámskeið í umönnun áður en hún fór á félagsliðabrá hjá Mími, en langaði að mennta sig frekar og var að byrja í sjúkraliðanámi. Bryndís er í starfi meðfram náminu. „Ég fékk áhuga á að mennta mig frekar,“ segir hún. „Ég nýtti mér fræðslusjóð Eflingar fyrir skólagjöldum. Efling er að gera ótrúlega mikið og gott starf í starfs- og símenntun. Það er hægt að fá alls kyns styrki sem skipta okkur miklu máli. Ég hefði ekki komist í þetta nám án þess að fá styrk. Ég fékk líka styrk þegar ég sótti námskeið í félagsliðanámi hjá Mími. Ég þurfti ekkert að borga úr eigin vasa,“ segir Bryndís sem hvetur fólk til að kynna sér og nýta það sem er í boði hjá fræðslusjóði Eflingar. Sjóðurinn veitir manni mjög gott tækifæri til að mennta sig sem hefði annars ekki verið möguleiki. Þegar ég hef lokið þessu námi þá hækka ég í launum,“ segir Bryndís.



Bryndís Eva Vilhjálmssdóttir nemi.

MYND/GVA



Guðrún Kristín Svavarsdóttir, rekstrarstjóri Eldhúss Landspítala.

MYND/ANTON BRINK

Eykur færni starfsmanna

Guðrún Kristín Svavarsdóttir, rekstrarstjóri hjá Eldhúsi Landspítala, hefur nýtt sér fræðslusjóð Eflingar til starfsþjálfunar starfsmanna. „Við sendum starfsmenn á fagnámskeið til þess að þeir geti aukið færni sína í eldhúsinu. Þetta eru oft grunnnámskeið sem fram fara í Menntaskólanum í Kópavogi. Námskeiðin eru starfsmönnum að kostnaðarlausu þar sem stéttarfélagið greiðir allan kostnað. Námskeiðin eru þrjú. Í skólanum kynnist fólk og lærir undirstöðuatriði í næringarfræði, örverufræði og öðru sem tengist þessu starfi. Í rauninni er þetta bráðnaðsynlegt fyrir almenna starfsmenn,“ segir Guðrún og bætir við að stundum sé námskeiðið hvatning til frekara náms í þessu fagi. „Sumir fara í matsveininn og aðrir verða matartæknar. Þetta er mjög hvetjandi,“ segir hún. „Þá hefur Efling einnig tekið þátt í kostnaði við íslenskunám fyrir þá sem þurfa. Fræðslusjóðurinn og vinnuveitandi hafa gert starfsmönnum kleift að fagmennta sig og þar með auka færni sína á vinnumarkaði.“

Höfum aukið starfsþjálfun

Fyrirtækið Securitas hefur notfært sér fræðslustyrki Eflingar og atvinnurekenda (Starfsafl fræðslusjóður) til að fræða starfsmenn. Hlíf Böðvarsdóttir, fræðslustjóri hjá fyrirtækinu, segir að ákveðið hafi verið að rafvæða kennsluna og koma upp Securitas-skóla á netinu. „Ég sótti um styrk hjá Starfsaflinu til að þróa þennan nýja skóla og fékk strax jákvæð viðbrögð. Þess utan hefur sjóðurinn verið okkur hvatning til námskeiðahalds bæði utan- og innanhúss. Við fáum styrk vegna eigin fræðslu fyrir hvern þann sem situr námskeiðið innanhúss og síðan endurgreiðslu þegar við sendum starfsmenn á námskeið utanhúss. Vegna þessara styrkja höfum við markvisst aukið símenntun í fyrirtækinu,“ segir Hlíf. „Fræðslusjóðurinn er hvetjandi til að efla okkar innri kennslu og við erum vakandi yfir þeim námskeiðum sem bjóðast. Þegar starfsmenn hefja störf hér fara þeir strax á námskeið innanhúss. Í framhaldinu eru menn sendir á námskeið utanhúss. Til dæmis fá öryggisverðir hjá okkur mjög mikla starfsþjálfun, fyrst í rafræna skólanum okkar og síðan áframhaldandi starfsmenntun. Dæmi um það er Rauði jakkinn, sem er unnið í samvinnu við Sjúkraflutningaskóla Íslands. Þar hafa átta öryggisverðir farið í gegnum stíft nám í vettvangshjálp og undirbúning fyrir sjúkraflutning.“

Styrkirnir til að halda innanhússnámskeið urðu til þess að það er hægt að efla menntun á faglegri hátt en áður. Fræðslusjóðurinn hefur tekið mjög jákvætt í að styrkja okkur og ég myndi hvetja fyrirtæki til að nýta sér sjóðina. Starfsmenn hafa verið ánægðir og við erum sífellt að hanna ný námskeið. Starfið er alltaf í þróun,“ segir Hlíf.



Hlíf Böðvarsdóttir, fræðslustjóri hjá Securitas.

MYND/GVA

Sækir innblástur á fjarlæggar slóðir

Mataráhugi Berglindar Ólafsdóttur hefur leitt hana á nokkur matreiðslunámskeið erlendis þar sem hún hefur m.a. lært marokkóska brauðgerð, eldað indverskan götumat og gjörnýtt ferskt hráefni. Grís sem var nýttur frá trýni að hala var einnig mikil áskorun.

Ástríða fyrir mat hefur fylgt Berglindi Ólafsdóttur frá því hún var ung stelpa. Hún byrjaði snemma að elda fyrir bræður sína auk þess sem öll sumarstörf hennar á unglingsárum tengdust mat á einhvern hátt. Áhuginn jókst bara með árunum enda les Berglind mikið af matreiðslubókum, fylgist með matarbloggum, horfir á matreiðsluþætti í sjónvarpi og sækir ýmis matreiðslunámskeið, þ.m.t. nokkur erlendis. „Yngri dóttir mín deilir þessum áhuga með mér. Hún skoraði á mig að setja upp matarblogg og lofaði að aðstoða við myndatökur. Úr varð matarbloggið kryddogkrasir.com sem er eiginlega samvinnuverkefni allrar fjölskyldunnar.“

Eitt það skemmtilegasta sem Berglind gerir er að sækja matreiðslunámskeið erlendis og hefur hún sótt nokkur undanfarin ár. „Fyrst fór ég með vinkonu minni árið 2011 til Marrakesh í Marokkó en krydd og brauð skipa stóran sess í matargerð Marokkómanna. Tveimur árum síðar fórum við hjónin á námskeið í indverskum götumat hjá Jamie Oliver í London en hann hefur um margra ára skeið verið átrúnaðargoð mitt í eldhúsinu.“



Eitt það skemmtilegasta sem Berglind Ólafsdóttir gerir er að sækja matreiðslunámskeið erlendis.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Í vor fór Berglind á eftirminnilegasta námskeiðið til þessa þegar hún sótti fjögurra daga matreiðslunámskeið hjá Hugh Fearnley-Whittingstall í River Cottage í Suður-Englandi. „Ég hef lengi átt þann draum að heimsækja stjórnukokkinn Hugh Fearnley-Whittingstall og samstarfsfólk hans á River Cottage sem er matarbylí í Suður-

Englandi. Námskeiðið stóð yfir í fjóra daga þar sem hver dagur hafði sitt þema; fyrsta daginn var lögð áhersla á grænmeti, þann næsta fisk, kjöt á þriðja degi og lokadagurinn var helgaður bakstri.“

Allt nýtt til hins ýtrasta

Hugh er einnig talsmaður lífrænnar ræktunar og þess að

neytendur séu meðvitaðir um uppruna þeirrar matvöru sem þeir kaupa og nýtingu hennar. „Á hverjum degi var boðið upp á óvænta lystauka og alltaf á hárréttum augnablikum. Ískalt freyðivín sem unnið var úr blómum ræktuðum á svæðinu þegar við vorum búin að vinna í hita í dágóða stund eða dásamlegt eplavín þegar orkan var um

það bil að detta niður og nokkur stund í fyrsta rétt dagsins. Stöðugt var verið að koma okkur á óvart með litlum og óvæntum hlutum sem við áttum ekki von á og gerðu dvölinna enn eftirminnilegri.“

Á landareigninni er ræktað grænmeti, ávextir og kryddjurtir og nýttur við það sem var ferskast hverju sinni. „Við lærðum t.d. að nýta allan blómkálshausinn, notuðum brenninetlu til að krydda brauð, blóm og blöð af baunagrasi í salatið og fyrstu aspaspottar vorsins fengu að fara ferskir og örþunnt sneiddir í steiktan blómkálstrétt. Grísinn var nýttur frá trýni að hala, eitt hvað sem ég mun líklega aldrei leika eftir. Já, og baksturinn, alls kyns bökur og brauð, svo ekki sé minnst á smjördeigið, annars vegar fyllt með krydduðu kjöti og hins vegar með sættum rabarbara.“

Hún segir matreiðslunámskeið spennandi kost á ferðalögum erlendis. „Maður undirbýr ferðina með góðum fyrirvara og hefur því nægan tíma til að leyfa sér að hlakka til og spekúlera í því sem maður er að fara að læra og melta síðan vel og lengi að námskeiðinu loknu.“

WWW.FRISTUND.IS

Allskonar fyrir alla á frístundavefnum

Eitthvað fyrir alla um alla borg



Fáðu nánari upplýsingar á fristund.is.
Eftir áskráningu á fristundakort.is eða í síma 411 1111
á netfanginu fristundakort@itr.is eða í síma 411 1111



SÉRNIÐIÐ NÁMSKEIÐ FYRIR HEIMSÓKNAVINI MEÐ HUND HJÁ RAUÐA KROSSINUM

Heimsóknavinaverkefni Rauða krossins er eitt stærsta og útbreiddasta verkefni félagsins. Alls starfa rúmlega 550 sjálfbóðaliðar um allt land við heimsóknþjónustu Rauða krossins. Hlutverk heimsóknavinar er fyrst og fremst að veita félagsskap, nærveru og hlýju. Heimsóknavinur með hund er eitt verkefni heimsóknavina. Heimsóknavinir af þessu tagi, þar sem hundurinn er í aðalhlutverki, eru þekktir víða um heim og sums staðar taka hundarnir virkan þátt í þjálfun og endurhæfingu sjúklunga. Hundavinirnir á vegum Rauða krossins fara í reglubundnar heimsóknir á stofnanir og heimili, meðal annars til langveikra barna, aldraðra og fatlaðra.

Þó nokkur undirbúningur liggur að baki hverri heimsókn. Eigendur hundanna þurfa að byrja á því að fara á þriggja tíma námskeið fyrir almenna heimsóknavini og klukkutíma námskeið sem er sérniðið að hundaheimsóknum. Eftir það þarf að láta skoða hundinn til að ganga úr skugga um að hann henti í verkefnið. Standist hundurinn matið er fundinn gestgjafi sem vill fá heimsókn frá hundi og eiganda hans.

Mánudaginn 21. september verður haldið námskeið sem er sérniðið fyrir verðandi hundavini. Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Rauða krossins, raudikrossinn.is.



Íslenskir hönnuðir í París

Tólf íslenskir hönnuðir sýna verk sín á Salon Révélations í París um helgina. Þeirra á meðal Orri Finn, María Kristín Jónsdóttir, Hanna Dís Whitehead og Þórunn Árnadóttir. **SÍÐA 6**

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skípulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þáulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



HVERGI NÆRRI HÆTT AÐ SYNGJA Hjördís er létt og kát eins og dóttir hennar, Hera Björk söngkona.

MYND/VILHELM

GLEÐIN Í FARTESKINU

LÍFSGLÖÐ Hjördís Geirsdóttir söngkona er hvergi nærri hætt að syngja eða skemmta þótt hún sé 71 árs. Hún segist halda áfram á meðan heilsan leyfi. Hjördís flaug til Benidorm í gær þar sem hún er skemmtanastjóri.

Hjördís er glaðlynd og hress en það þekkja vel þeir fjölmörgu farþegar sem hafa fylgt henni á sólarströnd, bæði Benidorm, Kanarí og Tenerife í gegnum tíðina. Hún tekur gjarnan upp gítarinn og syngur gömlu, góðu lögin. Gömlu lögin sem hún söng á böllunum í gamla daga, enda syngja allir með Hjördísi. Dóttir hennar, Hera Björk Þórhallsdóttir, er ekki síður hress en þær mæðgur verða með tónleika í Salnum í Kópavogi í október ásamt fleiri góðum söngvurum þar sem Jóns Sigurðssonar, Jóns í bankanum, verður minnst. Hann hefði orðið níræður á þessu ári. Jón á heiðurinn af mörgum helstu dægurperlum Íslands.

GÖMLU MEISTARARNIR

„Við vorum með svona tónleika í maí sem tókust svo vel að við ætlum að endurtaka leikinn. Við Jón störfuðum saman um ára-

bil,“ segir Hjördís. „Jón var harmóníku-leikari, textahöfundur og bankamaður. Ég ætla að rifja upp texta hans með unga fólkinu sem syngur með mér. Fólk verður oft hissa á hversu mörg lög Jón gerði og flestir þekkja þau vel. Þessir gömlu meistarar gerðu svo fallega texta við dægurlög sem innihéldu gjarnan sögu. Hver man ekki eftir Einsa kalda úr Eyjunum, Ég er kominn heim, Komdu í kvöld, Úti í Hamborg og fleiri sígildum dægurperlum?“ spyr Hjördís. „Salurinn syngur með þegar maður syngur þessa gömlu, góðu texta.“

Í FJÖRINU Á SPÁNI

Hjördís var búin að pakka þegar við spjölluðum við hana og orðin spennt að fara í sólina. Hún verður á Benidorm í mánuð en það er árlegt hjá henni á haustin. „Ég fer með farþegum 60+ og tek að mér að skemmta fólki. Um

ÞAKKLÆTI

„Við skemmtum fólki sem er þar í dagvistun. Fólk sem er orðið full-orðið og lúíð, sumir að ná sér eftir veikindi. Fólk er ákaflega þakklátt þegar við komum og syngjum með því.“

Ennþá öflugra D-vítamín

Munnúði - tryggir hámarksupptöku

- Spreyjað undir tungu
- Engar töflur til að kyngja
- Einfalt og braðgott
- Tryggir hámarks-nýtingu



3ja mánaða skammtur

Fæst í apótekum, heilsubúðum og störmörkuðum

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



Vertu laus við LIÐVERKINA



Eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi!



NUTRILENK™ GOLD

Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hjám og mjóbacki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúruylf sem dugað hafa skammt. Bæklunarlæknir benti mér á að hyggja betur að lífsstílnum og taka inn NUTRILENK. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK finn ég verkina koma aftur. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK.“



Hinrik Ólafsson; leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur störmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is

► helgina byrjar fjörið, fyrst með kynningu, síðan göngutúr og síðan verður skemmtidagskrá á sunnudaginn. Á milli vinnu ætla ég bara að slaka á og njóta þess að vera í góða veðrinu. Ég fer á vorin til Tenerife og á haustin til Benidorm,“ segir Hjördís og bætir við að margir komi aftur og aftur í þessar ferðir. „Þetta er ægilega skemmtilegt fólk.“

Þegar Hjördís er spurð hvernig það hafi komið til að hún tók að sér þetta starf, svarar hún: „Fyrir þrjátíu árum söng ég á böllum fyrir eldri borgaraklúbb á vegum Útsýnar. Fólk kom hvaðanæva af landinu og skemmti sér á Hótel Sögu. Þar var ég uppgötvuð og boðið að fara með í ferðir. Ég starfaði líka sem sjúkraliði og hafði því viðtæka reynslu til að fara með eldra fólk til útlanda. Í framhaldinu lærði ég nokkur grip á gítar og tek hann gjarnan upp á skemmtunum.“

SYNGUR FYRIR SJÚKA

Hjördís skemmtir ekki eingöngu farþegum á sólarströnd. Hún heldur gjarnan söngskemmtanir fyrir fólk sem dvelur í Múlabæ ásamt fleiri konum sem kalla sig Hafmeyjarnar. „Við skemmtum fólk sem er þar í dagvistun. Fólk sem er orðið fullorðið og lúíð, sumir að ná sér eftir veikindi. Fólk er ákaflega þakklátt þegar við komum og syngjum með því. Ég er með í fóstri nokkrar svona dagvistanir sem ég heimsæki reglulega og oft með Hafmeyjunum en þetta gerum við í sjálfboðavinnu. Það er svo gaman að upplifa gleðina með fólkinu,“ segir Hjördís. „Hafmeyjarnar eru konur sem ég kynntist í sunni

þegar ég flutti í Mosfellsbæinn. Við fengum okkur kaffi eftir sunnið og ég fékk þær til að koma með mér á dagvistarstofnanir og syngja fyrir fólk þar. Við erum allar hættar að vinna og finnst þetta mjög skemmtilegt. Það sýna allir viðbrögð við söngnum, hversu lasið sem fólk er. Ég gæti gert þetta á hverjum degi hefði ég tíma, en ég fæ svo margar beiðnir um að koma á hinar og þessar stofnanir,“ segir Hjördís. „Við tökum mest gömul lög en svo ný inni á milli, eins og það geta ekki allir verið gordjös og þannig tynist tímum.“

LANGUR FERILL

Hjördís hefur verið lengi í bransanum. „Ég byrjaði að syngja fimm-tán ára. Ég er fædd og uppalin í Flóanum. Bróðir minn, Gissur Geirsson heitinn, var með hljóm-sveit. Á þessum tíma var danska söngkonan Gitte Henning afar vinsæl. Hún kom hingað til lands árið 1959 og var með mjög vinsælt lag sem nefnist Mama. Ég fór að stæla sönginn hennar í fjósinu heima. Þegar Gissur bróðir heyrði í mér kippti hann mér á hljóm-sveitaræfingu og lét mig syngja Mama. Þannig varð ferillinn til,“ segir Hjördís sem söng meðal annars í fimm ár á Hótel Loftleiðum með hljóm-sveit Karls Lilliendahl. „Í þeirri hljóm-sveit voru líka Árni Scheving, Árni Elvar, Guðjón Karlsson og fleiri frábærir músikantar.“

Hjördís hefur gefið út tvær hljómplötur, árin 1990 og 2001. Á seinni plötunni reyndi ég að ná saman eldri tónlistarmönnum og var með aldurstakmarið 50+. Mér blöskraði þessi ungdómsást sem var sprottin upp á þeim tíma. Ég

gerði því uppreisn og fékk gömlu karlana með mér. Það voru sautján meðspilarar með mér á plötunni, tveir sem rétt sluppu inn vegna aldurs. Bakraddasöngkonurnar fengu undanþágu þar sem það voru Hera Björk, dóttir mín, og Kristjana Stefánsdóttir sem er nánast stjúp dóttir.“

HREYFING ER GÓÐ

Starfsmenn hótelsins Melia á Benidorm, þar sem Hjördís býr, eru afar kátir þegar hún kemur, enda syngur hún fyrir alla hótalgesti. „Ég syng Bítlana og Tinu Turner í bland við íslenska tónlist. Það er mjög gaman að eldast í þessu starfi og ég þakka fyrir góða heilsu. Ég hef alltaf hugsað vel um mig, stunda sund og fer í göngur. Ég var lengi heilbrigðisstarfsmaður og veit vel hvað það er mikilvægt að hreyfa sig,“ segir Hjördís. „Mér líður vel í sólinni og hitanum á Spáni en er ekki mikið fyrir að liggja í sólbaði. „Ég var í kuldanum fyrir norðan í sumar og lét hann svo sem ekkert á mig fá,“ segir Hjördís og bætir því við að fjölskyldan eigi lítinn og fallegan sveitabæ í Þingeyjarsýslu. „Við reynum að dvelja þar á sumrin, stunda trjárækt og veiða fisk.“

Hjördís segist hafa kynnt mörgu yndislegu fólk í gegnum starf sitt. Hún er mannblendin og á auðvelt með að umgangast fólk. Þegar hún er spurð hver sé uppáhaldsstaðurinn, svarar hún: „Það er eiginlega hver staður með sitt sérkenni en ef ég á að vera hrein-skilin finnst mér best að vera á Tenerife. Þangað fer ég með hóp í mars,“ segir þessi hressi skemmtanastjóri. ■elin@365.is



SYNGUR FYRIR SJÚKA Hjördís syngur ekki bara fyrir farþega á Spáni heldur heimsækir hún reglulega dagvistarstofnanir á höfuðborgarsvæðinu og skemmtir fólk. MYND/VILHELM

AFMÆLISDAGAR

comma,
SMÁRALIND

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Söllumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434 | **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

Náttúrulegt
Melatónín

ZenBev Triptófan úr graskersfræjum

Friðsælar nætur
Streitulausir dagar
Betri og dýpri svefn
Engin eftirköst eða ávanabinding

Upplýsingasími 896 6949 og www.vitex.is

Visindaleg sönnun á virkni
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/16053244>
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/18066139>

Fæst í apótekum og heilsubúðum

Betra blóðflæði

Betri heilsa

NO. - 1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

Íslensk vottun á virkni NO³
Sýni rannsóknarstofa Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Fæst í apótekum og heilsubúðum

Upplýsingar www.SUPERBEETS.is vitex ehf. · Upplýsingasími 896 6949

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fánlega góðu verði.

365

1817 365.is

*Gildir fyrir áskrifendur í tilbodsþökkum 365

GOTT ÚRVAL Á FRÁBÆRU VERÐI!

Stærðir 36-56

ZIK
TÍSKUHÚS



Sólgæti



HEILNÆMT OG
NÁTTÚRULEGT
**LJÓMANDI
GOTT**



Vörurnar frá Sólgæti eru hollar og góðar fyrir sælkeri á öllum aldri sem vilja gera vel við sig. Líttu í kringum þig í næstu verslun. Þú kemur eflaust auga á eitthvað ljómandi gott.



heilsa.is

solgaeti.is

FÓLK|HELGIN



LEIKUR LISTIR Sigurður Júlíus hefur lifað og hræst í brettaheiminum í tuttugu ár og kann ýmislegt fyrir sér.

MYND/STEFÁN

LÍTIÐ MÁL AÐ ELDAST Í BRETТАÍPRÓTTINNI

Á BRETТИ ALLT ÁRIÐ Hjólabrettin eru tekin til kostanna af miklum móð í nýju æfingahúsi Brettefélags Reykjavíkur sem var opnað í Dugguvogi 8 í vor.

Sigurður Júlíus Bjarnason hefur stundað brettaípróttina í hartnær tuttugu ár. „Ég byrjaði sem gutti á svipuðum tíma og Brettefélag Reykjavíkur var stofnað,“ segir Sigurður en félagið verður tuttugu ára á næsta ári.

Sigurður er í forsvari fyrir félagið ásamt sterkum kjarna brettaiðkenda en annars er félagafjöldi síbreytilegur enda stöðug nýliðun. Oft er talið að brettaípróttin sé aðeins fyrir ungt fólk en því er Sigurður ekki sammála. „Það er lítið mál að eldast vel í þessari íprótt svo lengi sem maður heldur kunnáttunni við, og þá er góð aðstaða auðvitað lykilatriði.“

Brettefélagið var áður með aðstöðu á Seljavegi 2 en tók nýja húsnæðið í Dugguvogi í gagníð í byrjun apríl. Húsnæðið, sem áður hósti kjötvinnslu, var allt tekið í gegn af félögunum sjálfum, vinum og vandamönnum. „Við þurftum að mála, koma fyrir lýsingu, rífa teppi og vegg,“ lýsir Sigurður og allar innréttingar eru smíðaðar af brettaiðkendum sjálfum. „Við erum enn þá að byggja skál sem við vonumst til að verði tilbúin fyrir jólin.“

„Æfingaaðstaðan byggir á ákveðnu flæði, hægt er að fara á milli svæða hindrunarlaust en einnig er hægt að skipta því upp ef margir eru í húsinu,“ segir Sigurður og bendir á að húsið sé opið öllu hjólabrettafólki. „Það er ekkert aldurstakmark en fólk er hér á eigin ábyrgð.“

Brettefélagið heldur reglulega námskeið fyrir byrjendur. „Þetta eru helgarnámskeið á veturna og hálf mánaðar námskeið á sumrin. Svo er stefnan hjá okkur að bjóða upp á langtímanámskeið sem nær yfir heilan vetur til að iðkendur geti nýtt sér frístundakort Reykjavíkurborgar,“ segir Sigurður og telur bjart fram undan í brettaípróttinni.

Aðgangseyrir er 900 krónur en einnig er hægt að kaupa klippikort og mánaðakort.

Opið er frá 17 til 22 á virkum dögum og frá 13 til 18 um helgar.



SÁTTUR Sigurður er afar ánægður með nýja húsnæðið í Dugguvogi.



Á ÖLLUM ALDRI Brettakrakkar leika listir sínar.



GÓÐ AÐSTAÐA Félagar Brettefélags Reykjavíkur hafa sjálfir smíðað allar innréttingar.

HAUST 2015

PEYSUDAGAR

20% afsláttur



COSMO
Kringlunni

Mathilde

Barstóll hvítur og rauður

17.990 kr. ~~27.990 kr.~~



HÚSGAGNA HÖLLIN




Drengjakór Reykjavíkur

verður með áheyrnarprufur í Neskirkju mánudaginn 14. september kl. 16., eða í samráði við stjórnanda kórsins Steingrím Þórhallsson í síma 896-8192.

Áhugasamir og söngelskir drengir á aldrinum 8-12, velkomnir. Myndir úr starfi kórsins og ferðalögum á Facebook síðu kórsins.

„Syngja eins og englar, hegða sér eins og herrar og leika sér eins og strákar.“



Styrkir úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ

Umsóknarfrestur til að sækja um styrki úr **Fræðslu- og verkefnasjóði Ungmennafélags Íslands** er til **1. október**.

Umsóknum skal skilað rafrænt á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu UMFÍ (www.umfi.is) undir **Styrkir** fyrir **1. október**.

Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttageinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélags-hreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlega verkefnahreyfingarinnar.

Nánari upplýsingar eru gefnar á þjónustumiðstöð UMFÍ í síma 568-2929.



OBJECT 11 Að Hlutagerðinni standa Elín Bríta, Hjörtur Matthías Skúlason og Hrönn Snæbjörnsdóttir.



SERIES X EFTIR MÓT Mót samanstendur af Baldri Helga Snorrasyni, Guðrúnu Harðardóttur og Kötlumariudóttur.



DIALOG 02 eftir Hönnu Dís Whitehead



STAKA eftir Maríu Kristínu Jónsdóttur.

SÝNA VERKÍ PARÍS

FALLEG SÝNING Tólf íslenskir hönnuðir sýna nú verk sín á Salon Révélations í París um helgina við góðar undirtektir gesta.

Sýningin er falleg. Það tala margir um hversu vel heppnuð Salon Révélations er. Það er einnig mjög áhugaverð nálgun á Magic Language-sýningunni. Staka hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð og margir verði að spyrjast fyrir og einhverjir ætla að vera í sambandi,“ segir María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður en hún sýnir hálsmenalínu sína Stöku á Révélations í París um helgina.

Révélations er alþjóðlegur tvíær-ingur sem fer nú fram í París í annað sinn. Þar fara fram ráðstefnur um skapandi greinar, vinnustofur og tvær sýningar, Le Banquet og Magic Language/Game of Whispers.

Hátt í 340 hönnuðir taka þátt frá 15 löndum, þar af tólf íslenskir hönnuðir


María Kristín sýnir Stöku á sýningunni La Banquet og þar sýnir einnig hönnunarfyrtækið MÓT. Á Magic Language/Game of Whispers sýna Helga Ósk Einarsdóttir, Hlutagerðin,

Orri Finn, Hanna Dís Whitehead og Þórunn Árnadóttir.

„Staðsetningin er frábær á sýningarbasnum og sýningargestir virðast kunna að meta sýninguna,“ segir Hrönn Snæbjörnsdóttir, ein þriggja hönnuða Hlutagerðarinnar. „Sýningin er byggð upp eins og hvílleikur og höfum við heyrt að gestum finnist það áhugverð nálgun að vali á sýningagripum. Íslensku hönnuðirnir sem og hinir hönnuðirnir frá Norðurlöndum eru að fá jákvæða athygli, til dæmis kom franskri forsætisráðherrann að skoða sýninguna í gær. Það hefur mikla þýðingu fyrir okkur að taka þátt og fá tækifæri til að sýna okkar hönnun erlendis, kynnast öðrum hönnuðum, sýningarstjórum og hitta sýningargesti,“ segir Hrönn. ■ heida@365.is

SÝNING

María Kristín Jónsdóttir vöruhönnuður sýnir hálsmenalínu sína Stöku á Révélations í París um helgina.



ORRI FINN



OKKUR VANTAR MIKILVÆGA HLEKKI Í KEÐJUNA

Landspítali auglýsir laus störf geislafræðinga, hjúkrunarfræðinga, lífeindafræðinga og sjúkraliða. Hafir þú áhuga á að takast á við krefjandi starf í líflegu og skemmtilegu umhverfi þá erum við að leita að þér.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Landspítala; www.landspitali.is, undir „laus störf“

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.



Alþýðusamband Íslands eru heildarsamtök launafólks. Félagsmenn í ASÍ eru um hundrað þúsund í fimm landssamböndum og 51 aðildarfélagi um land allt. Þar af eru ríflega 98.000 virkir á vinnumarkaði. Félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ eru starfandi á flestum sviðum samfélagsins, á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um hagsmuni þeirra og réttindi.

Sérfræðingur í vinnuvernd og vinnustaðaeftirliti

Alþýðusamband Íslands leitar að metnaðarfullum einstaklingi með góða þekkingu á vinnumarkaðinum og umhverfi verkalýðshreyfingarinnar og brennandi áhuga á þeim málefnum sem ASÍ vinnur að. Viðkomandi starfar í nánu samstarfi við forsvarsmenn aðildarsamtaka ASÍ, starfsmenn stéttarféлага og eftirlitsfulltrúa þeirra, starfsfólk ASÍ og samstarfsaðila utan verkalýðshreyfingarinnar með það að markmiði að atvinnurekendur virði gildandi löggjöf og kjarasamninga.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Að efla starf ASÍ og samstarfsaðila á sviði vinnustaðaeftirlits
- Að halda utan um skipulag og framkvæmd vinnustaðaeftirlitsins af hálfu ASÍ
- Að bera ábyrgð á daglegum samskiptum við samstarfsaðila utan verkalýðshreyfingarinnar
- Að auka þekkingu og vitund um mikilvægi vinnuverndar
- Að sjá um upplýsingamiðlun og kynningar á sviði vinnuverndar
- Að leiða stefnumótun á sviði vinnuverndar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð þekking á vinnumarkaðinum og umhverfi verkalýðshreyfingarinnar
- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og góðir skipulagshæfileikar
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af teymisvinnu
- Reynsla af vinnu við stefnumótun og vitundarvakningu

Upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 27. september nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfræðingur í þjóðhagsvarúð	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201509/929
Kerfisstjóri	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201509/928
Sjúkráþjálfi	Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	Reykjavík	201509/927
Sérfr. í málefnum útlendinga	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201509/926
Aðalvarðstjóri	Lögreglustjórinn á höfuðb.svæðinu	Reykjavík	201509/925
Starf við ræstingar	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201509/924
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, launadeild	Reykjavík	201509/923
Tæknimaður á rannsóknarstofu	Háskóli Íslands, Jarðvísindastofnun	Reykjavík	201509/922
Rannsóknarstaða	Háskóli Íslands, Kerfislíffræðisetur	Reykjavík	201509/921
Bókari	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupsst.	201509/920
Launafulltrúi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201509/919
Fjármálastjóri	Umhverfisstofnun	Reykjavík o.fl.	201509/918
Sérfræðilæknar	Landspítali, aðgerðasvið	Reykjavík	201509/917
Sérfræðingur í heimilislækningum	Heilsugæslan í Garðabæ	Garðabær	201509/916
Emb.nefndarm. í úrsk.n. velf.mála	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201509/915
Emb. form. úrsk.nefndar velf.mála	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201509/914
Móttökuritari	Heilsugæslan Árbæ	Reykjavík	201509/913
Ljósmæður	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201509/912
Líffræðingur/lífeindafræðingur	Landspítali, veirufræðideild	Reykjavík	201509/911
Lífeindafræðingur	Landspítali, sýklafræðideild	Reykjavík	201509/910
Deildarlæknar	Landspítali, Barnaspítali Hringins	Reykjavík	201509/909
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, hjartagátt	Reykjavík	201509/908
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, svefnrannsóknir	Reykjavík	201509/907
Sjúkraliði	Landspítali, speglunardeild	Reykjavík	201509/906
Sérfræðilæknir	Landspítali, skurðlækningasvið	Reykjavík	201509/905
Umsjónarmaður m. húsi og innk.	Menntaskólinn í Kópavogi	Kópavogur	201508/904
Lögreglumaður	Lögreglustjórinn á Suðurlandi	Selfoss	201508/903
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	Blönduós	201508/902
Veiðieftirlitsmenn	Fiskistofa	H.f./Stykkish.	201508/901



Meiraprófsbílstjóri

Bílstjóri með CE réttindi óskast í 100% starf við áfyllingar flugvéla á Reykjavíkflugvelli, ADR-réttindi kostur.

Ferilskrá sendist til: jobs@globalfuel.is

STAY

STAY APARTMENTS er framsækið íbúðarhótel með yfir 70 íbúðum í rekstri í miðbæ Reykjavíkur. Við erum að leita að starfskrafti í eftirfarandi stöðum:

Aðstoðarhótelstjóri. Starfið felur í sér að sjá um bókunarkerfi hótelsins, bókunaráttur, tölvupóstasamskipti, daglegan rekstur, launaútreikninga og annað tilfallandi. Reynsla í hótelrekstri æskileg en ekki nauðsynleg.

Handlaginn. Starfið felur í sér almennt viðhald á íbúðum og tilfallandi minniháttar framkvæmdir.

Perna. Viðkomandi þarf að hafa reynslu í þrifum, vera sjálfstæður, stundvís og drífandi einstaklingur.

Vinsamlegast sendið umsóknir merktar því starfi sem sótt er um á halldor@stay.is.

EINHOLT 2 | 105 REYKJAVÍK | STAY@STAY.IS | STAY.IS



Rekstrarstjóri hafna Norðurþings

Norðurþing óskar eftir að ráða rekstrarstjóra fyrir hafnir Norðurþings, með starfsstöð á Húsavík.

Starfssvið:

- Stjórnun og daglegur rekstur
- Annast kostnaðareftirlit með einstökum tekju- og kostnaðarpáttum hafnanna og eftirlit með fjárhagskuldbindingum
- Eftirlit og eftirfylgni á reglugerðum
- Samskipti við viðskiptavini hafnanna
- Annast ýmis samskipti og uppgjör við Samgöngustofu, Siglingasvið Vegagerðarinnar og Fiskistofu
- Verkstýring
- Umsjón með markaðsstarfi hafnanna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnun skilyrði
- Skipstjórarréttindi kostur
- Þekking á starfsemi hafna (hafnsækinni starfsemi) æskileg
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og vönduð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í máli og riti á íslensku og ensku

Hafnir Norðurþings eru þrjár. Húsavíkurhöfn er þeirra stærst og flokkast sem meðalstór fiski- og flutningahöfn í dag. Miklar framkvæmdir standa þó fyrir dyrum á hafnarsvæðinu m.a. á viðleguköntum, brimvarnargörðum og vegna dýpkana, í ljósi iðnaðaruppbyggingarinnar á Bakka. Lengd bryggjukanta verður ríflega 700 metrar og mesta dýpi við kant 12 metrar við Bökugarð á um 200 metra kafla. Dráttarbraut er í höfninni fyrir 250 þungatonn.

Á Raufarhöfn er meðalstór fiskihöfn. Lengd bryggjukanta er 500 metrar og er mesta dýpi við kant 8,5 metrar á 50 metra kafla og 6,5 metrar á 160 metra kafla. Dýpi í innsiglingu er 9,5 metrar.

Á Kópaskeri er smábátahöfn. Lengd bryggjukanta er 119 metrar og er mesta dýpi við kant 4 metrar á 50 metra kafla. Flotbryggja staðsett í höfninni sem rúmar 4 báta.

Umsóknarfrestur er til og með 28. september 2015.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnar að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent



Aðstoðarmaður bakara eða bakaranemi óskast

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, vinnutími frá 5:00 til 13:00 og aðra hverja helgi. Áhugasamir sækji um á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is merkt ATVINNA.



Störf á heimilum og vinnustöðum fatlaðs fólks

Stuðningsfulltrúar óskast til starfa á heimilum og vinnustöðum félagsins í Reykjavík.

Á heimilin vantar fólk í hlutastörf í vaktavinnu, þessi störf gætu vel hentað með námi. Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi og efla sjálfstæði þeirra.

Á vinnustöðunum er annars vegar laust 62% starf í eldhúsi Lækjaráss, Stjórnugróf og hins vegar 100% starf í vinnu og virkni í Lyngási, Safamýri. Starfsmennirnir taka þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp í sveigjanlegu og skemmtilegu vinnuumhverfi.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og eru störfin laus nú þegar.

Upplýsingar um félagið og atvinnuumsókn má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is. Einnig getur Þórhildur Garðarsdóttir veitt nánari upplýsingar í síma 414 0500.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags við SFR.

Sérfræðingur í fjárfestingum

TM auglýsir laust starf við eignastýringu

Starfssvið

- Dagleg stýring fjáreigna félagsins.
- Mat á fjárfestingakostum og eftirfylgni með fjárfestingum félagsins.
- Mælingar á afkomu og árangri einstakra eigna og eignasafnsins í heild.
- Skýrslugerð og miðlun upplýsinga til stjórnenda og eftirlitsaðila.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi greiningarhæfileikar.
- Reynsla af fjármálamarkaði er æskileg.
- Geta til að setja fram og miðla upplýsingum á skýran hátt.
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Góð enskukunnátta, góðir samskipta-hæfileikar og haldgóð tölvukunnátta.

Einstaklingar sem eru jákvæðir og hafa til að bera frumkvæði, kraft og útsjónarsemi ásamt framúrskarandi samskiptahæfileikum eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 22. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni. Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum sínum samskiptum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu við úrlausn sinna mála hvort heldur við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.

TM hefur staðið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvöginni í fjórtán skipti af sextán og er það íslenska fyrirtæki sem oftast allra hefur hlotið viðurkenninguna.

capacent



Tryggingamiðstöðin Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is www.tm.is



Sérfræðingur í innkaupum

Elkem Ísland auglýsir starf sérfræðings í innkaupum lausa til umsóknar. Leitað er að dugmiklum og jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í góðu teymi starfsmanna.

Starfssvið:

- Innkaup á tækni- og rekstrarvörum
- Innkaupastýring og innleiðing innkaupaferla
- Umsjón og eftirfylgni með birgðastöðu lagers
- Samningagerð og samskipti við birgja
- Tölvuvinnsla og skráningar tengdar starfinu
- Sérverkefni á sviði innkaupamála

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af innkaupum er æskileg
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum en jafnframt hæfni til að leiða teymi
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Kunnátta og greiningarhæfni í Microsoft Excel
- Gott vald á íslensku og ensku

Elkem Ísland kappkostar að starfa í viðtækri sátt við starfsfólk sitt, viðskiptavini, íslenskt samfélag og lífríki náttúrunnar. Með öryggi, fagmennsku og heiðarleika að leiðarljósi leggjum við okkar af mörkum til framleiðslu á hágæða kísilmálm. Fyrirtækið ber virðingu gagnvart því jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar og verndunar náttúruauðlinda. Elkem Ísland er hluti af Elkem A/S samsteypunni sem hefur í meira en hundrað ár verið frumkvöðull í tækniþróun í kísiliðnaði og haft frumkvæði að þróun margvíslegra lausna á sviði umhverfismála. Elkem Ísland starfar samkvæmt vottaðri gæða- og umhverfisstjórnun.

Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2015.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu

umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir

(helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Starf á fjármálasviði - viðskiptafræðingur

Traust þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða talnaglögga og nákvæman einstakling á fjármálasvið fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af bókhaldi og fjármálum. Gott tækifæri fyrir öflugan aðila sem vill þróast í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Við hjá BYKO óskum eftir að ráða grafískan hönnuð í fullt starf á markaðssviði fyrirtækisins.

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólki. Ef þú býrð yfir hæfileikum til að starfa sjálfstætt, ert jákvæð/ur og átt gott með að vinna með öðrum þá hvetjum við þig til að sækja um. Við bjóðum upp á góða vinnuástöðu, frábæra samstarfsfélaga og mikla framtíðarmöguleika hjá traustu og markaðssinnuðu fyrirtæki. Starf á markaðssviði felur í sér fjölbreytt viðfangsefni er snúa að kynningarmálum fyrirtækisins, þar á meðal þátttöku í skilgreiningu verkefna og útfærslu á lausnum. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

✓ ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Hönnun prentefnis, svo sem blaða, bæklinga og dreifirita.
- Hönnun auglýsinga í prentmiðla, á vef og skjámiðla.
- Vefhönnun og framþróun vefs, í samvinnu við vefstjóra.
- Samskipti við prentsmiðjur.
- Samskipti við birtingahús og fjölmiðla vegna auglýsingabirtinga.
- Samskipti innan fyrirtækisins við vinnslu markaðsefnis.
- Önnur verkefni sem unnin eru í samráði við næsta yfirmann.

✓ VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI MEÐ:

- Menntun á sviði grafískrar hönnunar.
- Umtalsverða reynslu af auglýsingagerð.
- Þekkingu á vefhönnun.
- Fagleg, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og vilja til að vinna í hóp.
- Næmt auga fyrir smáatriðum.
- Hæfileika til að hugsa út fyrir boxið og leita nýrra lausna.

Umsóknarfrestur er til 28. september nk. og sækja þarf um starfið á www.byko.is. Nánari upplýsingar veitir Árni Reynir Alfredsson, markaðsstjóri, arnireynir@byko.is.



byko.is

SPENNANDI TÆKIFÆRI

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Hjúkrunarstjóri og deildarstjóri hjúkrunardeilda á HVEST

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Laus eru til umsóknar störf hjúkrunarstjóra og deildarstjóra hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

HJÚKRUNARSTJÓRI

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- » Dagleg stjórnun hjúkrunardeilda og stjórnun hjúkrunarstarfsemi heilsugæslustöðvar HVEST á Patreksfirði
- » Umsjón með innkaupum
- » Yfirumsjón með ræstingum
- » Almenn starf hjúkrunarfræðings
- » Þátttaka í teymisvinnu
- » Önnur verkefni sem tilheyra starfinu

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- » Reynsla af hjúkrunarstjórnun
- » Reynsla af öldrunarhjúkrun, hjúkrun á hjúkrunarheimili og hjúkrun á legudeildum
- » Reynsla af rafrænni sjúkraskrángerð
- » Faglegur metnaður, áreiðanleiki og góð samskiptahæfni

Hjúkrunarstjóri HVEST starfar á heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði. Laun eru samkvæmt kjarasamningum. Gert er ráð fyrir að hjúkrunarstjóri hefji störf fljótlega.

DEILDARSTJÓRI HJÚKRUNARDEILDA

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- » Stjórnun á daglegri starfsemi hjúkrunarheimilanna Eyri á Ísafirði og á Bolungarvík (HB)
- » Almenn starf hjúkrunarfræðings
- » Þátttaka í teymisvinnu
- » Önnur verkefni sem tilheyra starfinu

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- » Reynsla af hjúkrunarstjórnun
- » Reynsla af öldrunarhjúkrun, hjúkrun á hjúkrunarheimili og hjúkrun á legudeildum
- » Reynsla af rafrænni sjúkraskrángerð æskileg
- » Faglegur metnaður, áreiðanleiki og góð samskiptahæfni

Deildarstjóri hjúkrunardeilda Hjúkrunarheimilisins Eyra á Ísafirði og Hjúkrunarheimilis Bolungarvíkur (HB) er með meginstarfsstöð á Ísafirði. Laun eru samkvæmt kjarasamningum. Gert er ráð fyrir að deildarstjóri hefji störf fljótlega.

SÆKJA UM:

Nánari upplýsingar um störfín veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is í síma 519 6770. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfín á heimasíðu Ráðum www.radum.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

ráðum
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk.

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

VIÐ LEITUM AÐ STARFSFÓLKI

BLÓMASKREYTI

Blómaval Skútuvogi óskar eftir að ráða blómaskreyti í 100% starf.

Í starfinu felst gerð blómaskreytinga, þjónusta við viðskiptavini, móttaka og afgreiðsla pantana, vöruframsetning, ústillingar og önnur tilfallandi störf. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af starfi í blómaverslun, viðhafa sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, með ríka samskiptahæfni og mikla þjónustulund. Menntun í blómaskreytingum er kostur.

SÖLUMAÐUR Í TIMBURRÁÐGJÖF

Húsasmiðjan í Grafarholti leitar að metnaðarfullum og þjónustulunduðum sölumanni í timburráðgjöf.

Í starfinu felst þjónusta við viðskiptavini og söluráðgjöf á byggingarefnum. Viðkomandi þarf að hafa haldgóða þekkingu á timbri og byggingarvörum, viðhafa sjálfstæð og vönduð vinnubrögð auk ríkrar samskiptahæfni. Hentugt starf fyrir nema í húsasmiði og öðrum iðngreinum.

- HELGARVINNA

SÖLUMAÐUR Í FAGMANNADEILD

Húsasmiðjan í Hafnarfirði leitar að metnaðarfullum og þjónustulunduðum sölumanni í fagmannadeild.

Í starfinu felst þjónusta við viðskiptavini, sala, afgreiðsla, tiltekt pantana, vöruframsetning og önnur tilfallandi störf. Viðkomandi þarf að búa yfir haldgóðri þekkingu á byggingarvörum, viðhafa sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, með ríka samskiptahæfni og hafa reynslu af sambærilegu starfi.

SAUMASTARF

Starfsmaður óskast í saumavinnu hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í gluggatjöldum.

Starfið felur m.a. í sér saumaskap á gluggatjöldum, tauköppum, fellgardínum og m.fl. Leitað er að einstaklingi sem er samviskusamur, nákvæmur og er vanur saumavinnu. Um 100% starf er að ræða. Einungis reyklausir einstaklingar með góða íslenskukunnáttu koma til greina.

VÉLAMAÐUR Á TÆKNISVIÐI

Ölgerðin óskar eftir að ráða iðinn og samviskusaman einstakling í framleiðslusal fyrirtækisins.

Í starfinu felst ábyrgð á framleiðsluvélum m.a. á breytingum og fínstillingum á vélbúnaði sem notaður er við framleiðslu á vatni, gosi og öli. Leitað er að starfsmanni með iðnmenntun, t.d. vélstjórn, vélvirkjun eða bifvélavirkjun. Um vaktavinnu er að ræða og eru konur jafnt og karlar hvattar til að sækja um.

ÞJÓNUSTUVER

Fyrirtæki á fjármálamarkaði óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustuver. Í starfinu felst að svara fyrirspurnum viðskiptavina í gegnum síma, netspjall og tölvupósta, veita ráðgjöf og úrlausn mála.

Leitað er að þjónustuliprum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, er með jákvætt viðhorf og er tilbúinn að starfa í góðu teymi starfsmanna.

BÓKARI

Rótgróið fyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða bókara í 100% starf.

Leitað er að jákvæðum, samviskusömum og skipulögðum alhliða bókara með að minnsta kosti 5 ára starfsreynslu í bókhaldi. Mikill kostur ef viðkomandi hefur þekkingu og reynslu af DK bókhaldskerfi og sé viðurkenndur bókari.

AÐSTOÐARVEITINGASTJÓRI

American Style óskar eftir að ráða aðstoðarveitingastjóra í 72-100% starf.

Í starfinu felst afgreiðsla og þjónusta í veitingasal, mönnun á vaktir og annað sem tilheyrir starfinu. Aðstoðarveitingastjóri ber ábyrgð á staðnum í fjarveru veitingastjóra. Leitað er að starfsmanni sem er með mikla hæfni í mannlegum samskiptum, getur unnið undir álagi og er með reynslu af heimilisrekstri.

Ráðum ehf. er dótturfyrirtæki Expectus og sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini. Má þar nefna - starfsgreiningar, auglýsingagerð, úrvinnslu, viðtöl, umsagnir, hæfnismat og fleira.

Ráðum hóf starfsemi í mars árið 2012 og í apríl 2014 sameinuðu Ráðum og Expectus krafta sína í þeim tilgangi að bjóða viðskiptavinum fyrirtækjanna öflugri þjónustu til árangurs á sviði ráðninga og ráðgjafa. Fyrirtækin hafa það eitt að markmiði að skapa virði með viðskiptavinum sínum.

Nánari upplýsingar veita Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is og Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is.

VERKEFNASTJÓRI

GARÐLIST er með laust til umsóknar starf verkefnastjóra. Starfið skiptist í starf verkefnastjóra snjómoksturs á veturnar og almenns garðsláttar á sumrin.

Um er að ræða **100%** starf og er unnið á vöktum yfir snjóþyngstu mánuðina. Yfir sumarmánuðina er miðað við almennan dagvinnutíma en þá má að auki gera ráð fyrir álagspunktum.

Við leitum að **kraftmiklum** og **skipulögðum** einstaklingi sem er **útsjónasamur**, **stundvís** og **sterkur í mannlegum samskiptum**. Kostur er ef viðkomandi hefur reynslu af **stjórnunarstörfum**. Meirapróf er kostur en starfið skiptist í skrifstofustarf og vinnu á verkstað.

Eingöngu einstaklingar með hreint sakavottorð koma til greina.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd berist á guðrunedda@gardlist.is fyrir **17. september**




Tunguhálsi 7
110 Reykjavík
S: 554-1989
gardlist@gardlist.is
www.gardlist.is



Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot á Eyrarbakka og Stokkseyri auglýsir eftir:

- sérkennslustjóra sem einnig væri staðgengill leikskólastjóra
- deildarstjóra
- leikskólakennurum

Nánari upplýsingar um störfín eru á vef Árborgar www.arborg.is



Er kraftur í þér?

Söluráðgjafi á rafbúnaðarsviði

Johan Rönnig óskar eftir að ráða metnaðarfullan, þjónustulundaðan og sveigjanlegan söluráðgjafa til starfa á rafbúnaðarsviði. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi að Klettagörðum 25 með jákvæðu og hressu starfsfólki. Johan Rönnig hefur 5 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR ásamt því að hljóta nafnbótina fyrirtæki ársins 2012, 2013, 2014 og 2015. Johan Rönnig hlaut einnig jafnlaunavottun VR árið 2013, eitt af fyrstu fyrirtækjum á landinu til að hljóta slíka viðurkenningu. Fyrirtækið leggur mikið upp úr opnum og heiðarlegum samskiptum.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Starfsreynsla í rafbúnaði
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni og útsjónarsemi
- Reynsla af sölustörfum kostur

Starfið felst í:

- Sölu og þjónustu á rafbúnaði
- Tilboðsgerð og tækniráðgjöf
- Lausnamiðuðum hugsunarhætti

Upplýsingar um starfið veitir

Haraldur Lindal Pétursson
í síma 5200 800 eða haraldur@ronning.is
Umsóknum skal skilað fyrir 22. september.



Starfsmaður í þjónustudeild

Johan Rönnig óskar eftir að ráða hörkuduglegan liðsmann í þjónustudeild fyrirtækisins að Klettagörðum 25, Reykjavík. Þjónustudeild sér um alla umsýslu á vörum félagsins gagnvart viðskiptavinum og útibúum. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem viðkomandi hefur möguleika á að vinna sig upp innan fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Öguð og áreiðanleg vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Lyftararéttindi kostur

Starfið felst í:

- Tiltekt og frágangi á pöntunum
- Samskiptum við viðskiptavinum
- Öðrum tilfallandi störfum innan þjónustudeilda

Upplýsingar um starfið veitir Hallur Vilhjálmsson þjónustustjóri

í síma 5200 800 eða hv@ronning.is. Umsóknum skal skilað fyrir 22. september.

Johan Rönnig hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra og Hebron. Hjá félaginu starfa 75 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík. Johan Rönnig hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.



STARFSMAÐUR VIÐ UPPMÆLINGAKERFI HÚSASMIÐA

Byggiðn – Félag byggingamanna óskar eftir mælingamanni í fullt starf. Starfið felst í að fara á vinnustaði, magntaka verk trésmíða og reikna út.

HÆFNISKRÖFUR:

- Sveinspróf í húsasmiði
- Góð alhliða tölvukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Kostur að umsækjandi hafi reynslu við að vinna í uppmælingakerfi

Umsóknarfrestur er til og með **28. september** nk. og skulu umsóknir berast á netfangið finnbjorn@byggidn.is eða í pósti á **Byggiðn – Félag byggingamanna, Borgartúni 30, 105 Reykjavík**. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um málalok þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir formaður félagsins, Finnbjörn A. Hermannsson í síma 535-6006.

Byggiðn – Félag byggingamanna er stéttfélag faglarðra byggingamanna og málsvari þeirra og samningsaðili um kaup og kjör á vinnumarkaði. Byggiðn varð til við sameiningu Trésmíðafélags Reykjavíkur og Félags Byggingamanna, Eyjafirði árið 2008.



Málsvari byggingamanna

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

REYKJAVÍK
Klettagörðum 25
Sími 5 200 800

SELFOSSI
Eyraveg 67
Sími 4 800 600

AKUREYRI
Draupnisgötu 2
Sími 4 600 800

REYÐARFIRÐI
Nesbraut 9
Sími 4 702 020

REYKJANESBÆ
Hafnargötu 52
Sími 4 207 200

HAFNARFIRÐI
Bæjarhrauni 12
Sími 5 200 800

Viltu mynda framtíðina með okkur?



Við kunnum að meta reynslu!

Miklar breytingar standa yfir á Veitingasviði IKEA og vegna stækkunar á veitingastaðnum leitum við að nýjum liðsmönnum. Við leitum að fólki á öllum aldri sem hefur reynslu í farteskinu og gengur ákveðið til verks, bæði í hlutastarf og fullt starf. Fjölbreytt störf í boði, bæði í afgreiðslu og bakvinnslu, m.a. við smurbrauðsgerð. Vinnutími er eftir samkomulagi og er í samræmi við opnunartíma verslunarinnar.


Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Áhugi á mat og matargerð er kostur
- Þjónustulund
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og jákvæðni

Áhugasamir eru beðnir að fylla út umsókn á www.IKEA.is fyrir 25. september. Nánari upplýsingar hjá starfsmannasviði, starfsmannasvid@ikea.is



Í dag starfa um 270 manns hjá IKEA á Íslandi, í lifandi alþjóðlegu umhverfi. Þessi stóri samheldni hópur vinnur daglega að framgangi hugmyndafræði IKEA: „Að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta“. Starfsemi fyrirtækisins býður upp á skapandi og skemmtileg störf og mikla möguleika á að þróast og vaxa í starfi – með jákvæðni að leiðarljósi.



NUDDARI

Við leitum að orkumiklum og metnaðarfullum nuddara til framtíðarstarfa hjá okkur. Um vaktavinnu er að ræða og æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi lokið námi í nuddi, auk haldgóðrar starfsreynslu á þessu sviði. Nauðsynlegt er að viðkomandi búi yfir ríkri þjónustulund, góðri samskiptahæfni og enskukunnáttu. Áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum eru jafnframt mikilvægir kostir.

Nánari upplýsingar veita Eva Dís Heimisdóttir, yfirnuddari og Sýlvía Dögg Hjörleifsdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði í síma 420 8800.

ÞJÓNN

Við leitum að þjónustuliprum, jákvæðum og metnaðarfullum starfsmönnum til að sinna framreiðslu á okkar glæsilega veitingastað, LAVA. Um vaktavinnu er að ræða þar sem unnið er á vaktafyrirkomulaginu 2-2-3.

Við óskum eftir framreiðslufólki með sveins- eða meistararéttindi.

Við leitum einnig að framreiðslunemum sem vilja læra og starfa undir handleiðslu framreiðslumeistara okkar. Reynsla af aðstoð í sal er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Sýlvía Dögg Hjörleifsdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði í síma 420-8800.

Umsóknarfrestur er til og með **21. september 2015**. Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn í gegnum heimasíðu Bláa Lónsins www.bluelagoon.is.

Bláa Lónið hefur um árabil verið í hópi bestu heilsulinda heims og hlotið fjölmargar alþjóðlegar viðurkenningar fyrir framúrskarandi aðstöðu og einstaka upplifun. Bláa Lónið er eitt af 25 undrum veraldar að mati National Geographic.

BLUE LAGOON
ICELAND

Tæknimaður Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

Laust er til umsóknar starf tæknimanns á rannsóknarstofu í jarðefnafræði.

Starfið felur í sér undirbúning sýna og efnagreiningar, umsjón með rannsóknarstofu í jarðefnafræði, umsjón með öryggismálum á rannsóknarstofum og aðstoð og þjálfun framhaldsnema og starfsfólks á sviði efnagreininga.

Hæfniskröfur

- BS-gráða í jarðfræði eða efnafræði
- MS-gráða er kostur
- Haldgóð reynsla af vinnu á rannsóknarstofu og efnagreiningum
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Ráðið verður í starfið til tveggja ára með möguleika á framlengingu.

Umsóknarfrestur er til **5. október 2015**.

Nánari upplýsingar veitir **Svandís Helga Halldórsdóttir**, skrifstofustjóri, í síma 525 4492, svandish@hi.is.

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði starfa rúmlega þrjú hundruð manns við rannsóknir og kennslu. Stærsta rannsóknarstofnun sviðsins er Raunvísindastofnun sem skiptist í Jarðvísindastofnun og Eðlisvísindastofnun.

Jarðvísindastofnun og Jarðvísindadeild Háskóla Íslands vinna náið saman að rannsóknum og menntun á sviði jarðvísinda undir sameiginlegri stjórn. Þar starfar 31 sérfræðingur og kennarar sem vinna að fjölbreyttum verkefnum.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FRAN VIBVA • SÍA • 154272

Póstdreifing



TAKTU ÞÉR GÖNGUTÚR Á LAUNUM!

Póstdreifing leitar að duglegu og ábyrgu fólki til að bera út blöð í þínu nágrenni. Vinnutími eru sex dagar í viku, mánudaga til laugardaga, milli klukkan 6:00 og 7:00.

Hægt er að sækja um starfið á vefsíðu okkar www.postdreifing.is

PÓSTDREIFING EHF
Vatnagördum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
www.postdreifing.is | postdreifing@postdreifing.is



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

GUÐMUNDUR JÓNASSON EHF

er eitt af elstu ferðabjónustufyrirtækjum landsins. Fyrirtækið rekur öfluga ferðaskrifstofu, gerir út fjölda hópferðabifreiða og rekur auk þess gistiheimili. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur starfsfólks með breiða þekkingu og reynslu af ferðabjónusturekstri. Vegna aukinna verkfæna leitum við að hæfu fólki í eftirfarandi störf:

Sölufulltrúi á ferðaskrifstofu

Hæfniskröfur:

- haldgóð þekking á íslenski ferðabjónustu
- brennandi áhugi á sölumennsku
- góð tungumálakunnátta, a.m.k. íslenska og enska
- góð tölvukunnátta, Word, Excel, ofl
- fjölbærni, nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir: Valgerður Lindberg, sölustjóri ferðaskrifstofu, en umsókn-um skal skilað á netfangið valgerdur@gjtravel.is

Vaktstjóri í stjórnstöð

Hæfniskröfur:

- réttindi til aksturs hópferðabifreiða
- afburðahæfni í mannlegum samskiptum
- tungumálakunnátta, a.m.k. íslenska og enska
- góð tölvukunnátta, Word, Excel, ofl
- fjölbærni, nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir: Stefán Gunnarsson, en umsókn-um skal skilað á netfangið stefan@gjtravel.is

Bifreiðastjórar í framtíðarstörf og afleysingar

Hæfniskröfur:

- réttindi til aksturs hópferðabifreiða
- glaðlegir, jákvæðir og snyrtilegir
- tungumálakunnátta, a.m.k. íslenska og enska
- stundvísir og reglusamir

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir: Sigurður Sigurðsson, en umsókn-um skal skilað á netfangið sigurdur@gjtravel.is

Umsóknarfrestur um öll störf er til **20. september** og verður öllum umsóknum svarað.

Konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um.

PORT hönnun



Starf launafulltrúa hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir 100% starf launafulltrúa. Æskilegt er að viðkomandi geti hafði störf þann 1. nóvember næstkomandi eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með **28. september 2015**.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Útreikningur og frágangur launa
- Upplýsingagjöf til starfsmanna vegna útborgunar launa
- Ýmsar greiningar, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála
- Ráðgjöf til stjórnenda á sviði kjaramála
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélag og opinbera aðila
- Útreikningar á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum
- Eftirlit með framkvæmd kjarasamninga

Hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun
- Reynsla af launabókhalda er kostur
- Þekking á launa- og mannauðskerfum ríkisins er æskileg
- Góð kunnátta og færni í Excel
- Þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna er æskileg
- Nákvæmni, talnagleggni og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri launadeildar í síma 585-1342 netfang: sigridur.rosa.magnusdottir@heilsugaeslan.is

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun. Umsókn getur gilt í 6 mánuði. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Starf hjá fjölskyldu í Sviss

Íslensk hjón með þrjú börn (6, 8 og 9 ára) leita að Au-Pair til starfa í Sviss. Ráðningatími er frá október. Þetta er tækifæri fyrir einstakling sem hefur áhuga á að vinna með börnum og starfa erlendis. Góð aðstaða og ýmis tækifæri fyrir réttan aðila. Áhugasamir hafið samband við fjolasteingrims@gmail.com

Starfsmaður í viðhaldsdeild

BM Vallá óskar eftir að ráða starfsmann í viðhaldsdeild fyrirtækisins.

Vinnan felst í viðhaldi og viðgerðum á stórum bifreiðum, vélum og tækjum ásamt viðhaldi og viðgerðum í verksmiðjum fyrirtækisins.

Við óskum eftir stundvísu og samviskusömum starfsmanni sem er vanur slíkum störfum.

Vinsamlegast sendið umsóknir á [Gylfa Þór Helgason, gylfi@bmvalla.is](mailto:gylfi@bmvalla.is)



BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7



RAFVIRKJAR

Rafmiðlun óskar eftir rafvirkjum til starfa.

Um er að ræða störf bæði í þjónustu og við nýlagnir.

Óskum eftir jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við skemmtileg og krefjandi verkefni.

Mörg spennandi verkefni framundan.

Umsóknir og ferilskrá sendist á rafmidlun@rafmidlun.is

Einnig er hægt að fylla út starfsumsókn á heimasíðu Rafmiðlunar: www.rafmidlun.is

Ógurharf 8, 203 Kópavogur - Sími 540 3500 - Netfang rafmidlun@rafmidlun.is

Rafmiðlun er stærsta rafverktakafyrirtæki landsins stofnað 1996. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 100 manns. Fyrirtækið býður upp á lífligan vinnustað með fjölbreyttum verkefnum og öflugum starfsmannafélagi.

Rafmiðlun þjónustar fyrirtæki og stofnanir og má þar nefna: 365, Bónus, Elkem, Hagkaup, Ikea, Isavia, Máningu, Milu, MS, Norðurál, Orkuveitu Reykjavíkur, Orka Nátturunnar, Radison SAS, Reiti, Río Tinto Alcan, Rúmfatalagerinn, Símann, Strætó, Útillif og fleiri.

KERFISSTJÓRI

► Fjármálaeftirlitið leitar að öflugum einstaklingi í kerfisumsjón og þjónustu.

Upplýsingatæknisvið sér um þróun og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Einnig hefur sviðið eftirlit með upplýsingatæknikerfum eftirlitsskyldra aðila og sinnir tölvurannsóknunum. Viðkomandi þarf að hafa góða öryggisvitund og þekkingu og reynslu af kerfisrekstri. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.

Starfssvið

- Uppfærsla og rekstur upplýsingatæknikerfa
- Uppsetning og viðhald tölvubúnaðar
- Umsjón með eldvegg, vefsíum og öðrum öryggisbúnaði
- Þjónusta við notendur tölvukerfa
- Annað sem til getur fallið á upplýsingatæknisviði

Hæfniskröfur

- Viðeigandi menntun í kerfisrekstri eða tölvunarfræðum
- Reynsla af rekstri tölvukerfa
- Þekking og reynsla af rekstri VMware
- Þekking og reynsla af Microsoft lausnum, s.s. Exchange, Lync, SCCM og Sharepoint er kostur
- Þekking og reynsla af stjórnun eldveggja og öðrum vörnum er kostur
- Þekking á Agile vinnubrögðum er kostur
- Frábær hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, kraftur og öguð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Bjarni Þór Gíslason upplýsingatæknistjóri (bjarnithor@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannaússtjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

SÉRFRÆÐINGUR Í ÞJÓÐHAGSVARÚÐ

► Fjármálaeftirlitið óskar eftir sérfræðingi í teymi þjóðhagsvarúðar á greiningasviði.

Hlutverk þjóðhagsvarúðar er að greina kerfisáhættu og þróun á fjármálamarkaði og miðla þeim upplýsingum út á við og til annarra starfseininga Fjármálaeftirlitsins. Einnig gerir teymið tillögur um breytingar á lögum og mótar reglur og leiðbeiningar er varða stýringu áhættu á fjármálamarkaði.

Starfssvið

- Ábyrgð á gerð og framkvæmd álagsprófa
- Yfirsýn yfir fjármálamarkaðinn
- Mótun þjóðhagsvarúðartækja
- Mótun reglna og viðmiða
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila og aðra hagsmunaaðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Hæfniskröfur

- Háskólagráða í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði, eða sambærilegu. Framhaldsmenntun kostur
- Þekking og reynsla af gerð og framkvæmd álagsprófa
- Yfirgripsmikil þekking á fjármálamarkaði
- Rík greiningarhæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í ritun og framsetningu texta á íslensku og ensku
- Góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Frumkvæði, jákvæðni, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Sigurður Árni Kjartansson forstöðumaður á greiningasviði (sigurdurk@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannaússtjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Tanntæknir í Tannlæknadeild

Leitað er að kröftugum einstaklingi sem nýtur þess að vinna með fólki, leiðbeina og þjónusta í starfi tanntæknis á aðgerðarstofu Tannlæknadeildar.

Helstu verkefni:

- Undirbúningur fyrir verklega kennslu, vinna við sóttreinsun, rafræn skráning sjúkragagna, röntgenmyndataka o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tanntæknamenntun frá námsbraut tanntækna eða sambærileg menntun er æskileg
- Starfsreynsla í faginu er æskileg
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund er mjög mikilvæg

Nánari upplýsingar veitir **Hanna G. Danielsdóttir**, deildarstjóri í klíník Tannlæknadeildar, í síma 525 4888, hgd@hi.is.

Umsóknarfrestur er til og með **16. september 2015**. Sjá nánar www.hi.is/laus_storf.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Bílamálari óskast

Óskum eftir bílamálara til vinnu hjá Bílaréttingum og sprautun Sævars. Okkur vantar að bæta við okkur aðila í nú þegar flottan hóp starfsmanna. Mjög góðir tekjumöguleikar fyrir duglega og metnaðarfulla einstaklinga.



Umsóknir sendist á bilaretting@bilaretting.is merktar „Atvinna“.



Meiraprófsbílstjóri

Bílstjóri með CE réttindi óskast í 100% starf við áfyllingar flugvéla á Reykjavíkflugvelli, ADR-réttindi kostur.

Ferilskrá sendist til: jobs@globalfuel.is



FISKISTOFA

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun með sex starfsstöðvar um land allt. Stofnunin annast stjórn-sýslu á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði ásamt því að safna og vinna úr upplýsingum um þá málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.

Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing

Veidieftirlitsmenn óskast á starfsstöðvar Fiskistofu í Hafnarfirði og í Stykkishólmi

Fiskistofa óskar eftir að ráða einn veidieftirlitsmann í starfsstöð sína í Hafnarfirði og einn veidieftirlitsmann í starfsstöð sína í Stykkishólmi. Stöðurnar heyra undir deildarstjóra veidieftirlitssviðs – vestur. Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

• Eftirlit á sjó.

Eftirlit á sjó felst m.a. í lengdarmælingum á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirliti með aflasamsetningu, eftirlit með veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veidieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.

• Eftirlit í landi.

Eftirlitsstörf í landi fela m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu og skilum afladagbóka. Starfið felur einnig í sér eftirlit með löndunum erlendra skipa og úttektir á afurðum vinnsluskipa ásamt skrifstofustörfum s.s. skýrslugerð þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

Hæfniskröfur:

- Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem hefur haldgöða reynslu af störfum í sjávarútvegi
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta er áskilin
- Gott líkamlegt atgervi
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum
- Sanngirni og háttvísi
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Skipstjórnarréttindi eru æskileg

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórhallur Ottesen deildarstjóri veidieftirlitssviðs í síma 5697932.

Umsóknir sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið starf@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar: „Veidieftirlitsmaður Hafnarfirði“ eða „Veidieftirlitsmaður Stykkishólmi“.

Umsóknarfrestur er til og með **5. október 2015**.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

365 óskar eftir móttökustjóra

VIÐ ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA MÓTTÖKUSTJÓRA Í FULLT STARF Í MÓTTÖKU OKKAR Í SKAFTAHLÍÐ

Helstu verkefni og ábyrgð

- Daglegur rekstur og þjónusta við viðskiptavinum
- Ábyrgð á uppgjöri
- Mönnun í móttöku
- Skipting verkefna
- Útlit móttöku
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af stjórnun
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi

Viðkomandi þarf að vera orðinn 25 ára.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Vilborg Einarsdóttir**, vilborg@365.is

Umsóknarfrestur er til **19. september** hægt er að sækja um með því að senda umsókn í tölvupósti á vilborg@365.is

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



Fjármálastjóri

Starf fjármálastjóra hjá Umhverfisstofnun er laust til umsóknar. Við leitum að öflugum einstaklingi með áhuga á sífelldu umbótastarfi.

Fjármálastjóri fer með yfirstjórn fjármála og reksturs hjá stofnuninni í umboði forstjóra og ber ábyrgð á hagkvæmri stýringu fjármuna. Hann ber ábyrgð á gerð rekstraráætlana og eftirfylgni þeirra, yfirumsjón með bókhaldi, útsendingu og innheimtu krafna sem og gerð kostnaðarmata og útbodum stofnunarinnar. Þá ber hann ábyrgð á miðlun upplýsinga til yfirstjórnar og starfsmanna og er tengiliður stofnunar við Fjársýslu ríkisins, umhverfis- og auðlinda-ráðuneyti og Ríkisendurskoðun. Fjármálastjóri situr í yfirstjórn stofnunar.

Ítarlegri upplýsingar um starfið og hæfniskröfur til þess er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi/

Umsóknarfrestur er til og með 28. september 2015.
Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið ust@ust.is.

FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING

Launafulltrúi

Arctic Adventures leitar að launafulltrúa í fullt starf. Um er að ræða starf í fjármáladeild fyrirtækisins. Þar starfar teymi sem sér um allt sem snýr að fjármálum fyrirtækisins og launum starfsmanna. Viðkomandi kemur til með að halda utan um öll laun starfsmanna fyrirtækisins auk þess að taka þátt í bókhaldstengdum verkefnum deildarinnar.

Starfið felst í:

- Vinnsla launabókhalds, þ.m.t. útreikningur og greiðsla launa og skil launatengdra gjalda.
- Upplýsingagjöf til starfsmanna vegna útborgunar launa.
- Ýmsar greiningar, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála.
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélag og opinbera aðila.
- Útreikningar á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum.
- Ýmis önnur störf í tengslum við bókhald og reikningagerð.

Menntun og hæfniskröfur:

- Góð reynsla af launabókhaldi er nauðsynleg.
- Menntun sem viðurkenndur bókari eða sambærileg menntun er kostur.
- Þekking á DK- bókhaldskerfinu og launaumhverfi.
- Góð kunnátta og færni í Excel.
- Þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna.
- Góð skipulagning, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Þjónustulyndi, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Allar umsóknir berist til Jóhönnu Ellu starfsmannastjóra í johanna@adventures.is

Umsóknarfrestur er til 21. september 2015



www.adventures.is | Vatnagarðar 8 | 104 Reykjavík

arctic adventures

Sérfræðingur í úrvinnslu fjarkönnunargagna

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir sérfræðingi í úrvinnslu fjarkönnunargagna í fullt starf á Úrvinnslu- og rannsóknarsviði. Í boði er spennandi, krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

Á Úrvinnslu- og rannsóknarsviði Veðurstofu Íslands starfa rúmlega 40 manns við ýmis spennandi þróunar- og rannsóknarverkefni er tengjast veður- og loftslagsrannsóknnum, jökla- og vatnafræði, haffræði, jarðskorpuhreyfingum, eldgosum, dreifingu gas- og öskuskýja sem og ofanflóðum. Þessi verkefni byggja mörg á úrvinnslu fjarkönnunargagna, s.s. gagna frá veður- og ratsjár-tunglum, hitamyndavélum og ýmsum öðrum fjarkönnun- artækjum. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sérfræðingur verði leiðandi í þróun aðferða og afurða sem nýtast við vöktun á þessum eðlisþáttum náttúrunnar.

Veðurstofan er aðili að Reiknimiðstöð evrópskra veðurstofa, og hefur þar aðgang að reiknifli til þess að keyra viðamikil tölvulíkön. Veðurstofan heldur á aðild Íslands að Evrópsku veðurtunglastofnuninni (EUMETSAT) og hefur þannig aðgang að nýjustu fjarkönnunargögnum ásamt markvissri þjálfun á þessu sviði.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi starfsmaður fái viðeigandi þjálfun á þeim fagsviðum þar sem fjarkönnunargögnin verða nýtt.

Helstu verkefni

- ▶ Faglega leiðandi hlutverk og sérfræðivinnu í meðhöndlun og úrvinnslu fjarkönnunargagna, sérstaklega veðurtunglagagagna
- ▶ Þátttaka í þróun fjarkönnunaraðferða til eftirlits á náttúruvá og eðlisþáttum jarðar
- ▶ Miðlun veðurtunglaafurða til eftirlits
- ▶ Uppsetning og þróun grunnkerfa í móttöku og úrvinnslu veðurtunglagagagna

- ▶ Þátttaka í stefnumörkun, skilgreiningu verkþátta og samþættingu verkefna á sviði fjarkönnunar
- ▶ Tengiliður við EUMETSAT og erlenda samstarfshópa varðandi tæknilega úrvinnslu og gögna
- ▶ Verkefnastjórn og þátttaka í tímabundnum rannsóknarverkefnum tengdum fjarkönnun

Menntun- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólanám á sviði raunvísinda eða verkfræði
- ▶ Framhaldsnám á sviði raunvísinda og/eða verkfræði
- ▶ Góð forritunarkunnátta, t.d. python, C/C++, Fortran, Unix/Linux eða Java
- ▶ Frumkvæði og faglegur metnaður
- ▶ Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum
- ▶ Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- ▶ Greiningarhæfni og færni og geta til að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við
- ▶ Farsæl reynsla á sviði rannsókna og úrvinnslu mæligagna kostur
- ▶ Þekking á hugbúnaðarþrófunum og farsæl reynsla af hugbúnaðarverkefnastjórnun kostur
- ▶ Góð færni í íslensku og ensku nauðsynleg

Nánari upplýsingar um starfið veita **Jórunn Harðardóttir**, framkvæmdastjóri (jorunn@vedur.is), **Halldór Björnsson**, hópstjóri veðurs og loftslagsrannsókna (halldor@vedur.is) og **Borgar Evar Axelsson**, mannauðsstjóri (borgar@vedur.is), í síma 522 6000.

Sérfræðingur í kerfisstjórn/ DevOps

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í kerfisstjórn, nánar tiltekið „nix nörd“, til að sinna rekstri, viðhaldi og rekstrarþróun á sérhæfðum miðlægum kerfum Veðurstofunnar. Viðkomandi mun starfa í upplýsingatæknihóp Veðurstofunnar sem er hluti af *Fjármála- og rekstrarsviði*.

Hlutverk

Veðurstofan rekur mörg krefjandi og óhefðbundin upplýsingatæknikerfi. Hlutverk viðkomandi er að hafa umsjón með, þjónusta, setja upp, prófa og reka þessi kerfi. Viðkomandi tekur þátt í kerfishönnun og þróun og tekur við kerfum/hugbúnaði sem koma þarf í rekstur. Viðkomandi sér um samskipti við þjónustuaðila ef svo ber undir.

Menntun og hæfniskröfur

- ▶ Háskólamenntun eða farsæl reynsla á sviði tölvunar- eða kerfisfræði
- ▶ Farsæl reynsla af umsjón og rekstri tölvukerfa
- ▶ Þekking og farsæl reynsla á kerfisstjórnun Linux kerfa
- ▶ Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- ▶ Hæfni í kerfislæsi, þ.e. hæfni til að ná fljótt og örugglega yfirsýn yfir flókin kerfi/verkefni
- ▶ Æskileg er reynsla af kerfishönnun sem miðar að því að ná háum uppitíma
- ▶ Þekking á netkerfum og fjarskiptum er kostur
- ▶ Þekking á kerfisskjölun er kostur
- ▶ Kunnátta í forritunarmálum, s.s. Python, skeljaforritun er kostur
- ▶ Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita **Vígfús Gíslason**, hópstjóri upplýsingatækni (gislason@vedur.is) og **Borgar Evar Axelsson**, mannauðsstjóri (borgar@vedur.is) í síma 522 6000.

Veðurstofa Íslands



Umsóknarfrestur starfanna er til og með 28. september nk.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélag.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir www.vedur.is/um-vi/laus-storf eða á www.starfatorg.is.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlinda-ráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf viðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknarsviði, Fjármála- og rekstrarsviði og Skrifstofu forstjóra.** Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is

Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna.** Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

www.vedur.is
522 6000

Heila- og taugaskurðlækningar



SÉRFRÆÐILÆKNIR

Laust er til umsóknar fullt starf sérfræðilæknis við heila- og taugaskurðlækningadeild á skurðlækningasviði. Starfið veitist frá 1. maí 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, s.s. greining, meðferð og eftirfylgd sjúklunga með vandamál er tengjast sérgreininni, m.a. þátttaka í samráðskvaðningum og göngudeildarþjónustu
- Þátttaka í vöktum sérgreinarinnar
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

Hæfniskröfur

- Almenn reynsla í heilaskurðaðgerðum, mænuaðgerðum og bakaðgerðum er skilyrði
- Sérstök reynsla í æðagúlskirurgíu (aneurysmakirurgíu) er nauðsynleg
- Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Íslenskt sérfræðileyfi í heila- og taugaskurðlækningum

Umsóknarfrestur er til og með 29. september 2015.

Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umsókninni fylgi aðgerðaskrá sem sýnir fjölda og gerð aðgerða sem viðkomandi hefur framkvæmt sem aðalskurðlæknir.

Umsókn fylgi einnig vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.

Mat stöðunefndar læknaáðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Nánari upplýsingar veitir Aron Björnsson, yfirlæknir, (aronb@landspitali.is, 543 7406).

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Vaktstjóri

Þar sem hún Ragna okkar hefur ákveðið að mennta sig meira, þá leitum við að öðrum frábærum vaktstjóra í sal. Unnið er á 2-2-3 vöktum.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn með ferilskrá á karen@hotselfoss.is eða viggo@hotselfoss.is.

Sölumaður óskast

Óskum eftir að ráða sölumann í verslun okkar. Reynsla af sölumannsstörfum og brennandi þjónustulund er það sem við leitum eftir.

Umsóknarfrestur er til 16. sept.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir sendist á box@frett.is merkt „Sölumaður 1209“



BORGARBYGGÐ

Borgarbyggð auglýsir lausar eftirfarandi stöður:

Sálfræðingur

- Starfshlutfall er 50 - 100%.

Verkefni og ábyrgðarsvið

- Forvarnarstarf til að stuðla að velferð barna og ungmenna
- Snemmtækt mat á stöðu nemenda, greining og ráðgjöf
- Ráðgjöf til foreldra og barna
- Stuðningur við starfsemi og starfshætti í skólum með ráðgjöf og fræðslu
- Greining og meðferð vegna barnaverndarmála
- Önnur teymisvinna á fjölskyldusviði

Hæfniskröfur

- Löggildur sálfræðingur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þverfaglegu starfi
- Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum

Talmeinafræðingur

- Starfshlutfall er 50-100%.

Verkefni og ábyrgðarsvið

- Fagleg forysta í málproska og læsi barna og ungmenna
- Snemmtækt mat á stöðu nemenda, ráðgjöf og fræðsla
- Ráðgjöf til foreldra og barna
- Stuðningur við starfsemi og starfshætti í skólum með ráðgjöf og fræðslu
- Önnur teymisvinna á fjölskyldusviði

Hæfniskröfur

- Löggildur talmeinafræðingur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þverfaglegu starfi
- Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Dagforeldrar

Verkefni og ábyrgðarsvið

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S: 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

LAGHENTA MANNESKJU VANTAR TIL STARFA Á SMÍÐAVERKSTÆÐI, LAGER O.S.FRV.

Um er að ræða starf við framleiðslu, vinnutími er frá 8 til 18 á daginn. Aðeins ábyrg, vandvirk, dugleg, heiðarleg, sjálfstæð manneskja með mannleg samskipti á hreinu. Gott vald á íslensku algjört skilyrði. Hreint sakavottorð og meðmæli óskast.

Áhugasamir umsækjendur hafi samband í rekkjan@rekkjan.is

DEVITOS PIZZA

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, næturvinna og um helgar. **Uppl. í s. 697 8434**



HJÁ JÓA FEL - KRINGLUNNI

Óskum eftir að ráða manneskju í fullt starf hjá okkur í Jóa Fel Kringlunni **Upplýsingar á kringla@joifel.is**

BÍLAPVOTTUR

Óskum eftir að ráða röska starfsmenn í bílapvott. Unnið er eftir 2/2/3 vaktakerfi.

Umsóknir ásamt ferlisskrá sendist á job@procar.is



Söluturninn Jolli í Hafnarfirði óskar eftir að ráða einstaklinga í fullt starf sem og kvöld og helgarvinnu. Einungis duglegt, áreiðanlegt og samvisskusamt fólk kemur til greina. Aðeins 18 ára og eldri. Umsóknareyðublað fást á staðnum. Allar upplýsingar veitir Líney í síma 565-4990 milli klukkan 08-16 alla virka daga.



ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA

Skilyrði:

- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta
- 20 ára lágmarksaldur
- Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferlisskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is



Assistants needed in a bakery in the Reykjavík area. Shift work. Please apply to umsokn@kornid.is

RÆSTINGARSTARF

Viljum bæta við okkur starfsmanni í ræstingu. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af ræstistörfum. Morgunvinna, unnið virka daga og aðra hvora helgi, Starfshlutfall er samningsatriði Parf að geta byrjað fljótlega. **Nánari upplýsingar í síma 893-2323 eða info@kringlukrain.is**



CASTELLO PIZZERIA

Óskar eftir starfsfólki í hluta starf. 18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello@simnet.is & s. 692 3051

Starfsfólk óskast í þrif hjá ferðaþjónustu á Suðurlandi. Einnig vantar mann í gríðingavinnu og ýmiss önnur störf og einnig vanan mann við aðstoð í eldhúsi. www.horgsland.is Uppl. í s. 894 9249

STÓLL Á HÁRSNYRTISTOFU

Stóll á hársnyrtistofu til leigu frábær staðsetning í 108 RVK. Uppl. í s. 864 4092 & lindaj@simnet.is

HEILDSALA: Starfsfólk óskast í afgreiðslu o.fl. í heildsölu Rvk. Parf að tala íslensku. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt "heildsala"

VÉLVIRKI EÐA VANUR MAÐUR ÓSKAST

Álheimar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja eða vanan mann í málmsmiði / vélavinnu. Fjölbreytt framtíðarstarf, góð vinnuaðstaða. Uppl. í s. 869 1122 Örn efni@efnir.is www.alheimar.is

Óskum eftir röskum brettasmíði mikil vinna, erum staðsettir á Höfn í Hornafirði. Getum útvegað herbergi. Nánari uppl. hjá Bjössa í síma 893 5444.

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. **Proventus starfsmannþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Járniðnaður, meirapróf get byrjað strax uppl í síma 8682953

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símadómur • live spjall
908-6000 • 535-9999

58 ára einlægur karlmaður vill kynna konu á svipuðum aldri sem nánum félagi. Engin skyndikynni. Fullum trúnaði heitið og krafist. Uppl. 8561883.

til sölu

Vandað Gestahús 14,99m² tveggja herbergja með rúmi og koju í báðum herbergjum, eða eftir vali kaupenda.



Húsið er framleitt í einingum, full einangrað, og er Íslensk framleiðsla. Komum með húsið á staðinn og setjum það upp hvar sem er á landinu. Sýningarhús uppkomið inni verksmiðju fyrirtækisins.

Opið sunnudag frá 12-16 • s: 787 5144 • www.huseining.is



MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samvisskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Vinnutími frá 12:00 - 18:30 virka daga. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR LAUGARDAGINN 12. SEPT

11:35 EVERTON - CHELSEA
13:50 ARSENAL - STOKE CITY
13:50 CRYSTAL PALACE - MAN.CITY
16:20 MAN.UNITED - LIVERPOOL

SUNNUDAGINN 13. SEPT

14:50 LEIC. CITY - ASTON VILLA

HLJÓMSVEITIN KLETTAR

RÚNAR ÞÓR,
RÚNAR VILLA,
TRYGGVI HUBNER
OG SIGGI ÁRNA.
SPILA UM HELGINA

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

**FÉKKSTU EKKI
BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?**

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á dreifing@postdreifing.is **Póst: dreifing**

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

NÁMSKEIÐ SÍBS HAUST 2015

Reykjalundarnámskeið SÍBS um heilbrigði og lífsstíl eru aðlöguð útgáfa af námskeiðum sem notuð eru í meðferð á Reykjalundi. Námskeiðin eru kennd af okkar færustu sérfræðingum á hverju sviði og þú getur treyst faglegu innihaldi þeirra

Allar nánari upplýsingar á sibs.is/namskeid eða í síma **560 4800**

 <p>28. sept. 2015 Stafgöngunámskeið á Reykjalundi</p>	 <p>29. sept. 2015 Að takast á við stoðkerfisverki</p>	 <p>5. okt. 2015 Hugarfar og heilsuefling</p>	 <p>5. okt. 2015 HAM við þunglyndi og kvíða</p>
 <p>8. okt. 2015 Núvitund - HAM eftirfylgd</p>	 <p>13. okt. 2015 Skipulag, tíma- stjórnun og minni</p>	 <p>20. okt. 2015 Streita og jafnvægi í daglegu lífi</p>	 <p>22. okt. 2015 Að nærast með núvitund</p>
 <p>26. okt. 2015 Að lifa með lungnasjúkdóm</p>	 <p>28. okt. 2015 Hollt mataræði og heilbrigði</p>	 <p>2. nóv. 2015 HAM við hamlandi stoðkerfisverkjum</p>	<p>Allar nánari upplýsingar sibs.is/namskeid eða í síma 560 4800</p>



Leiðbeinendur á námskeiðunum eru fagaðilar af Reykjalundi

Anna Kristín Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur • Ambjörg Guðmundsdóttir, sjúkrapjálfari • Ásdís Kristjánsdóttir, sjúkrapjálfari, Louisa Sif Mønster, iðjuþjálfari • Elfa Dröfn Ingólfssdóttir, hjúkrunarfræðingur • Guðrún Jóna Bragadóttir, næringarfræðingur • Gunnhildur Gísladóttir, iðjuþjálfari • Hans J Beck læknir • Inga Hrefna Jónsdóttir sálfræðingur • Jóhanna Kristín Steingrimsdóttir, hjúkrunarfræðingur • Ágúst Már Jónsson, íþróttfræðingur • Jónína Helgadóttir, iðjuþjálfari • Kristbjörg Helgadóttir, sjúkrapjálfari • Lilja Sif Þorsteinsdóttir, sálfræðingur • Claudia Ósk Georgsdóttir, taugasálfræðingur • Raket María Oddsdóttir, félagsráðgjafi • Rósa María Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur • Rúnar Helgi Andrason, sálfræðingur • Stefán E Hafsteinsson, iðjuþjálfari • Steinunn B Bjarnason, iðjuþjálfari • Ingibjörg Flygenring, félagsráðgjafi • Steinunn H. Hannesdóttir, íþróttfræðingur



REYKJALUNDUR

Fyrsta flokks námskeið fyrir alla

Coursera veitir fólki um allan heim aðgang að bestu menntun sem völ er á og býður upp á meira en hundrað netnámskeið án endurgjalds. Fyrirtækið er í samstarfi við alla helstu háskóla og fræðslustofnanir heims en markmiðið er að gera öllum kleift að sækja sér menntun óháð búsetu, stétt og stöðu. Námskeiðin eru af ýmsum toga og fjalla um allt frá félagsálfræði til algóritma.

Námskeið Coursera eru á breiðu bili og er meðal annars hægt að sækja nám í markaðsfræði, fjármála-læsi, félagsálfræði, samninga-tækni, verkefnastjórnun og algóritma svo fátt eitt sé nefnt. Námskeiðin eru unnin í samstarfi við marga af fremstu háskólum heims, jafnt í Evrópu, Asíu og Ameríku. Lengd námskeiða er misjöfn en flest eru kennd á 5-10 vikna tímabili. Námskeiðin byggjast á stuttum myndbandsfyrirlesturum og gagnvirkum prófum og verkefnum sem mörg fela í sér samskipti og endurgjöf á milli nemenda. Að loknu hverju námskeiði fá nemendur formlega viðurkenningu.

Forsvarsmenn Coursera sjá fyrir sér framtíð þar sem allir hafa aðgang að menntun á heimsmælikvarða en hingað til hefur hún aðeins verið í boði fyrir lítinn hluta mannkyns. Markmiðið er að gefa öllum færi á góðri menntun og efla þannig einstaklinga, fjölskyldur þeirra og nærumhverfi. Á námskeiðunum er lögð áhersla á að beita viðurkenndum kennsluáferðum sem ýta

undir að nemendur læri betur og hraðar. Netkennsla er þar lykilatriði en nýlegar rannsóknir sýna að hún skili jafnvel betri árangri en hefðbundin kennsla í kennslustofu. Hjá Coursera er jafnframt notuð svokölluð Mastery Learning – tækni sem sálfræðingurinn Benjamin Bloom hefur próað, en hún gengur út á að nemendur hafi skilið tiltekið atriði til fulls áður en lengra er haldið. Nemendur fá því tafarlausa endurgjöf ef þeir virðast ekki skilja ákveðið hugtak eða efni og fá endurtekin og breytileg verkefni sem ýta undir skilning.

Þar sem tölvur geta aðeins gefið takmarkaða endurgjöf notast Coursera jafnframt við svokallað jafningjamat þar sem nemendur gefa hver öðrum endurgjöf. Þessi aðferð hefur þótt gagnast bæði þeim sem svarar tilteknu prófi eða verkefni og þeim sem gefur endurgjöfina.

Námskeið Coursera eru fyrir alla, byrjendur jafnt sem lengra komna, en margir nota þau jafnframt til að dýpka skilning



Námskeið Coursera eru fyrir alla, byrjendur jafnt sem lengra komna. Margir nota þau jafnframt til að dýpka skilning sinn á tilteknu efni.

ing sinn á tilteknu efni. Þá hefur komið á daginn að blönduð kennsla gefur oft góða raun og hafa netnámskeið Coursera oft reynst góð viðbót við hefðbundna kennslu.

Fróðleiksfúsum er bent á Coursera.org



Starfsmenn stofunnar frá vinstri: Reynar Kári Bjarnason, Raket Davíðsdóttir, Einar Gylfi Jónsson, Áslaug Kristinsdóttir og Þórkatla Aðalsteinsdóttir.

MYND/VALLI

Fjöldi gagnlegra vinnustaðanámsskeiða

Líf og sál sálfræðistofa hefur verið starfrækt í á annan áratug og er nú til húsa að Höfðabakka 9, þar sem fjöldi annarra sjálfstætt starfandi sálfræðinga starfar. Sálfræðingar stofunnar eru fimm og fást þeir töluvert við vinnustaðatengd mál auk þess að sinna klínískri meðferð fullorðinna.

Starfsemin er í meginatriðum þrjúþætt. „Við bjóðum upp á námskeið og fræðslu fyrir vinnustaði, gerum vinnustaðagreiningar og úttektir á eineltiskvörtunum ásamt því að sinna meðferð og ráðgjöf,“ segir Þórkatla Aðalsteinsdóttir, annar eigandi stofunnar.

Aðspurð segir hún stofuna leiðandi á sviði úttekta á vinnustöðum og þá sérstaklega vegna eineltiskvartana. „Þá erum við þessi hlutlaus aðili sem stjórnendur snúa sér að til að greina vandann og vinna með hann. Eins höfum við verið með fræðslu um einelti á vinnustöðum; bæði námskeið og styttri fyrirlestur sem geta bæði virkað fyrirbyggjandi

og nýst þegar vandamál eru til staðar.“ Að sögn Þórkotlu er ekki mikið um alvarleg eineltismál en alltaf eru þó einhver til vinnslu á stofunni. „Við fáum þau mál sem vinnustaðurinn nær ekki að leysa úr upp á eigin spýtur. Ástæður þess geta verið ýmsar. Mögulega hafa stjórnendur blandast inn í málið á einhverjum stigum þess eða málið hefur verið að velkjast lengi á vinnustaðnum án þess að náðst hafi niðurstaða.

Önnur fræðsla stofunnar snýr að anda á vinnustað, samskiptum á vinnustað, streitu, álagi og áföllum en þegar þau eiga sér stað getur þurft að kalla eftir áfallahjálp og ráðgjöf. „Eins höfum við verið með fræðslu um breyt-

ingar á vinnustað en þær geta oft reynst starfsfólki erfiðar. Þá höfum við haldið námskeið um krefjandi viðskiptavini, sem eru kannski í ójafnvægi vegna erfiðleika eða áfalla, og farið yfir hvernig megi halda jafnaðargeði og fagmennsku. Við höfum sömuleiðis hjálpað vinnustöðum að byggja upp leiðarljós í samskiptum og undirbúið jarðveginn fyrir starfsmannasamtöl svo dæmi séu nefnd, en alla fræðslu er hægt að aðlaga hverjum stað fyrir sig. Þess utan erum við reglulega með sjálfsstyrkingarnámsskeið sem eru opin öllum.“

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu stofunnar lifogsal.is



Hekl fyrir byrjendur er eitt af þeim námskeiðum sem kennd eru hjá Heimilisiðnaðarskólanum.

Kennt að baldýra, hekla, knipla og tálga

Heimilisiðnaðarskólinn, sem rekinn er af Heimilisiðnaðarfélaginu, er með metnaðarfulla námsskrá á hverju ári. Nú er kominn út listi yfir námskeið á haustönn 2015 og úrvalið er mikið. Sem dæmi má nefna námskeið í gerð faldbúninga, þjóðbúninga kvenna, herra og barna. Námskeið í gerð dagtreyja, undirpilsa og svunta. Einnig má læra möttulsaum, vefnað, baldýringu, knipl, orkeringu og hvernig búa má til sauðskinnsskó. Alltaf er boðið upp á einhverjar nýjungar. Hér eru dæmi um námskeið sem koma ný inn í haust:

– Tálga ýsubein – Tálgaðir smáhlutir úr ýsubeini sem hægt er að nota í skartgrip og fleira. Kennari útvegar hnífa, þjalir og sandpappír. Kennari er Philippe Ricart.

– Saumað út í peysufatabrjóst – Farið í helstu aðferðir sem notaðar eru við að sauma út í brjóst við peysuföt. Varplegg-

ur (kontórsaumur), lykkjuspor, flatsaumur, franskur saumur og enskur saumur. Fer það eftir mynstrum hvaða aðferðir eru notaðar. Nemendur prófa allar aðferðirnar og sauma litlar prufur með þeim. Kennari er Halldóra Arnórsdóttir.

Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á skoli@heimilisdnaður.is



Lífið gjörbreyttist til hins betra

HRINGSJÁ er náms- og starfsendurhæfing fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla. Anna Björk Ragnarsdóttir segir nýjan heim hafa opnast sér eftir að hún hóf nám í Hringsjá.

Anna Björk Ragnarsdóttir segir líf sitt hafa breyst gjörsamlega til hins betra eftir að hún hóf nám í Hringsjá. „Ég hafði ekki verið í skóla í þrjátíu ár þegar ég byrjaði í Hringsjá haustið 2013. Þá hafði ég verið heimavinnandi og hugsað um börnin mín síðustu tíu árin. Mig langaði lengi að fara aftur í skóla en hafði ekki kjarkinn. Því lengri tími sem leið því erfiðara var að koma sér af stað. Ég var orðin mjög félagsfælin og einbeitingin við lestur var orðin mjög lítil, nánast engin. Ég byrjaði á að fara á tvö alveg frábær námskeið og svo í janúar 2014 byrjaði ég í sjálfu náminu í Hringsjá,“ segir Anna Björk.

Sigraðist á mörgum hindrunum

Anna Björk sótti um í Hringsjá árinu áður en hún komst inn en hætti við það því hún hafði ekki kjarkinn í það þá. „En svo var eitthvað sem rak mig áfram, mig langaði svo rosalega að komast út úr þessari einangrun og komast eitthvað áfram með sjálfa mig. Fyrsta önnin var mjög erfið fyrir mig á allan hátt. Ég varð að rifja upp stærðfræði, íslensku og ensku og lærði á tölvur í fyrsta skipti. Ég fékk samt góðar einkunnir en á annarri önninni fór mér að ganga miklu betur félagslega og fór að fá meiri trú

á sjálfa mig og að ég gæti lært. Einkunnirnar voru frábærar og ég sigraðist á mörgum hindrunum með hjálp alveg frábærra kennara sem vinna í Hringsjá. Ég var líka mjög heppin með skólafélaga og héldu þau mjög vel utan um mig. Í útskriftinni í vor var meðaleinkunnin mín yfir níu,“ lýsir hún stolt í bragði.

Fór í frekara nám

Námið í Hringsjá opnaði heilan heim fyrir Önnu Björk sem hún þekkti ekki áður. Nú getur hún lesið heilu bækurnar og einbeitingin kom aftur hjá henni. „Ég byrjaði á félagsliðabraut í Borgarholtsskóla í haust og á það endurhæfingunni í Hringsjá algjörlega að þakka. Ég væri ekki í þessu námi í dag ef ég hefði ekki fengið þessa endurhæfingu. Í Hringsjá er nemendum hjálpað við að taka næstu skref eftir námið hvort sem þau eru tekin í átt að frekara námi eða vinnu. Endurhæfingin gengur út á að hjálpa fólki við að halda áfram.“

Anna Björk mælir með náminu og námskeiðunum í Hringsjá fyrir alla þá sem vantar hvatann til að komast af stað og þá sem langar til að breyta sínu lífi. „Það geta allir lært og kennararnir í Hringsjá hafa alveg einstakan hæfileika til þess að hjálpa manni við það. Starfs-



Námið í Hringsjá opnaði nýjan heim fyrir Önnu Björk og öðlaðist hún þar meira sjálfstraust og trú á að hún gæti lært. Hún stundar nú nám í Borgarholtsskóla. MYND/GVA

fólkið þar er allt yndislegt og ég á engin orð til að lýsa aðdáun minni á þeim.“

Frábær námskeið í boði

Anna Björk segir námskeiðin sem Hringsjá býður upp á vera góð til að koma sér af stað. „Ég fór á námskeiðið Frestun í fram-

kvæmd sem var mjög gott námskeið sem ég lærði mikið af. Það eru margir með frestunaráráttu eins og ég var með en á námskeiðinu er farið í hvað hægt er að gera til að hætta að fresta hlutum. Ég tók líka námskeiðið Í fókus sem miðast við fólk sem er með ADHD. Ég er ekki með það

en hafði mikinn áhuga á því og hafði mikið gagn af námskeiðinu. Ég er búin að taka fjögur námskeið í allt hjá Hringsjá og þau voru öll frábær,“ segir Anna Björk og brosir.

Næstu námskeið í Hringsjá hefst 6. október.

Fjölskyldan og ég

Með aukinni þekkingu tileinka þáttakendur sér leiðir til að verða betri fjölskyldumeðlimir, makar og uppaldur.

Minnistækni

Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Hentar þeim sem eiga við gleymsku eða skert minni að stríða.

TÁT - Tök á tilverunni

Bjargráð og færni í að takast betur á við daglegt líf og hindranir sem upp koma.

Í fókus - Að ná fram því besta með ADHD

Eykur skilning á ADHD (athyglisbrest/ofvirkni) og hvernig hægt er að ná betri tökum á ADHD

Sjálfstyrking

Styrkir nemendur í að tjá sig, sýna öðrum örugga framkomu og almennt að vera til!

Tölvugrunnur

Tölvunotkun fyrir byrjendur. Unnið á eigin hraða með aðstoð.

ÚFF - Úr frestun í framkvæmd

Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu.



Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma 510 9380 eða á hringsja.is



HJÓLAFIMI Í BORGinni

Undir merkjum „Með fróðleik í fararnesti“ eru skipulagðir skemmtilegir og fróðlegir viðburðir fyrir alla fjölskylduna. Í dag verður til dæmis farið í hjólaferð eftir hjólastígum Reykjavíkur.

Lagt verður af stað frá Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, klukkan 11. Fyrir hópnum fara þau Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent í næringarfræði, og Erlingur Jóhannsson, prófessor í íþrótt- og heilsufræði, sem ætla meðal annars að kenna hópnum teygjur og æfingar og fræða hann um íþróttanammi. Ferðin tekur um tvo klukkutíma og er farin í samstarfi við Ferðafélag barnanna.



UPP Á KANT

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar heldur í dag námskeið í hjólastólafærni sem ber heitið „Upp á kant“ en námskeiðið er haldið í samvinnu við Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra (SEM). Þetta er í annað sinn sem boðið er upp á slíkt námskeið og mun Hákon Atli Bjarkason, meðstjórnandi SEM samtakanna, vera leiðbeinandi ásamt aðstoðarmanni.

Námskeiðið er ókeypis og er ætlað öllum þeim sem nota handknúinn hjólastól og vilja þannig bæta færni sína með það í huga að vera virkari á allan hátt í hinu daglega lífi.

Skráningarfrestur er útrunninn en örfá pláss eru laus. Áhugasamir geta sett sig í samband við Hákon Atla leiðbeinanda í síma 660 3807. Gefa þarf upplýsingar um tegund stóls, hversu lengi viðkomandi hefur notað hjólastól, upplýsingar um fötlun og hvort viðkomandi hafi einhver sérstök markmið með námskeiðinu þar sem það er að hluta mótað eftir þörfum hvers og eins.

Námskeiðið fer fram í sal Íþróttafélags fatlaðra, Hátúni 14 í Reykjavík, hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Nánari upplýsingar má finna á vef Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar, www.thekkingarmidstod.is, og á Facebook.

FLESTIR NEMENDUR SKRÁÐIR

Í Lucknow, höfuðborg fjölmennasta ríkis Indlands, Uttar Pradesh, er sá skóli sem hefur haft flesta nemendur skráða í einu. Í City Montessori-skólanum voru skólaárið 2010-2011 39.437 nemendur í skólanum og 2.500 kennarar kenndu þeim í um þúsund skólastofum og er metið skráð í Heimsmetabók Guinness.

Skólinn var stofnaður árið 1959 af Bharti og Jagdish Gandhi en þá voru þar aðeins fimm nemendur. Rúmri hálfri öld síðar geta nemendur skólans hvergi safnast allir saman þar sem enginn vettvangur í borginni rúmar þá alla. Nemendurnir eru á aldrinum þriggja til sautján ára og eru um 45 börn í hverri kennslustofu, öll í skólabúningi.

Mikill skortur er á skólum í Uttar Pradesh. Í ríkinu er fjöldi þeirra sem eru læsir undir meðaltali landsins, eða 74 prósent.

City Montessori er ekki aðeins stærri en aðrir skólar heldur hafa nemendur hans unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga í gegnum árin.

Skólinn, sem fær engan fjárstuðning frá ríkinu, er hins vegar lítill í samanburði við stærsta háskóla heims sem einnig er á Indlandi. Í háskólanum Indira Ghandi National Open University í Delhi eru ekki færri en fjórar milljónir sem stunda nám en skólinn er tíu sinnum stærri en sá stærsti í Bandaríkjunum, University of Phoenix.



365 Lofthraði

MEIRI HRAÐI Í BÚSTAÐINN

- **MEIRI HRAÐI**
Allt að 30 Mb/s hraði.
- **STÖÐUGRA SAMBAND**
Mikil notkun truflar ekki aðra viðskiptavini.
- **INNLENT NIÐURHAL INNIFALIÐ**
Allt innlent niðurhal er innifalið.

Athugaðu hvort að þú getir fengið Lofthraða í bústaðinn þinn, kynntu þér málið á lofthradi.is

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is



Magnús Einarsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur
fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggiltur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Eggert Mariúson
Sölufultrúi
Sími 690 1472



Guðrún Dilljá
Lúðvicksdóttir
skjalagerð



Benedikt Ólafsson
Sölufultrúi
Sími 661 7788



Nadia Katrín
Sölufultrúi
Sími 692 5002

Landmark leiðir þig heim!



OPÍÐ HÚS

LÆKJARBRAUT 3 – HVALFIRÐI

OPÍÐ HÚS LAUGARDAG 12. SEPT KL. 14:00-16:00

- Glæsilegt ca. 170 fm einbýlishús
- Húsið stendur á 1.hkt eignarlandi
- Stækkunarmöguleikar eru fyrir hendi
- 3 svefnherb., 2 baðherb., 2 stofur
- V. 51,9 millj.

Hafðu samband

SVEINN EYLAND

Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



OPÍÐ HÚS

LITLAVÖR 3 – 200 KÓP

OPÍÐ HÚS SUNNUDAGINN 13. SEPT. KL. 15:00 – 15:30

- Einstaklega fallegt 180,2 fm. 6 herbergja raðhús á tveimur hæðum ásamt 25,3 fm. bílskúr.
- Lóð glæsilega frágenginn, heitur pottur og tjörn með koi fiskum, suðurverönd.
- Afar vandaðar sérsníðar eikar-innréttingar.
- 4 svefnherbergi og 2 baðherbergi.
- V. 54,9 millj.

Hafðu samband

ÞÓRARINN THORARENSEN

Sölustjóri. Sími 770 0309



OPÍÐ HÚS

MÁNAGATA 20 – 101 RVK

OPÍÐ HÚS SUNNUD. 13. SEPT KL: 17:00 – 17:30

- Mjög góð útleiguing, miðsvæðis í Reykjavík
- Íbúðin er alls 42 fm, stúdíóíbúð og íbúðarherbergi
- Íbúðin er ósamykkt. Nýlega var þak endunýjað.
- V. 18,5 millj

Hafðu samband

SIGURÐUR R. SAMÚELSSON

Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



OPÍÐ HÚS

BREIÐAVÍK 21 – 112 RVK

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 14. SEPT. KL. 17:30 – 18:00

- Einstaklega falleg og vel skipulögð 94,7 fm. 3ja herb. íbúð á 2. hæð. Stórar suðursvalir.
- Vandaðar innréttingar og gólfefni. Þvottahús innan íbúðar Stutt í alla þjónustu og skóla.
- Sameign afar snyrtileg. Myndavéla-dyrasími.
- V. 31,9 millj.

Hafðu samband

ÞÓRARINN THORARENSEN

Sölustjóri. Sími 770 0309



OPÍÐ HÚS

HÁALIND 6 – 201 KÓP

OPÍÐ HÚS SUNNUDAGINN 13. SEP FRÁ 16.00 – 16.30

- Bjart og fallegt 207,2 fm parhús á tveim hæðum.
- 5 herbergi og baðherbergi á báðum hæðum.
- Snyrtilegur garður með palli beggja megin.
- Rúmgóður bílskúr með flísum á gólfi.
- V. 62,9 millj.

Hafðu samband

EGGERT MARÍUSON

Sölufultrúi. Sími 690 1472



OPÍÐ HÚS

HÁHOLT 23 – 200 HFJ

OPÍÐ HÚS SUNNUD. 13. SEPT KL: 13:00 – 13:30

- Falleg og björt 3ja herbergja íbúð auk bílskúrs.
- Alls er eignin um 120 fm á efri hæð í fjórþýli.
- Glæsilegt útsýni. Mjög góð staðsetning.
- V. 30,9 millj

Hafðu samband

SIGURÐUR R. SAMÚELSSON

Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



ÞRASTARHÖFÐI - 270 MOS

- Glæsilegt 262,2 fm. tvílyft einbýlishús með 36,1 fm. innbyggðum bílskúr.
- Gert ráð fyrir 4 svefnherbergjum.
- Frábært útsýni.
- Eignin skilast fullbúinn án gólfefna.
- V. 83,9 millj.

Hafðu samband

ÞÓRARINN THORARENSEN

Sölustjóri. Sími 770 0309



HJALLABRAUT – 220 HFJ.

- Rúmgóða 3ja herb., 93 fm endaíbúð
- Vel skipulögð stofa/borðstof og sjónvarpsstofa
- Gluggar eru á 3 vegu
- Rúmgóðar suður-svalir aflokaðar að hluta
- Viðhaldslítið hús sem er klætt að utan
- GETUR VERIÐ LAUS FLJÓTLEGA
- V. 27,9 millj.

Hafðu samband

SVEINN EYLAND

Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



OPÍÐ HÚS

FISKAKVÍSL 30 – 110 RVK

OPÍÐ HÚS MÁNUDAGINN 14. SEP FRÁ 18.00 – 18.30

- Björt og falleg 128,9 fm 4ra herb íbúð á tveimur hæðum.
- Tvennar svalir og mikið útsýni.
- Rúmgóð geymsla ekki í fm tölu.
- V. 41,9 millj.

Hafðu samband

EGGERT MARÍUSON

Sölufultrúi. Sími 690 1472



Viktoría
Hermansdóttir
viktoría@frettabladid.is



Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og fjölskyldur þeirra, fagnar 10 ára afmæli um þessar mundir. Stofnendur byrjuðu með báðar hendur tómar en hafa byggt upp öflugt starf sem fer sífellt stækkandi.

Það er heimilisleg stemning í Ljósinu þegar blaðamann og ljósmyndara ber að garði rétt fyrir hádegi. Fjölmenni er í húsinu, fólk að spjalla með kaffibolla í hendi, aðrir í handverksvinnu og hugleiðsla í einu herberginu. „Við leggjum mikið upp úr því að það sé heimilisleg stemning hérna, fólk á ekki að liða eins og það sé að koma inn á einhverja stofnun,“ segir Erna Magnúsdóttir, stofnandi Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir krabbameinsgreinda og fjölskyldur þeirra, sem fagnar tíu ára afmæli sínu um þessar mundir.

„Við byrjuðum með tvær hendur tómar en okkur hefur tekist að byggja þetta upp á þessum tíu árum með hjálp margra og nú á að fara stækka húsið en það er Oddfellow-reglan sem gefur okkur viðbygginguna,“ segir Erna. Starfsemin hófst í kjallara Neskirkju haustið 2005. Markmið Ljóssins er að fólk fái sérhæfða endurhæfingu og stuðning, bæði frá fagaðilum og fólk í sömu sporum. Fjölmargt er í boði; námskeið, líkamsrækt, fyrirlestrar, hópstarf og handavinna svo eitthvað sé nefnt. Og margir nýta sér þjónustuna. „Það voru 70 hér í gær, í fyrra voru 1.000 manns sem komu hingað,“ segir Erna um leið og hún sýnir okkur húsið.


Þrátt fyrir að starfsemi Ljóssins hafi fyrir löngu sannað virkni sína þá segir Erna hið opinbera aðeins styrkja starfið að litlum hluta. „Við höfum barist í mörg ár fyrir að fá samning við ríkið til að hjálpa okkur en fáum eftir 10 ár um helming af rekstrarféna frá hinu opinbera en hinu þurfum við að safna fyrir. Það fer mikill tími í það. Við erum með okkar styrktaraðila en það fer of mikill tími í fjárflokkunina,“ segir Erna og nefnir afmælistónleika Ljóssins sem haldnir verða í Háskólabíói næstkomandi miðvikudag. „Við myndum halda svona oft en það tekur mikinn tíma að skipuleggja þetta,“ segir hún.

Erna vann áður hjá Landspítalanum við endurhæfingu krabbameinssjúklinga. Þegar starfsemin var skert ákvað hún að láta reyna á það að opna nýjan stað fyrir starfseminna. Það gekk eftir og hefur starfsemin stækkað ár frá ári. „Fólk fær hér andlega og líkamlega endurhæfingu. Við erum með líkamsrækt hér en líka í Hreyfingu. Einnig erum við með nudd og alls kyns heilsu meðferðir. En fyrst og fremst er þetta stuðningur. Það er áfall að greinast með krabbamein og margir verða einmana, flestir þurfa að hætta í vinnu og eru mikið einir. Hér fær fólk góðan undirbúning við að byggja sig aftur upp eftir krabbameins meðferðir eða koma sér aftur af stað út í lífið.“



Mikið af námskeiðum er í boði, meðal annars í jóga.

Mikilvægur stuðningur eftir veikindi



Mikið er lagt upp úr líkamlegri hreyfingu í Ljósinu og starfa þar þrjú sjúkrapjálfarar.



Erna stofnaði Ljósið fyrir tíu árum með báðar hendur tómar og fékk til liðs við sig mikið af góðu fólk sem hefur byggt upp starfseminna. Fréttablaðið/Anton Brink



Mikil sköpunargleði ríkir í Ljósinu og margir sem vinna að handverki, jafnvel margir sem uppgötvu leynda hæfileika.

Gott að finna skilninginn

David Kristófer Young greindist með eitlakraðbamein í fyrra. „Ég mætti herna fyrst í janúar á þessu ári eftir að ég var búinn með meðferðina,“ segir David sem er í dag laus við meinið. Hann kom í Ljósið til þess að byggja sig upp líkamlega og andlega eftir meðferðina. „Það voru allir yndislegir sem tóku á móti mér hér og mér hefur liðið vel hér síðan,“ segir David. Hann segir mikilvægt að hitta aðra með sömu eða svipaða reynslu. „Líka það að maður var ekki að vinna og leiddist. Þá var gott að koma hingað, fá sér hádegismat og vera í kringum fólk sem skildi mig. Mínir nánustu eru æðislegir og styðja við bakið á manni en það er ekki það sama, þeir skilja ekki alveg hvað maður er að ganga í gegnum.“ David hefur verið í hóp með fólk á aldrinum 30-40 ára sem hittist reglulega á æfingum í Hreyfingu. „Þetta er öflugur hópur og flestir með börn líka. Við reynum að hittast aðra hvora viku og gera eitthvað skemmtilegt. Þetta er hress hópur og mikil læti í okkur á æfingum, við erum öll orðin góðir vinir í dag,“ segir hann.



Ómetanlegur stuðningur

Ég fékk hér ómetanlegan stuðning,“ segir Elín Stephensen sem kom fyrst í Ljósið fyrir um ári, þá nýkomin úr krabbameinsaðgerð. Hún fór á námskeið fyrir nýgreindar konur sem voru á svipuðum stað í ferlinu og hún. Hún segir það hafa skipt miklu máli að geta talað við fólk sem var á sama stað og hún og skildi liðanina. „Ég vil meina að það námskeið hafi hreinlega skipt sköpum fyrir mig. Það myndast svo mikill trúnaður. Þarna getur maður talað um allt í sambandi við krabbameinið, meðferðina og liðanina. Svo erum við náttúrulega í veikindaleyfi þannig að við værum meira og minna að hanga einar heima en í staðinn kemur maður hér, hittir fólk og spjallar. Hérna frammi er bara glaumur og gleði. Ekkert verið að tala um veikindi nema bara í léttum dúr en bak við luktur dyr opnar maður á erfiðleikana, tårin og allt það.“ Elín er kennari og er nýfarin að vinna aftur í 50 prósent starfi en kemur áfram reglulega í Ljósið. „Hér er bara gleði. Það er hlegið, fadmast, þetta er svolítið eins og koma heim.“



Gefur til baka

Þetta er svo rosalega flott starfsemi. Bæði hvað er vel tekið á móti fólk en líka að það eru fáir staðir í dag sem kosta lítið. Það geta því allir tekið þátt sama hvaðan þeir koma,“ segir Gunnar L. Friðriksson sem byrjaði að koma í Ljósið í fyrravetur eftir að hann greindist með ristilkrabbamein. Gunnar hefur kennt núvítund undanfarin ár og er nú farin að kenna námskeið í Ljósinu. „Mig langaði að gefa eitthvað til baka því ég hef fengið svo margt hér,“ segir hann. „Ég hafði heyrt af Ljósinu en vissi ekki nákvæmlega hvað væri í gangi herna. Ég ákvað að prófa og fannst gott að koma hingað. Svo fór ég í lyfjameðferð og hafði góðan tíma, þá var gott að koma hingað og fá stuðning. Vera í gönguhóp, hitta fólk og fá sér kaffisopa. Fá punkta sem maður fær ekki annars staðar. Hitta fólk sem var búin að fara í gegnum þetta áður og gat gefið manni góð ráð.“





LANDINN
sunnudaga



POLDARK
sunnudaga



TÓNHAUÐ
miðvikudaga



TOPPSTÖÐIN
fimmtudaga



ÓFÆRÐ
27. desember



KASTLJÓS
mánudaga - fimmtudaga



REIMLEIKAR
febrúar



VIKAN MEÐ GÍSLA MARTEINI
2. október



HÆPIÐ
28. október



ÍSBJÓÐIN
25. október



RÆTUR
26. desember

HAUSTIÐ ER KOMIÐ Í HUNDRAÐ ÞÚSUND LITUM



SAMFÉLAGIÐ
alla virka daga



ÞAR SEM ORÐUNUM SLEPPIR
laugardaga



MORGUNVAKTIN
alla virka daga



HÁLFNÓTAN
alla virka daga



BÓK VIKUNNAR
sunnudaga



SAGA HUGMYNDANNA & SAGA HLUTANNA
þriðjudaga og fimmtudaga



VÍSJÓN
alla virka daga



ORÐ AF ORÐI
sunnudaga



MORGUNÚTTVARPIÐ
alla virka daga



VIKIR MORGNAÐ
alla virka daga



POPPLAND
alla virka daga



SÍÐDEGISÚTTVARPIÐ
alla virka daga



SUNNUDAGSSÖGUR
sunnudaga



HANASTÉL
laugardaga



ARNAR EGGERT
miðvikudaga

KYNNTU ÞÉR VETRARDAGSKRÁ RÚV 2015/2016
Á GLÆNÝJUM KYNNINGARVEF Á RÚV.IS



TÆKNI

Töfrandi óvissuferð Apple

Enn á ný hefur Apple kynnt vörur til leiks sem eru í senn heillandi og kunnuglegar. Stærsta uppfærsla í sögu Apple TV virðist ætla að festa Apple í sessi sem ráðandi afl í sjónvarpsholinu en margir höfðu beðið eftir uppfærslunni.

Kjartan Hreinn
Njálsson
kjartanh@365.is



Til að ná þeim árangri sem Apple hefur náð þarf meira til en silikon, gler og stál. Galdrar eru það sem þarf og í tilfelli Apple eru töfrarnir samruni verkfræði í heimsklassa og enn betri markaðssetningar.

Við höfum oft séð töfraþróð Apple en aldrei jafn bersýnilega og á miðvikudaginn í San Francisco. WWDC-ráðstefna Apple, sem haldin er þrisvar á ári, er Ofurskál nördanna og rétt eins og umgjörð og framsetning hinnar raunverulegu Ofurskálur er ráðstefna Apple oft á tíðum fjarstæðukennnd upplifun, þar sem frasar eins og „Það eina sem hefur breyst er allt“ þykja frábærir en ekki merki um geðtruflun.

Apple á það nefnilega til að biðja neytendur um að kveðja raunheima tímabundið og stíga inn í straumlinulagaðan og vel kóðaðan hliðarveruleika, þar sem reglurnar eiga ekki við. Frumefnin sem mynda þennan töfraheim urðu til við sundrun fyrri nýsköpunar. Mögulega hljómar þetta allt frekar neikvætt en staðreyndin er sú að Apple er fyrirtæki sem hefur á valdi sínu einstakan hæfileika til að draga stórkostlegar nýjungar úr loftkenndu rými sem mörg tæknifyrirtæki fylla. Það var sannarlega raunin á miðvikudaginn. Þrjár tilkynningar standa upp úr og allar munu þær móta framtíð Apple.

Risavaxin uppfærsla iPad Fyrst þetta, áður en lengra er haldið: Þú getur hent iPad-inum þínum í ruslið. Tim Cook, framkvæmdastjóri Apple, kynnti iPad Pro til leiks á miðvikudaginn. Þetta er spjaldtölva sem er svipað stór og blaðsíðan sem þú lest þetta á. Hún er hlægilega stór og vélbúnaðurinn sem hún býr yfir er álika stórtækur. Apple fullyrðir að iPad Pro sé öflugri en 80% af fartölvum í heiminum. Þetta er spjaldtölva sem hönnuð er fyrir þá sem hata fartölvur en þurfa samt á einni slíki að halda.

Apple kynnti einnig lykklaborð fyrir iPad Pro og Stylus eða griffil en gleymdi jafnframt að tilkynna er að iPad Pro er ekki Surface-spjaldtölvun frá Microsoft. Saman mynda þessar einingar öflugra spjaldtölvu með gríðarlega möguleika sem teygja anga sína allt frá heilbrigðisþjónustu til grafískrar hönnunar. Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Macland, telur að margir geri sér eflaust ekki grein fyrir hvað iPad Pro á eftir að breyta miklu. „Ég hef þegar fengið margar fyrirspurnir frá auglýsingastofum og hönnuðum um hvenær græjan kemur,“ segir Hörður. „iPad Pro er að mörgu leyti að sækja inn á markað sem Apple er þegar ráðandi á, til dæmis hönnunarmarkaðinn.“ Margir hafa bent á að það sem Steve Jobs, sem hafði skoðanir á flestu,



Tim Cook, framkvæmdastjóri Apple, kynnr iPad Pro til leiks. NordicPhotos/Getty



iPhone 6S með 12MP myndavél og 3D Touch-tækni. NordicPhotos/Getty

sagði um griffila árið 2010: „Ef þið sjáið griffil, þá klúðruðu þeir því.“ Apple Pencil, eins og penninn er kallaður, er nýtt dæmi um hvernig Apple brýtur reglur stofnandans, sem er ágætt enda litur penninn afar vel út.

Bylting í notkun smáforrita

Nýja iPhone 6S vörulínan er nauðalík þeirri sem kom á markað á síðasta ári. Breytingarnar á vélbúnaðinum eru í takt við uppfærslur síðustu ára. Síminn af öflugri og með betri myndavél.

Apple veit að það er ekki nægilega krassandi ástæða til að fá sér nýjan síma. Stóra breytingin fellst í nýrri nálgun á hvernig notendur nota smáforrit. Með 3D Touch-tækninni greinir skjárin mismunandi snertingar. Kröftug snerting kallar fram eitt, létt snerting annað. Svipaða eiginleika er að finna á Apple Watch. Þetta er risavaxið skref fyrir Apple, þýðingarmikið fyrir framleiðendur smáforrita og mun skilgreina notkun þeirra í öllum komandi kynslóðum iPhone.



ÞETTA ER ANNAÐ SKREF Í ÞÁ ÁTT AÐ AFRUGLARINN HÆTTIR AÐ VERA TIL STAÐAR Á HVERJU HEIMILI.

Hörður Ágústsson, framkvæmdastjóri Macland

App Store í sjónvarpið

Að endingu ber að nefna Apple TV, eða Netflix eins og það er kallað á flestum heimilum. Ný útgáfa af Apple TV er, rétt eins og iPad Pro, tæki sem á rætur í hliðarveruleika Apple. Með græjunni verður hægt að leita samhliða á öllum efnisveitum (Hulu, Netflix, Amazon o.fl.). Þá verður hægt að leita að efni með Siri og spila leiki af ýmsum toga í gegnum sjónvarpið. Fjarstýringin er með snertifleti og virkar einnig sem leikjapinni. Í þessari upptalningu er

að finna eiginleika sem Microsoft, Google, Roku, Amazon, Samsung og Sony hafa fyrir löngu innleitt í sín tæki.

Hugbúnaður Apple TV hefur jafnframt verið uppfærður og núna getur hver sem er spreytt sig á að þróa smáforrit fyrir Apple TV. Þar með opnast nýr og gríðarlega fjölbreyttur vettvangur fyrir hugbúnaðarframleiðendur. Möguleikarnir tengdir Apple TV eru nær endalausir.

Uppfærsla Apple TV hefur vofað yfir nokkuð lengi og ljóst er að margir hafa beðið eftir að sjá hvað Apple hefur fram að færa. „Þetta ár hefur farið í að biðja eftir nýju Apple TV,“ segir Hörður í Macland. „Á þessu ári höfum við kannski selt 10% af venjulegri árssölu Apple TV. Fólk var búð að heyra að það væri eitthvað á leiðinni.“

Nýjungin að geta leitað í öllum efnisveitum samhliða er jafnframt forsenda þess að Apple TV taki endanlega yfir sjónvarpsholið. „Þetta er annað skref í þá átt að afruglarinn hættir að vera til staðar á hverju heimili. Þegar börnin mín fara í heimsókn til ömmu sinnar benda þau á afruglarann og spyrja „hvað er þetta?““

Apple veit

iPod-inn var ekki fyrsti MP3-spilarinn og iPad-inn ekki fyrsta spjaldtölvun. En að einhverju leyti er okkur alveg sama. Apple veit það. Það er það sem velgengni Apple gengur út á. Því hver mun nota Surface frá Microsoft eftir fimm ár eða Roku eða Amazon Fire TV til að horfa á sjónvarpið? Apple veit það.

Frelsið allsráðandi

TÖLVULEIKIR

Metal Gear Solid V: Phantom Pain
Konami

PC

★★★★★

Það fyrsta sem segja má um Metal Gear Solid V: Phantom Pain er þetta: Þvílíkt frelsi. Leikurinn er svokallaður sandkassa-leikur sem gerist á stóru svæði og er hægt að nálgast markmið hvers verkefnis fyrir sig á óteljandi vegu. Um er að ræða síðasta leikinn

í Metal Gear-seríu Hideo Kojima. Fyrsti leikurinn í seríunni kom út árið 1987 fyrir MSX2-leikjattölvurnar og svo skömmu seinna í gömlu Nintendo-leikjattölvurnar sem svo margir muna eftir. Það ætti því öllum að vera ljóst að Kojima hefur varið miklum tíma í seríuna og Phantom Pain er meistaraverk hans.

Söguhetja leiksins, Big Boss eða Snake, vaknar úr dái árið 1984 eftir níu ára svefn. Markmið hans er að byggja upp her og hefna sín á þeim sem komu honum í dá á sínum tíma.

Til þess ferðast hann til Afganistans og Afríku þar sem hann berst við hermenn, vélmenni og aðila sem erfitt er að útskýra.

Þó leikurinn gangi mikið út á að læðast inn fyrir víglínur, þá er það alls ekki eina leiðin til að leysa úr verkefnum leiksins. Öll svæði leiksins eru opin og hægt er að taka með sér mismunandi vopn og fylgdarfélaga í hvert sinn. Hvort sem það er hestur, hundur, vélmenni eða leyniskyttu.

Ítarlegri umfjöllun um MGSV: Phantom Pain má nálgast á Vísi. – skó



KRÓNAN



- fyrst og fremst
Ódýr!

Ferskt íslenskt lambakjöt af nýslátruðu



1486 kr. kg

Íslenskt lambalæri af nýslátruðu



799 kr. kg

Verð áður ~~898~~ kr. kg
Íslenskt lambasúpukjöt af nýslátruðu
Hálfur sagaður frampartur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öðra myndbreytingu



1848 kr. kg

Íslenskur lambahryggur af nýslátruðu

Ódýr hollusta



249 kr. kg

Íslenskar kartöflur í lausu, gullauga, 1 kg



749 kr. kg

Íslenskur Krónu kjúklingur, ferskur, 1/1

BAENDA- MARKAÐUR Í DAG LAUGARDAG



VELJUM
ÍSLENSKT!

Ný íslensk uppskera

af grænmeti
beint frá bónda

Í Krónunni Akranesi, Bíldshöfða,
Granda, Lindum, Mosfellsbæ
og Selfossi



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Flækjusaga



Illugi Jökulsson veltir fyrir sér barneignum bresku konungsættarinnar – því allt snýst það vesin um viðhald stofnsins!

Fyrir fáeinum dægum varð Elísabet II þaulsætust allra þjóðhöfðingja í Bretlandi, en Bretar hafa enn ekki horfst í augu við hve fullkomlega galin sú skipan er að einhver sé fæddur til valda – þótt vissulega séu völd Bretadrottningar svo sem engin orðin en auðæfi hennar reyndar þeim mun meiri. Sú hugmynd að pólitísk völd gætu fylgt erfðarétti var á sínum tíma svo inngróin í hugarfar okkar að réttur „bláa blóðsins“ var heilagur og kominn frá guði. Í ættarsögu Elísabetar drottningar eru mörg dæmi um ögöngur sem hugmyndin um helgan rétt konungsætta gat leitt í, og þar sem guð kom bersýnilega hvergi við sögu. Eitt skýrasta dæmið snýst reyndar um kóng sem alls ekki var forfaðir Elísabetar.

Karl II var af þeirri skosku grein bresku konungsættarinnar sem komst til valda af því Elísabet I kaus að eignast ekki börn. Faðir hans var Karl I og reyndist svo illa á konungsstóli að Bretar gerðu sínu einu tilraun til að losa sig við „bláa blóðið“ og hjuggu af honum hausinn og komu á einhvers konar vísi að lýðveldi undir forystu Olivers Cromwells. En ekki var nú lýðveldishugsunin þroskaðri en svo að þegar Cromwell dó ætlaði sonur hans að taka við, en var enginn bógu og hraktist burt af Bretlandi. Þá voru mörg hirðfíl orðin leið á drunganum sem þótti fylgja konungssleysinu, og menn kunnu þá ekki annað ráð en kalla gömlu konungsettina til valda á ný og Karl II var nú smurður og krýndur 1660.

Kvennabósi

Karl var þá þritugur og þegar alræmdur kvennabósi, sem kallað var. Hann var ókvæntur ennþá en þegar búinn að eignast að minnsta kosti fjögur börn með þremur. Börnin voru því óskilgetin og þótt Karl hefði viðurkennt að vera faðir þeirra komu þau ekki til mála sem lögformlegir erfingjar hans, hvað þá að þau gætu tekið við þeirri tign sem kom yfir Karl þegar hann tyllti sér að lokum í hásetið. Til að geta eignast arftaka varð formlegt hjónaband að koma til; að öðrum kosti var blóðið



KARL II

ekki blátt og arfarétturinn ekki „heil-agur“.

Tveim árum eftir að Karl varð kóngur gekk hann í hjónaband. Brúður hans hét Katrín og var hertogadóttir af Braganza-ættinni í Portúgal. Ekki giftust þau Karl og Katrín af ást enda hittust þau í fyrsta sinn daginn fyrir hjónavígsluna sem fór fram í Portsmouth. Þá var einfaldlega talið pólitískt klókt af Bretum að tengjast Portúgölum, því þeir voru svarnir keppinautar Spánverja sem ævinlega elduðu grátt silfur við Breta um þær mundir. Hin nýgiftu konungshjón héldu innreið sína í London með miklum glæsibrag, trúðleikarar og músikantar héldu uppi fjörinu í litríkri skróðgöngu og allt virtist mjög við hæfi nýrra og kátari tíma á Bretlandi.

Og Karl II hellti sér vissulega út í glaum og gleði. Lausung, brúðl og oflæti einkenndu hirðlífið meðan hann sat á stóli, en hins vegar tók drottning engan þátt í því. Katrín af Braganza reyndist vera mjög hæglát stúlka og alvörufegin og líklega hefði hinn glaðsinna kóngur mátt vita að hún myndi passa illa inn í svo líflega hirð. Því hún var alin upp í klaustri við bænakvak og sálmasöng. Þegar veislurnar voru sem villtastar við hirðina í London og klám í hverju

Káti & kóngurinn & drottningin dapra

horni, þá hrökk drottning undan og vildi engan þátt eiga í slíku líferni. Þar að auki þótti hún ekki snoppufrið. Hún reyndi þó að gegna drottningar-skyldum sínum eftir mátti og varð að minnsta kosti þrisvar barnshafandi, en missti jafnoft föstur. Eftir þriðja fösturlátið gerðist ekki meir í hennar skauti. Nú varð Katrín óvinsæl með þjóðinni, ekki aðeins þótti hún fúl og leiðinleg og alltof guðhrædd á sinn kápólska máta, heldur ætlaði hún bersýnilega ekki að sjá um þá framleiðslu á bláu blóði sem var hennar helsta og raunar eina hlutverk.

Kóngur riður um víðan völl

Á meðan reið káti kóngurinn Karl II um víðan völl. Hann er áreiðanlega kvensamasti kóngur Bretlands og átti að minnsta fjórtán börn í lausaleik með mörgum konum en lítill vafi er raunar á að krógar hans voru töluvert fleiri. Hann skorti sem sé ekki frjósemi og þegar árin liðu og enginn lögformlegur erfingi leit dagsins ljós úr kviði Katrínar, þá fóru hirðmenn og viðhlæjendur Karls að hafa áhyggjur. Það virtist fráleitt að kóngur sem varla gat litið á konu án þess að hún fæddi umsvifalaust barn yrði svo að deyjja án þess að koma erfingja sínum í konungsstól. En þá brá svo við að Karl, þótt væri hann taumlaus spráðibassi, harðneitaði að skilja við Katrínu. Hún væri konan sín og ekki orð um það meir. Reyndar krafðist Karl þess ætíð af hirð sinni að sýna hinni sorgmæddu Katrínu fulla virðingu, þótt sjálfur gengi hann svo að lokum fram af henni, þegar hann neyddi hana til að gera uppáhalds ástkonu sína að helstu hirðmey drottningar. Það var kona sem Karl



KATRÍN AF BRAGANZA

Niðurlægning drottningar

Annars vegar dæmdi Karl drottningu sína fyrst til endalausrar niðurlægningar við hirðina, en síðan til dimmrar einangrunar í kastala sínum. Og hins vegar kallaði Karl með því erjur, blóðug átök og raunar stríð yfir þjóð sína. Hann vissi að ef hann eignaðist ekki lögformlegan erfingja þá yrði Jakob bróðir hans kóngur eftir sinn dag. Og Jakob var af ýmsum ástæðum svo óvinsæll bæði meðal alþjóðu og helstu aðalsmanna Bretlands að Karl mátti vel vita að hann fengi aldrei að sitja á fríðarstóli, uppreisn yrði án efa gerð gegn honum. Enda gekk það eftir, Jakob var hrakinn frá völdum eftir aðeins þrjú ár þegar fjendur hans ruddu honum úr vegi. Þá tók María dóttir Jakobs við völdum ásamt eiginmanni sínum Vilhjálmi Hollandsprins, en aðalsmenn notuðu tækifærið til að skera mjög niður í völdum kóngsins – svo þeir atburðir eru kallaðir „dýrðlega byltingin“ í breskri sögu. En margir máttu láta lífið í þeim róstum öllum, og þetta hefði Karl II getað komið í veg fyrir með því að skilja við Katrínu af Braganza – auk þess sem hún sjálf hefði komist heim til síns heitelskæða Portúgals.

Af einhverjum ástæðum taldi svo léttúðugur kóngur sem Karl þrátt fyrir allt meira virði að efna formlega hjónabandsheit sitt við Katrínu – í orði en þó alls ekki á borði – heldur en að tryggja ríki sínu og þegnum erfingja sem hefði efalaust komið í veg fyrir borgarastríðið sem fylgdi valdatöku Jakobs bróður hans, og á endanum mikla skerðingu á völdum konungsættarinnar. Það var að vísu hið besta mál, en heimskulegt frá sjónarhóli konungs. Svo hvernig má bera virðingu fyrir „tryggð“ Karls við Katrínu?

Loksins, loksins!

En svo er eftirmáli við þessa sögu. Þótt Karl II hafi vísvitandi komið í veg fyrir að afkomandi hans settist á konungsstól Bretlands, þá er nú loksins útlit fyrir að það geti orðið. Það er að segja ef Elísabet lætur einhvern tíma hásetið eftir, sem óvíst verður að teljast! Diana nokkur Spencer, hún var nefnilega komin í tíunda lið af tveimur hinna fjölmörgu launsona Karls kóngs. Svo þegar Vilhjálmur hertogi, sonur Díönu og Karls prins, verður krýndur, þá verður afkomandi káta kóngsins loksins, loksins komin í hásetið.

Nema Bretar hafi þá haft vit á að afskaffa kónginn. En ekki veðja á það.



ÞEGAR VEISLURNAR VORU SEM

VILLTASTAR VIÐ HIRÐINA Í LONDON OG KLÁM Í HVERJU HORN, ÞÁ HRÖKK DROTTNING UNÐAN OG VILDI ENGAN ÞÁTT EIGA Í SLÍKU LÍFERNI.

átti með að minnsta kosti fimm börn, og blöskraði Katrínu svo að þurfa að hafa hana í sínum innsta hring að drottning yfirgaf London um síðir og bjó í döprum kastala uppi í sveit æ síðan. Þegar Karl lá banaleguna aðeins hálfsextugur árið 1685, útlifadur nokkuð af svalli og sukki, þá gerði hann boð eftir eiginkonu sinni, en Katrín neitaði að koma, það hann hins vegar fyrirgefningar á því að hafa móðgað hann alla ævi. Og þá er haft eftir Karl: „Æ aumingja konan! Biður hún mig fyrirgefningar? Ég bið hana fyrirgefningar af öllu hjarta, færið henni það svar.“

Nú má vera að einhverjum þyki það fallett af Karlí að þótt hann væri á kvennafari nærri alla daga ársins framhjá konu sinni, en þó oft nánast einhverja tylliástæðu og Katrín hefði kannski ekki farið vel út úr því. En hefði það nú samt ekki verið skárna en sá kostur sem nú varð ofan á?

Til leigu

skrifstofuhúsnæði í miðborg Reykjavíkur



Til leigu er vandað skrifstofuhúsnæði á besta stað í miðborg Reykjavíkur.

Alls 250m² á 3. hæð sem skiptist í 8 rúmgóðar skrifstofur, móttöku, fundarherbergi, skjalageymslu, eldhús og salerni. Fallegur inngangur frá Skólavörðustíg og vandaður stiga-gangur með klassísku yfirbragði.

Laust til afhendingar í október. • Allar upplýsingar: yrki@yrki.is

HÁRTÆKJADAGAR

Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is

**ÖLL HÁRSNYRTITÆKI
Á 20-50% AFSLÆTTI**

Öll Babyliss, Philips, Remington, Vidal Sasson og Tony&Guy hártæki á góðum afslætti.
Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup!



SLÉTTUJÁRN • BYLGJUJÁRN • HÁRKLIPPUR • KRULLUJÁRN • NEFHÁRASNYRTAR • BLÁSARAR
• HITABURSTAR • RAKVÉLAR • KEILUJÁRN • HITARÚLLUR • HÁRSNYRTAR OG MARGT FLEIRA



byggtogbúio

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS





Elsku sonur minn,
faðir minn og vinur,
bróðir okkar, mágur og frændi,

Ingvar Hilmarsson

lést á heimili sínu í Strängsered í

Svíþjóð laugardaginn 29. ágúst.

Útför hans fer fram frá Strängseredskirkju

18. september kl. 13. Þeim sem vilja

minnast hans er bent á átak Geðhjálpur Útmeð'a,

styrktarreiðingur nr. 546-14-411114, kt. 531180-0469.

Hjördis Guðmundsdóttir

Ebba Hjördis Ingvarsdóttir

Helga Hilmarsdóttir

Elín María Hilmarsdóttir

Kristín G. Hilmarsdóttir

Berglind Hrönn Hilmarsdóttir

systkinabörn og fjölskyldur.

Anna-Karin Hedén

Jan-Eve Nord

Sigurður Þórarinnsson

Axel Sigurður Helgason

Michael Jensen

systkinabörn og fjölskyldur.



Pórunn er stúf full af þakklæti á þessum merku tímamótum og ætlar að njóta sín með fjölskyldunni í dag. Fréttablaðið/GVA

Ekki dugleg við að taka pláss sem afmælisbarn

Söng- og leikkonan Pórunn Erna Clausen fagnar fertugsafmælinu með því að gefa út lag.

„Ég ætla að gefa mér svolítið skemmtilega afmælisgjöf í ár, og þar sem ég lofaði sjálfri mér að gefa út lag eftir mig sjálfa er nú bara komið að því,“ segir stórafmælisbarn dagsins, Pórunn Erna Clausen, söng- og leikkona sem stendur nú á fer-tugu.

Aðspurð um plönnin á þessum merku tímamótum segist Pórunn ekki dugleg við að taka mikið pláss sem afmælisbarn en ætla sér að eyða deginum í faðmi fjölskyldunnar og bregða sér svo af bæ þegar liður á kvöldið, og þá í leikhúsi. „Mér finnst alltaf voða erfitt að halda afmælisveislur fyrir sjálfa mig. En það er allt annað mál með að halda upp á afmælin

fyrir aðra,“ útskýrir hún og bætir við: „Ég tók mig þó til og þjófstartaði afmælisdeginum um síðustu helgi, og hélt frábært afmælispartí.“ Ekki er laust við að hún sé örlítið ánægð með sig, og þrátt fyrir að veislan hafi verið haldin fyrir hana sjálfa naut hún sín í hvívetna, enda umkringd vinum og vandamönnum, sem sungu hástöfum með henni næturlangt.

„Það hefur einhvern veginn verið voða mikið svoleiðis að ég hef verið í vinnu þegar ég á afmæli,“ segir hógværa afmælisbarnið, og segist sennilega muna best eftir þeim afmælisdegi þegar hún skar næstum af sér fingurinn við að taka móti blómum og einhvern tíma fór hún í

góða hestaferð. „Svo fannst mér ofsalega gaman þegar ég fékk lag í afmælisgjöf frá manningum mínum heitnum, það var yndisleg afmælisgjöf.“ Segist Pórunn hafa verið lánsöm í lifinu þegar blaðamaður biður hana um að horfa yfir farinn veg í tilefni dagsins. „Ég á yndislega fjölskyldu og hef fengið að upplifa mikla ást, verið lánsöm að fá að vinna við það sem ég elska og upplifað fullt af ævintýrum, þó auðvitað hafi gengið á ýmsu. En ég hef fengið að elta draumana mína og reynt ansi margt þótt árin séu ekki fleiri en raun ber vitni. Ætli maður verði ekki bara þínu væminn á svona tímamótum?“ segir Pórunn og hlær létt í lokin. – ga

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Davíð Óli Pétur
útfararstjóri útfararstjóri

551 3485 • udo.is

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

MEÐ VIRÐINGU OG KÆRLEIK Í 66 ÁR

Útfarar- og lögfræðisþjónusta
www.utfor.is

Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Jóhann N. Ágústsson
fv. stórkaupmaður,
Kristnibraut 87, Reykjavík,
sem lést þann 3. september, verður jarðsungið frá Guðriðarkirkju, Grafarholti, þriðjudaginn 15. september kl. 11.

Þóra Stefánsdóttir

Halldór Jóhannsson Fanney Ingvadóttir
Stefán Jóhannsson Sólrún Viðarsdóttir
Birgir Þ. Jóhannsson Astrid Lelarge
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og kærleika við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdafaður, afa og langafa,
Sæmundar Óskarssonar
prófessors og rafmagnsverkfræðings.

Óskar Sæmundsson Arnheiður E. Sigurðardóttir
Stefán Sæmundsson Valery B. Sæmundsson
Örn Sæmundsson Hans Ó. Isebarn
Steinunn Sæmundsdóttir Guðmundur Guðmundsson
Ása H. Sæmundsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.

Elskaður eigenmaður, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,
Einar Arnór Eyjólfsson
flugvirki,
lést 5. september.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. september kl. 13.

Sigrún Ása Sigmarsdóttir
Einhildur Guðrún Einarsdóttir
Eva Mjöll Einarsdóttir Gunnar Skúlason Kaldal
Ásta María Einarsdóttir Guðmundur Steindórsson
Eliás Bjartur Einarsson Ragnhildur H. Hannesdóttir
Arnar Vilhelm, Hrafn Ingi, Sigmar Kári, Elín Anna, Birkir Logi og Bjarki Steinar

Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför hjartkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Önnu Sigurðardóttur
fyrrum húsfreyju að Borg á Mýrum,
sem lést á Hrafnistu við Boðaping 27. ágúst sl. Starfsfólk Hrafnistu færur við alúðarþakki fyrir umhyggju og kærleikspél á ævikvöldi hennar.

Guð blessi ykkur öll.
Nína Leósdóttir Stefán Yngvason
Sigurður Örn Leósson Laufey Jónsdóttir
og fjölskyldur.



Bogomil Font verður sjálfsgagt í glimrandi stuði í kvöld.
Fréttablaðið/GVA

Haustfagnaður Milljónamæringanna

Hljómsveitin Milljónamæringarnir snýr aftur úr dvala í kvöld og efnir til allsherjar haustfagnaðar í Gamla bíói í kvöld.

Hljómsveitin ætti að vera flestum kunn en hún á fjölda vel þekktra laga á borð við Marsbúa cha cha cha sem sjálfsgagt mun fá að hljóma á ballinu í kvöld. Ballið verður í anda Hauks Morthens og með sveitarúmbu ívafi og segir Bogomil Font hljómsveitina stefna á að halda fleiri böll í vetur.

„Við erum með smá endurkomu, hljómsveitin er búin að vera í dvala,“ segir hann glaður í bragði.

Örlítið hefur verið hrist upp í mannskipan hljómsveitar-

innar og hafa bræðurnir Snorri og Steinar Sigurðssonir gengið til liðs við Milljónamæringana og leika á trompet og saxófón.

Á sviðinu verða einnig þeir Bogomil Font, Bjarni Arason og Raggi Bjarna en á trommur ber Steingrímur Guðmundsson, Birgir Bragason verður á bassa og Karl Olgeirsson á hljómborðinu og segir Sigtryggur mega eiga von á því að heyra helstu slagara sveitarinnar. „Við ætlum að leggja áherslu á þessa dansmúsík,“ segir hann glaður í bragði að lokum.

Tónleikarnir fara líkt og áður sagði fram í Gamla Bíói og hefjast þeir klukkan 23.59.



Raggi Bjarna

Bjarni Ara

ÞETTA GERÐIST
12. SEPTEMBER 2003

Johnny Cash andast 71 árs

Bandaríski tónlistarmaðurinn Johnny Cash andaðist þennan dag árið 2003, þá sjöttu og eins árs að aldri, í borginni Nashville í Tennessee og var banameinið sykursýki, en sumir vilja meina að hann hafi dáið úr ástarsorg, þar sem June Carter, eiginkona Cash, lést fjórum mánuðum áður.

Cash var einhver mesti áhrifavaldur í dægurlagatónlist



vestanhafs á tuttugustu og fyrstu öldinni, og þótt margir vilji minnst tónlistar hans sem kántrítónlistar, lagði hann sitt á vogarskálarnar í rokkinu, rokkabíllinu og blús, að ógleymdri gospel-tónlist. Hann kunnir illa við skilgreiningar og vildi ekki láta binda sig við eina tónlistarstefnu, heldur sagði tónlist sína vera „Johnny Cash-lega“. Cash var alinn upp í krepplunni

miklu, og bar tónlistin hans þess merki, enda sótti hann mikinn innblástur í reynslu sína, en fjölskylda hans varð illa fyrir barðinu á krepplunni, líkt og svo margar í Bandaríkjunum á þessum tíma. Sem dæmi má nefna að hann var einungis fimm ára gamall þegar hann hóf störf við bómullartínslu. Ferill Cash entist í hartnær fimm áratugi, en sá var þyrnum stráður þar sem eiturlyfjadjöfullinn fylgdi Cash hvert fótmál.

Johnny Cash hvílir við hlið June Carter í Hendersonvill-garðinum í Tennessee, skammt frá æskulóðunum.

Merkisatburðir

1909 Sjúkrasamlag Reykjavíkur stofnað. Oddfellow-reglan stendur að baki stofnuninni og er þetta fyrsta sjúkrasamlag Íslandinga.



1923 Bretland sölzar undir sig Suður-Ródesíu, sem nú kallast Simbabwe.

1940 Teikningar frummanna finnast á veggjum hella í Lascaux í Frakklandi.

1949 Mesti hiti sem mælt hefur í septembermánuði mælist þennan dag á Dalatanga við Mjóafjörð og er 26°C.

1962 Páverandi forsætisráðherra Ísraels, David Ben Gurion, kemur hingað til lands í opinbera heimsókn.

1965 Tuttugu og tvö orlofshús verkalýðshreyfingarinnar eru tekin í gagnid og standa þau í Ölfusborgum, undir Reykjafjalli í Ölfusi.

1970 Leikrit Halldórs Laxness, Kristni-hald undir jökli, er frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur, en forsýning fór fram á Listahátíð í júní. Gísli Halldórsson fór með aðalhlutverk, sjálfs Jóns primuss. Verkið fékk gríðarlega góða dóma.



1973 Fast and the Furious leikarinn Paul Walker fæðist þennan dag.

1979 Indónesía skelfur þegar jarðskjálfti, 8,1 á Richter, riður yfir.



Kæru vinir og ættingjar. Við þökkum innilega hlýhug við andlát og útför móður minnar og tengdamóður,

Þóru Aðalheiðar Jónsdóttir

Starfsfólk deildar V2 á Grund fær sérstakar þakkir fyrir góða umönnun. Starfsfólk Þorrasels, Vitatorgs og Hrafnistu fær einnig þakkir fyrir gott viðmót og ómælda aðstoð.

Birgir Jóhannesson
Birna María Þorbjörnsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, Sigríður S. Þorsteinsdóttir

Borgarnesi, áður búsett í Giljahlið, lést í Brákarhlið þann 8. september.

Meinhard Berg

Jónína K. Berg
Jóhannes Berg
Jón Bjarnason
Sigurbjörg Ösp Berg og langömmubörn.
Sólveig Jónasdóttir
Pálína F. Guðmundsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristínar Karlsdóttir

Sléttuvegi 17. Sérstakar þakkir fyrir alúð og umhyggju til starfsfólks A7 Borgarspítala.

Kristín Axelsdóttir
Kristín Jónsdóttir
María Káradóttir
Kristinn Guðmundsson
Arnar Snær Kárason
Axel Kárason barnabarnabörn.



Elskuleg föðursystir okkar og mágkona,

Anna Halla Friðriksdóttir

frá Svaðastöðum, Fellstúni 19, Sauðárkróki, lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki þann 7. september sl.

Ásta Pálmadóttir
Ásmundur Pálmason
Friðrik Pálmason
Svala Jónsdóttir
Þór Jónsson
Rita Didriksen
Hlíf Sumarrós Hreinsdóttir
Gunnlaugur Steingrímsson



Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

Jónatans Einarssonar

frá Bolungarvík.

Sigrún Óskarsdóttir

Einar Jónatansson
Ester Jónatansdóttir
Kristján Jónatansson
Elias Jónatansson
Heimir Salvar Jónatansson
Karl Garðarsson
Sigríður A. Garðarsdóttir
Guðrún B. Magnúsdóttir
Guðmundur Ólafsson
Þorbjörg Magnúsdóttir
Kristín G. Gunnarsdóttir
Þórarinn Guðjónsson
Harpa Norðdahl barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Þórhallur Jónsson

Klapparhlið 1, Mosfellsbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum, Mosfellsbæ, þann 5. september 2015. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Bestu þakkir og kveðjur færum við vinum og vandamönnum.

Ásrún Ólafsdóttir

Ragnar G. Þórhallsen
Ólafur Þór Þórhallsen
Snæfríður Þórhallsdóttir og afabörn.
Kolbrún D. Kristjánsdóttir
Yrsa Sigurðardóttir
Eggert Gunnarsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vinsemd við andlát okkar ástkæra föður, bróður, tengdafaður, afa og langafa,

Ársæls Þorsteinssonar

matreiðslumeistara og fv. bryta, Skúlagötu 20.

Guðlaug Ársælsdóttir
Þóra Ársælsdóttir
Ragna Ársælsdóttir
Björg Ársælsdóttir
Guðný Þorsteinsdóttir afabörn og langafabörn.
Eypór Vilhjálmsson
Páll Hjalmar Hilmarsson
Haraldur R. Gunnarsson
Arnar Ólafsson
Þorleifur Hávarðarson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, Soffía Ingibjörg Kristbjörnsdóttir

Fjarðargötu 17, Hafnarfirði,

lést á Landakotsspítala mánudaginn 7. september 2015. Útförin fer fram föstudaginn 18. september kl. 13 frá Hafnarfjarðarkirkju.

Pétur Ó. Stephensen
Ólafur Ó. Stephensen
Guðrún Stephensen
Halla Þ. Stephensen
Steinar Ó. Stephensen
Sigríður Sigurðardóttir
Sigurbjörg Jóhannesdóttir
Sævar Magnússon
Sigrún Lóa Sigurgeirsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.



Veturinn leggst vel í okkur




Sjónvarpsdagsskrá Stöðvar 2 verður með glæsilegasta móti í vetur. Boðið verður upp á skemmtilega blöndu af innlendu og erlendu gæðafni þar sem áhorfendur á öllum aldri finna sér eitthvað við hæfi. Vertu með okkur í vetur, það verður nóg um að vera.

Konráð og félagar á ferð og flugi ¹⁶⁵

Bragi Halldórsson

„Hver er nú þessi þraut?“ sagði Róbert hugsi. „Þrautin er þessi,“ sagði Lísaloppa og speningur leyndi sér ekki í röddinni. „Getum við dregið þrjú bein strik á milli eplanna svo hvert epli verði í sér hólfí?“ „Hm,“ sagði Kata. „Bara þrjú strik?“ Hún efaðist um að það yrði nóg.

Getur þú teiknað þrjú bein strik á milli eplanna svo að hvert þeirra verði í sér hólfí?



Lovisa Rakei hefur gaman af dansi. Fréttablaðið/Vilhlem

Langar að verða læknir eða dansari

Lovisa Rakei Gunnarsdóttir er 11 ára og býr í Kópavogi. Henni finnst gaman að dansa og spila á klarínnett. Skemmtilegast þykir henni að læra stærðfræði.

Hvað ertu gömul, Lovisa Rakei, og í hvaða skóla ertu? Ég er 10 að verða 11 ára og er í 6. bekk í Álfrólsskóla.

Áttu systkini? Já, Brynjar Kára 7 ára og Elínu Söru 3 ára.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Mér finnst skemmtilegast að læra stærðfræði út af því að það þarf mikið að reikna og ég hef gaman af

stærðfræði. Mér finnst líka gaman í heimilisfræði af því það er gaman að baka.

Ertu að æfa eitthvað? Ég er að æfa ballett í ballettskóla Eddu Scheving og er búin að æfa frá því ég var 4 ára. Ég er líka að æfa á klarínnett með skólahljómsveit Kópavogs. Einnig er ég að æfa í Borgarleikhúsinu stepp og alls konar dansa, meðal annars Billy Elliot.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór? Mig langar að verða læknir því læknar hjálpa fólki og mig langar líka að verða dansari þegar ég verð stór.

Hver eru áhugamál þín? Áhugamál mín eru að dansa, teikna, lesa og spila á klarínnett.

Áttu gæludýr? Ég á hamsturinn Þyrnirós en langar í kött eða hund en er með ofnæmi.

**FÉKKSTU EKKI
BLAÐIÐ Í MORGUN?
KOM ÞAÐ OF SEINT?**

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer
800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna
og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

Lestrarhestur vikunnar Andri Dagur Aðalsteinsson

Hvað er skemmtilegast við bækur? Að maður getur haldið áfram að lesa hvar og hvenær sem maður vill.

Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Ég las syrpu og í henni braut Andrés spegil sem lét hann vera meira óheppinn og var Hábeini heppna að kenna og svo sáu þeir fjársjóð sem álfar áttu og þeir þurftu að vinna hjá þeim til eilífðar.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í upphaldi hjá þér? Ég held að það hafi verið Syrpa.

Hvers lags bækur þykir þér skemmtilegastar? Syrpur, allt er eiginlega Syrpa.

Í hvaða skóla gengur þú? Í Vættaskóla Engi auðvitað.

Ferðu oft á bókasafnið? Já, ég fer oft á bókasafnið.

Hver eru þín helstu áhugamál? Að spila Minecraft með Dagbjarti, Jóni og Úlfi. Og að lesa Syrpur og að vera með fjölskyldukvöld.




Andri Dagur segir allar bækur vera Syrpu.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða, búa til úr þeim skutlur og skutla þeim í net sem eru í öllum söfnum Borgarbókasafns. Vikulega er einn þáttakenda útnefndur lestrarhestur vikunnar og sá eða sú hlýtur bók að launum frá Forlaginu.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá



Laugardagur

Milt veður og fremur hægur vindur í dag, laugardag. Rigning á austurhellingi landsins, fyrst á Austfjörðum. Bjartara veður vestan til, en þar má þó áfram búast við einhverjum skúrum.

Flóð og fjara

REYKJAVÍK		AKUREYRI		ÍSAFJÖRÐUR		Tunglstaða: Minnkandi 56%	Sólarupprás: 6.20	Sólarlag: 20.30
FLÓÐ	FJARA	FLÓÐ	FJARA	FLÓÐ	FJARA			
11.19	04.56	03.11	09.07	12.51	07.08			
3,3M	0,7M	1,3M	0,4M	1,8M	0,5M			
23.55	17.35	15.44	21.50	13.25	19.55			
3,0M	0,9M	1,4M	0,5M	1,9M	0,7M			

Kaupmannah.	Oslo	Stokkhólmur	Gautaborg	Helsinki	Þórshöfn	Nuuk
18°	18°	18°	20°	17°	12°	4°
London	Amsterdam	Paris	Berlin	Madrid	Brussel	Róm
19°	21°	18°	21°	24°	21°	27°
Boston	New York	Orlando	Moskva	Singapúr	Tókyó	Sydney
18°	22°	25°	13°	28°	23°	15°

Reykjavík



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
10°	10°	11°	12°	11°
↓1	↓1	↙2	←4	↘7

Ísafjörður



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
3°	4°	4°	5°	4°
↓8	↓7	↙8	↙6	←7

Akureyri



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
11°	7°	7°	7°	6°
↘4	↓3	↓3	↓4	↙3

Egilsstaðir



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
10°	8°	8°	7°	6°
↙5	↓4	↓5	↓8	↓6

Kirkjubæjarklaustur



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim
11°	12°	12°	15°	12°
↙5	←4	←1	↙3	←3

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frade Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Styrkir til starfsnáms í Svíþjóð

Umsóknarfrestur til 30. október

Rannís auglýsir styrki til starfsnáms í Svíþjóð sem sænska ríkið fjármagnar.

Um er að ræða styrki til eftirfarandi þátta:

- til framhaldsmenntunar eftir lokapróf í verknámsskóla eða sambærilega menntun
- til undirbúnings kennslu í verknámsskólum eða framhaldsnáms verknámsskólakennara
- til ýmiss konar starfsmenntunar sem ekki er í boði á Íslandi

Styrkuppæð nemur 30.000-40.000 sænskum krónum, eða um hálfri milljón íslenskra króna.

Umsóknarfrestur er til 30. október og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknareyðublaði sem finna má á www.rannis.is.

Nánari upplýsingar veitir Dóra Stefánsdóttir í netfanginu dora.stefansdottir@rannis.is og í síma 515 5834.



Vissir þú að...
börn ega rétt að leita sér



JÓLATÓNLEIKAR.

KK

&
Ellen

Jólatónleikar KK & Ellenar á aðventunni

Jólatónleikar þeirra systkina eru orðnir fastur liður í jólahaldi fjölmargra á Íslandi. Í ár verða þau á faraldsfæti líkt og áður, syngja jólalög í bland við sín eigin og segja sögur af sér og sínum sem laða fram gleði og eitt og eitt tár. Með þeim verður fimm manna úrvalssveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans góða Jóns Ólafssonar. Jólin eru að koma.

Almenn miðasala hefst fimmtudaginn 17. september kl. 10:00 á midi.is

4.12. Bíóhöllin Akranesi – kl.21:00

5.12. Hlégarður Mosfellsbæ – kl.21:00

11.12. Hljómahöllin Reykjanesbæ – kl.21:00

12.12. Salurinn Kópavogi – kl.21:00

14.12. Fríkirkjan Reykjavík – kl.21:00

18.12. Bæjarbíó Hafnarfirði – kl.21:00

20.12. Grafarvogskirkja – kl.21:00

21.12. Háskólabíó – kl.21:00

Við þurfum að fara að hugsa hnattrænt

Fyrir skömmu kom út ljóðasafn Vilborgar Dagbjartsdóttur skáldkonu sem hvetur okkur til þess að hugsa um heiminn í heild og hlusta á óm almættisins.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Vilborg Dagbjartsdóttir skáld tekur brosið á móti fyrirferðarmiklum blaðamanni í gömlu tvílyftu timburhúsi og býður til stofu. Það brakar í gólfjölunum og í efri stofunni fyllir ilmurinn af nýlögðu kaffi hvern krók og kima þar sem við sitjum umkringd marglesnum bókum á öllum veggjum. Vilborg hefur sérstaklega hlýlega nærveru, klingjandi hlátur lifsglaðrar konu og brosið í augunum er aldrei langt undan, sérstaklega þegar hún minnist æskuáranna á Vestdalseyrinni við Seyðisfjörð.

„Það var oft líf og fjör hjá okkur og krakkarnir léku öll saman, þau eldri þurftu að passa þau yngri, og allir voru saman í leik. Ég var númer níu í systkinahópnum og ein af þeim yngri og við lékum okkur á Gránubalanum og á tjörninni á veturna sem var leikvöllur okkar krakkanna á Eyrinni. Vestdalseyrin var í þá tíð aðalbyggðin á Seyðisfirði en hún stóð á norðurströndinni, nokkru utar en kaupstaðurinn sem byggðist svo meira upp seinna meir.

Hernámu leikvöllinn

Allt tók að breytast þegar breski herinn kom og lagði allt undir sig og þar á meðal tjörnina sem hafði alla tíð verið leikvöllur krakkanna á Vestdalseyri. Þeir fylltu upp í tjörnina og breyttu leikvöllinum okkar í alþjóðlega réttan fótboltavöll og við vorum agalega reið yfir þessu. Þegar skípalestirnar komu þá settu þeir á alvöru fótboltaleiki en við krakkarnir röðuðum okkur upp við völlinn og ef boltinn fór út af þá reyndum við að taka hann því við vorum í stríði við heimsveldið út af leikvöllinum.

En þessir strákar höfðu náttúrulega ekkert annað við að vera þegar þeir voru í frii frá hermennskunni en að keppa í fótbolta og það var gaman að horfa á þetta. Fólk átti í góðu sambandi við þá því þegar herinn kom til Seyðisfjarðar þá fluttu þeir víða inn. Tóku barnaskólann og svona en skilðu þvi svo aftur þegar þeir voru búnir að byggja skálana. Þetta hafa verið skelfilegar íverur, allt óeinangrad og enginn grunnur þannig það hefur verið skitkalt og rakt í þessum húsum. Þeir áttu nú margir hverjir bágt og þá sérstaklega Bretarnir. Ég man að einu sinni settist einn þeirra á stein og fór að gráta af því að við vildum ekki leyfa honum að vera með í leiknum, hann var ekki nema sextán ára offisjerabjónn. Hann fékk nú oft að vera með okkur en í þetta skiptið voru einhver hortugheit í okkur. En Seyðfirðingar hafa alltaf kunnað, eins og Þórbergur hefði kallað það, að vera með þjóðum. Þetta hefur alltaf verið dálítið alþjóðlegur staður. Það var titlatog og þeringar á Seyðisfirði í þá tíð og Seyðfirðingar voru heimborgarar.“

Þjóðsögur og draugar

Það voru líka erfiðir tímar í æsku Vilborgar. Sár systkinamissir og ung að



Vilborg Dagbjartsdóttir skáld og kennari segist alltaf hafa lítið á það sem einstaka heppni að velja sér kennarastarfið. Fréttablaðið/GVA

aldri var hún send til Norðfjarðar í vist hjá vandalausum til þess að forða henni undan berklum og í Neskaupstað tók hún barnapróf og gagnfræðapróf. Með dugnaði og góðum gáfum tókst Vilborgu að komast til mennta í Reykjavík þar sem hún nam leiklist hjá Lárusi Pálssyni og Gunnari Hanssen og gekk í kennaraskólann. Vilborg minnst þess tíma með brosi en við látum erfiðleikana hvíla í kyrrþey í ljóðunum hennar.

„Ég hef alltaf lítið á það sem einstaka heppni að ég skyldi velja mér það starf að verða kennari og ég var það í 46 ár og fannst alltaf gaman. Hef líka alltaf haft svo gaman af bókum. Heima á Seyðisfirði var amtsbókasafn og skammtaðar fimm bækur vikulega. Jóhann bróðir hljóp inn í safnið að sækja bækur og ég nauðaði í honum því mér fannst svo gaman að barnabókum og hef það enn. Það var ekkert vinsælt að vera að taka smákrakka-bækur en ég nauðaði þetta út en gat svo sem lesið hvað sem var og gerði það.

En lestur á þjóðsögum og að segja draugasögur var hluti af minni æsku og það var líka menntun. Sigfús Sigfússon þjóðsagnasafnari var á Vestdalseyrinni og átti þar heima en bjó illa. Hann hafði svo lítið pláss að um tíma geymdi mamma handritin hans. Í gegnum hann þá höfðum við mikinn áhuga á þessum sögum en Sigfús var sjálfur myrkfælinn. Einu sinn var mamma að fara inn í bæ og þegar hún var að koma þarna upp kinnina eins og

VIÐ ERUM EKKI BARA ÍSLENDINGAR, SEM HÖFUM HELGAÐ OKKUR STÓRAN HLUTA JARÐARINNAR MED ÖLLU TIL ALLS, HELDUR ERUM VIÐ EITT MED ÖLLU LÍFI Á ÞESSUM HNETTI.

það var kallað þá sér hún Sigfús á leiðinni úteftir. Hún var nú að flýta sín, við sögðum flýta sín og flýta mín – það var málvenja, svo hún ætlaði að fara fram úr Sigfúsi en hann var svo reiður að hann reiddi upp stafinn því hann vildi sko ekki fá okkar ættardraug á eftir sér. Því hann trúði því að ef einhver færi fram úr honum þá yrði fylgjan eftir hjá honum og það var honum mjög illa við.“

Skynja almættið

Ljóðasafn Vilborgar kom út fyrir skömmu og svar Vilborgar við því hvernig hafi nú verið að fá svona heildarverk í hendurnar þarf kannski ekki að koma á óvart. Lítilleitið ræður för. „Þegar ég fékk þessa bók í hendurnar þá trúði ég bara ekki mínum eigin augum og þau Silja Adalsteinsdóttir og Jóhann Páll Valdimarsson hafa staðið ákaflega vel að þessu og það er fallegur formálinn hans Þorleifs Haukssonar en

maður á ekki að vera að hrósa sjálfum sér. Bláklukkurnar á kápunni eru íslenska bláklukkan og hana þykir mér ákaflega vænt um enda er þetta ein-kennisblóm Austurlands og svo hafði ég alltaf mikið gaman af grasafraði.“

Það eru ófá yrkisefnin sem Vilborg hefur tekist á við á löngum ferli; sorgin gleðin náttúran og margt fleira, en það sem er henni efst í huga um þessar mundir er samt pólitik og guðstrú. „Ég hef alla tíð lítið á mig sem verndaða af almættinu. Hef alltaf haft þessa tilfinningu af návist guðs og það jafnvel þótt að ég sé svaka kommi og hafi verið rekin úr Landakotsskóla fyrir að vera kommi, þá hef ég alltaf haft þessa tilfinningu. Ég skynja almættið í náttúrunni og heiminum en ég er ekkert svo mikið fyrir Jesú, eða slíkt, heldur bara drottin Guð. Þetta sem heldur heiminum saman. Það er ákveðin sátt í mínum ljóðum og ég er sátt við lífið. Ég er ekki óhamingjusöm. Ég veit að ég er orðin áttatíu og fimm ára og ég þakka fyrir hvern dag. Ég er komin á þann aldur að hver dagur er bónus svo maður tali nú ekki um árin.

Við berum ábyrgð

En guðstrúin er líka nátengd alheimspólitíkinni. Í dag stendur heimurinn frammi fyrir trúarbragðastyrjöldum en Allah og Jahve eru sami guð. Þetta er allt okkar allra. Bara aðrir spámenn. Mér finnst að einhvern veginn ætti að vera hægt að hugsa þetta í meiri heild. Það þarf að fara að hugsa hnattrænt og

hugsa um það að við búum hér saman á hnetti. Það eiga allir að líta svo á að allir menn hafi rétt og líka dýrin og við megum ekki heldur niðast á jörðinni eða gróðrinum. Í öllu uppeldi og öllu sem við segjum og gerum þá þurfum við að vera á vakt með það að við erum bara jarðarbúar. Við erum ekki bara Íslendingar, sem höfum helgað okkur stóran hluta jarðarinnar með öllu til alls, heldur erum við eitt með öllu lífi á þessum hnetti. Þá á ég líka við dýrin, gróðurinn og loftslagið. Allt er þetta ein órofa heild og þannig verðum við að hugsa þetta. Við berum ábyrgð á því að halda þessu öllu í jafnvægi.

Annað sem ég hugsa mikið um er þetta ofboðlega misrétti eftir því hvar menn eru á hnettinum. Ég var nú ein af þeim sem voru alltaf að fjandskapast út í Þjóðverja en mér finnst það sem Angela Merkel er að gera núna vera alveg geysilega fallegt. Hún stendur upp til þess að styðja við flóttafókið á alveg sérstakan hátt og ég held að það séu framundan þeir tímar þar sem við þurfum öll að gera okkur grein fyrir því að við getum ekki múrað okkur inni og verið með læst hlið. Við þurfum að fara að taka tillit til allra jarðarbúa og að það séu lágmarksskyldur sem gildi alls staðar á jörðinni.

Við erum flóttamenn

Ég held satt að segja að það sé nokkuð vakandi í fólki hér að vilja vera gott. Fólksfæðin er slík að við höfum þurft að þakka fyrir þá sem við fáum til

Spektrum í sal Íslenskrar grafíkur

okkar. Í þessu fámenni á þessu stóra landi höfum við líka þurft að þiggja margt af heiminum og við getum ekki verið svo vanþakklát að bera á móti því. Mér finnst samt erfitt að átta á mig á því hvernig við mundum taka stóruaknum straumi fólks til okkar en staðreyndin er að stór hluti af mannkyninu er á flóttu. Það þarf að taka upp allsherjar stefnu í heiminum til þess að koma fólki í skjól – það fyllir mann skelfingu að sjá allt þetta fólk deyja í hafinu – hafinu okkar allra. Hugsum okkur samt ef við værum dæmd til þess að taka á móti svo og svo stórum kvóta þá verðum við að gera það.

Hins vegar skal ég játa að ég er óskaplega hrifin af því að eiga þetta gamla tungumál og þessa gömlu menningu. Ég kann því vel að þekkja ætt mína alveg aftur til Skotlands, svona eins og við gerum, en forfaðir minn var Ketill Flatnefur sem var konungur í Suðureyjum – Auður djúpuðga var dóttir hans en þeir vildu drepa hana af því að hún var svo gáfuð og ég auðvitað trúi öllum þessum sögum,“ segir Vilborg og hlær. „En svona var þetta þegar við komum hingað, þá vorum við á flóttu – menn komu hingað til að njóta lífs og frelsis. En þegar við komum hingað til Íslands þá voru hérna íbúar, það var hérna gróður, fuglar og annað líf bæði á sjó og landi sem við tróðum niður, gerðum að okkar og arðrændum. En ég gæti nú aldrei gengið eins langt og jógarirnir og lifað bara á loftinu og guðstrúnni. Ég læt mig hafa það að stela fuglaeggjum og éta lambasteik,“ segir Vilborg og skelli hlær sínum bjarta líflega hlátri. „En sem gamall kennari þá verð ég að segja að nú finnst mér að við þurfum að fara að ala upp heimsborgara. Það þarf að ræða þetta strax við börnin.“

Ytri áhrif

Íslendingar hafa löngum auðgað sína menningu með ytri áhrifum eins og aðrar þjóðir gera og ágætt dæmi um slíkt er einmitt að finna í ljóðum Vilborgar sem hefur mikið unnið með japönsku ljóðaformin tönku og hæku. „Ég var óskaplega hrifin af þessu. Það var orðið soldið stagnerað, stökurnar okkar, en hækan og tankan eru svo óskaplega flott form en samt svo einfalt og í senn bæði frjálst og bundið.

Mér finnst ferskeytlan okkar afskaplega falleg og hún heldur alltaf sínu en tankan og hækan – þegar þær takast þá er svo mikil mýkt. Það verða að vera 5 7 5 og tveimur línur meira í tönkunni. En svo þegar maður er búinn að venja sig á þetta þá fer maður að hugsa alveg eins og Íslendingarnir hugsuðu í ferskeytlunni. En þetta er gott dæmi um það hvernig við getum sótt í menningu annarra þjóða og auðgað með því okkar eigin menningu og tungumál.

Ég er líka enn að yrkja og átti nokkur ljóð sem eru alveg ný og eru hérna aftast í bókinni. Silja tók þetta inn í bókina. Þar á meðal er þetta sem er ljóð sem er tileinkað Stephen Hawking. Ég hugsaði mikið um hans heimsmynd. Hann er mikið fatlaður en stórgáfður maður og ég bara barnakennari og stautari en hann kenndi okkur að sónninn sem við heyrum er ómurinn af Miklahvelli.

Upphafsróðið

Tileinkað Stephen W. Hawking

Upphafið var dauðakyrri autt og tóm

Svartamyrrkur grúfði yfir tóminu

Tómið var ekki galtómt. Það var ljósvaki í því. Hann bærði á sér og til varð kraftur þyngdarkrafturinn.

(Við megum ef við viljum kalla hann Guð)

Fyrir tilverknað þyngdarkraftsins hóf ljósvakinn upp raust sína og sagði

VERÐI LJÓSI! Þegar ljósið sprakk út varð mikill hvellur!

Við heyrum enn daufan enduróminn.

Ásdís Kalman opnaði síðastliðinn fimmtudag málverkasýninguna Spektrum í sal Íslenskrar grafíkur að Tryggvagötu 17, Reykjavík. Með verkum sínum leitast Ásdís við að fanga og festa á mynd orkuflæði og ljósaminnningar.

Sýningin í sal Íslenskrar grafíkur er tíunda einkasýning Ásdísar sem hefur einnig tekið þátt í fjölda sam-sýninga á Íslandi og erlendis. Ásdís hefur í gegnum árin að mestu notað olíu á striga í sinni sköpun.

Ásdís lærði myndlist í Mynd-

lista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist frá málaradeild árið 1988. Hún lauk BA-gráðu í kennslufræði frá Listaháskóla Íslands vorið 2004. Ásdís hefur unnið við myndlist frá því að hún lauk námi í faginu og hefur einnig kennt myndlist til margra ára, síðustu árin við Ingunnarskóla.

Sýningin stendur yfir til 27. september. Opnunartímar verða fimmtudaga og föstudaga kl. 15-18 og laugardaga og sunnudaga á milli kl. 14-18.

– MG



Georg Guðni

Laugardagur til lista

Við bjóðum þér á opnun sýningar á verkum Georgs Guðna í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19, í dag, laugardaginn 12. september.

Sýningin verður opnuð kl. 13:30 með fyrirlestri Einars Garibalda Eiríkssonar myndlistarmanns um verk Georgs Guðna.

Allir velkomnir



Öflug framtíðardeild, ungbarnaleikhús og Góði dátinn Svejk

Það verður mikið um að vera hjá Gaflaraleikhúsinu þar sem sérstök framtíðardeild er starfandi og Björk Jakobsdóttir segir að það þurfi enginn að láta sér leiðast í Hafnarfirði í vetur.

Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði hefur óneitanlega nokkra sérstöðu á meðal íslenskra atvinnuleikhúsa. Það er í miklu samstarfi við nærsamfélag sitt og hefur öðrum leikhúsum á höfuðborgarsvæðinu fremur sinnt börnum og unglimum eins og þekkt er orðið. Björk Jakobsdóttir er í forsvari fyrir Framtíðardeild Gaflaraleikhússins og því vel við hæfi að inna hana eftir því hvað verður efst á baugi í leiklistinni í Hafnarfirði í vetur.

„Það hefur verið mikið að gerast í framtíðardeildinni hjá okkur að undanfögnu. Leiksyningin Unglingurinn fór til Wrocław í júní síðastliðnum og sýndi fyrir fullu húsi pólskra ungmenna við milkin fögnuð. Hluti áhorfenda var blindur og því var sýningunni lýst fyrir þeim. Sýningin fór sömu leiðis til Tianjin í Kína á alþjóðlega listahátíð ungmenna og sló vægast sagt í gegn. Nú er ég að vinna spuna-sýningu með íslenskum unglimum sem er partur af samstarfi við pólskt leikhús. Sýningin verður tekin upp á vídeó og sýnd í Póllandi. Þannig að það er mikill gangur í þessum hluta starfseminnar.

En leikárið hjá okkur hefst með því að við erum að setja fjölskyldufarsann Bakaraofninn aftur á svið en sú sýning gekk ákaflega vel hjá okkur á síðasta leikári við mikil hlástrasköll og almenna kátínu. Það

er búið að vera alveg frábært að vinna með dúói Gunna og Felix og maður skilur af hverju þeir eru alltaf jafn vinsælir á fjölskylduskemmtunum. Þeir ná einhvern veginn alltaf að skemmta öllum aldri. Þeir hafa leikið saman í tugi ára og hafa þróað með sér yndislegan samleik sem gerir það að verkum að ég gat varla leikstýrt fyrir hlátri. Og það sem þeir leggja á sig grey kallarnir að verða fimmtugir. Felix er kominn með heiftarlegt hveitiofnæmi af því að duglegi leikarinn Gunnur getur aldrei hella því öðruvísi en beint ofan í kokið. Gunnur er verulega tognadur í nára af því að hann rennur alltaf í splitt þegar veggurinn dettur á hann. Þannig að það er kannski eins gott fyrir fólk að drífa sig í leikhúsið áður en þeir ganga endanlega frá hvor öðrum.

Í október er svo aftur komið að framtíðardeildinni en þá fara Konubörn aftur á fjálinnar. Þessi sýning er skrifuð af sex framúrskarandi skapandi og skemmtilegum stelpum sem eru allar í kringum tvítugsaldurinn. Þær eru nú allar komnar í skapandi og skemmtilegt framhaldsnám í þessum fræðum en ætla að finna tíma til að sýna í október og nóvember.

Eftir áramót frumsýningu við tvær nýjar sýningar. Í lok janúar frumsýnum við verk sem heitir White og er heimsfræg verðlaunasýning fyrir

ýngstu börnin eins til þriggja ára. Frumsýning er í lok janúar. Í mars ætlar svo Ágústa Skúladóttir að vera hjá okkur og leikstýra glænýrri leikgerð eftir Karl Ágúst Úlfsson á Góða dánunum Svejk. Þannig að það er mikið um að vera hjá okkur í allan vetur og það þarf enginn að láta sér leiðast í Hafnarfirði.“

Gaflaraleikhúsið er í talsverðu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og Björk segir að þetta samstarf skipti þau miklu máli. „Við höfum alltaf lagt áherslu á að sinna ungu fólki vel og leggjum gríðarlega áherslu á þann þátt. Við erum til að mynda með námskeið í skapandi hugsun og spuna fyrir 8. og 9. bekk í grunn-skólum Hafnarfjarðar og 10. bekkur setur svo upp leikrit. Það er sérstaklega gaman að koma að þessu starfi og finna hvað þessir krakkar eru áhugasamir og öflugir. Það er líka bæði ljúft og skylt að taka fram að þetta væri ekki hægt nema af því að Hafnarfjarðarbær veðjaði á okkur og við erum þakklát fyrir það.“

magnus@frettabladid.is

Björk Jakobsdóttir leikkona er í forsvari fyrir framtíðardeild Gaflaraleikhússins. Fréttablaðið/STEFAN



Í leit að stöðugleika

LEIKLIST

4:48 Psychosis

Þjóðleikhúsið – Kúlan

Höfundur: Sarah Kane

Edda production í samstarfi við Þjóðleikhúsið, Aldrei óstelandi, Icelandair, Eimskip og Vodafone

Framleiðandi: Edda Björg Eyjólfssdóttir

Leikari: Edda Björg Eyjólfssdóttir

Leikstjórn: Friðrik Friðriksson

Tónlist: Magnús Örn Magnússon og Stefán Már Magnússon

Leikmynd: Stigur Steinþórsson

Búningar: Filippía I. Elisdóttir

Lýsing: Hermann Karl Björnsson

Þýðing: Sigurlaug „Didda“ Jónsdóttir

Dramatúrg: Stefán Hallur Stefánsson

★★★★

Konan sem stendur á sviðinu er ónefnd. Hún er blýföst í hlyðþýpi þunglyndis og berst við að finna ljósið í myrkrinu. Á rétt rúmum klukkutíma er áhorfendum boðið að stíga inn í hugarástand óstjórlegrar geðtruflunar, baráttu upp á líf eða dauða.

Frumsýningardagur 4:48 Psychosis á fimmtudaginn síðastliðinn var einnig Dagur sjálfsvígisforvarna, kannski ágætlega við hæfi. Forsaga leikskáldsins sem tók sitt eigið líf er flókin, áhugaverð og sorgleg allt í senn en Sarah Kane má ekki vera skilgreind einungis út frá endalokum sínum. Verk hennar verður að skoða út frá öðrum sjónarhornum því Kane var stórbrotið leikskáld, þótt hún væri sjálf brotin.

Kúlan er sérlega spennandi sviðsrými sem Þjóðleikhúsið mætti nýta betur en sýningin smellpassar þarna inn. Sviðsetning Friðriks Friðrikssonar er stundum nær gjörningi frekar en leiksyningu sem er athyglisverð nálgun. Edda Björg Eyjólfssdóttir stendur einangruð á fjölnum en ekki ein því tónlistarmennirnir Magnús Örn Magnússon og Stefán Már Magnússon eru staðsettir í vinstra horni sviðsins. Stigur Steinþórsson hagnar sviðsmyndina af kostgæfni en hún er stílhrein; einungis tvö sjónvörp mynda kjarna hennar.

Gríðarleg ábyrgð hvílir á herðum Eddu Bjargar og hlutverkið er gífurlega krefjandi. Hún sýnir mikið þor

að takast á við þetta óendanlega svartnætti og á hrós skilið fyrir hugrekkið. En frammistaða hennar var ekki alltaf samstíga grófleika textans, allavega nær hún ekki nægilega föstum tókum á hlutverkinu. Bestu augnablikin eiga sér stað þegar Edda Björg sleppir algjörlega fram af sér beislinu og opnar innra líf þessarar konu upp á gátt. En stundum verður leikur hennar örlítið eintóna sem dregur kraftinn úr textanum.

Einn af fáu leikmununum sem hún notast við er myndavél en upptökunni er varpað á bakvegg sviðsins. Þannig komast áhorfendur eins líkamlega nálægt Eddu Björgu eins og hægt er en þetta hefur fjarlæg áhrif á sama tíma. Aftenging verður á vissum augnablikum óþægileg. Ekki í þeim skilningi að áhorfandinn fái innsýn í riðlaða veröld aðalpersónunnar heldur myndast fjarlægð við efnið. Stundum er myndavélanotkunin einstaklega vel heppnuð en á öðrum tímupunktum dofna áherslurnar eða hverfa inn í tækjabúnaðinn.

Einn stóran galla má þó finna á sýningunni og leikstjórn Friðriks: Tónlistaratriðin þar sem Edda Björg syngur með bandinu eiga alls ekki heima í sýningunni. Lagasmíðar PJ Harvey eru magnaðar en ákvörðunin um að skeyta þeim inn texta Kane á þennan hátt er undarleg í besta falli og jaðrar við viðvæningshátt. Edda Björg er fær söngkona en atriðin valda truflun í framvinduinni sem nokkurn tíma tekur að komast yfir í þau tvö skipti sem tónlistaratriðin eiga sér stað.

Á yfirborðinu virðist texti Kane kannski vera einfaldur en blekkingin liggur í ljóðrænu valdi hennar á endurtekningu, takti og orðavali. Þýðing Didda er áhrifamikil þó hún misstigi sig í einstaka tilfellum en yfirhöfuð er þarna vel að verki staðið.

Sýningin, með Eddu Björgu í fararbroddi, á eflaust eftir að eflast með fleiri sýningardögum þegar þrenningin á sviðinu finnur takt sem þeytir tilfinningunum lengra og dýpra en á þessum tímupunkti nær hún ekki takmarki sínu. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Misjöfn sýning en inniheldur samt sem áður glimrandi augnablik.

FÉLAGSFUNDUR VM

Boðað er til félagsfundar vegna kynningar á nýundirrituðum kjarasamningi VM við SA

**>> Þriðjudaginn 15. september í Reykjavík
VM, Stórhöfða 25, 3. hæð. kl. 20.00**

**Fundurinn verður sendur út
í beinni á heimasíðu félagsins, www.vm.is**

**>> Fimmtudaginn 17. september á Akureyri
Skipagötu 14, í sal Einingar-Iðju, 2 hæð. kl. 17.30**

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM
www.vm.is

Fjölskyldufjör á laugardag

Kaffi, kleinur og ís*

*Á meðan birgðir endast.

Maxímús Músíkús kemur kl. 14:00



Ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira fylgir gjöf



Gjafir fyrir öll tækifæri!

Allt að **90%** afsláttur


Yfir 4000 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

RISALAGERSALA á Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA HELGINA kl. 10-19

STÓRVIRKI

4.990 kr. stk.




99 kr.



990 kr. stk.



590 kr.



490 kr.



1.490 kr.



690 kr.



1.490 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

SAMBIÓINN

NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID ÞAD HARGEORGAS SIG

SÁLFRÆÐIPRILLER AF BESTU GERÐ

★ ★ ★ ★ ★ HITFIX
KNOCK KNOCK
KEVIN REEVES
★ ★ ★ ★ ★ VARIETY
★ ★ ★ ★ ★ EMPIRE

★ ★ ★ ★ ★ NEW YORK TIMES
★ ★ ★ ★ ★ VARIETY
★ ★ ★ ★ ★ HITFIX

★ ★ ★ ★ ★ CHICAGO TRIBUNE
★ ★ ★ ★ ★ VILLAGE VOICE
★ ★ ★ ★ ★ WASHINGTON POST

★ ★ ★ ★ ★ CINEBLENDE
★ ★ ★ ★ ★ TRI-CITY HERALD

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR LOOPER

★ ★ ★ ★ ★ VARIETY
LOVE & MERCY
PAUL DANO JOHN CUSACK
★ ★ ★ ★ ★ VARIETY

★ ★ ★ ★ ★
SELF/LESS
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR LOOPER

★ ★ ★ ★ ★
VACATION

★ ★ ★ ★ ★
UNCLE
LEIKSTJÓRA SNATCH OG SHERLOCK HOLMES

★ ★ ★ ★ ★
INSIDE OUT is.Tal. 2D

★ ★ ★ ★ ★
SKÓSVAINARNIR is.Tal. 2D

★ ★ ★ ★ ★
INSIDE OUT is.Tal. 2D

★ ★ ★ ★ ★
EGILSHÖLL

★ ★ ★ ★ ★
KNOCK KNOCK KL. 5:50 - 8 - 10:30

★ ★ ★ ★ ★
SELF/LESS KL. 3:20 - 5:30 - 8 - 10:30

★ ★ ★ ★ ★
THE MAN FROM U.N.C.L.E. KL. 8 - 10:30

★ ★ ★ ★ ★
VACATION KL. 3:10 - 5:50 - 8 - 10:20

★ ★ ★ ★ ★
MISSION: IMPOSSIBLE KL. 10:20

★ ★ ★ ★ ★
INSIDE OUT is.Tal. 2D KL. 3 - 5:10

★ ★ ★ ★ ★
SKÓSVAINARNIR KL. 1:30 - 3:40 - 5:50

★ ★ ★ ★ ★
INSIDE OUT is.Tal. 2D KL. 1:30 - 2 - 3:40

★ ★ ★ ★ ★
ÁLFABAKKA

★ ★ ★ ★ ★
KNOCK KNOCK KL. 5:50 - 8 - 10:30

★ ★ ★ ★ ★
KNOCK KNOCK VIP KL. 3 - 5:50 - 8 - 10:20

★ ★ ★ ★ ★
LOVE & MERCY KL. 8 - 10:30

★ ★ ★ ★ ★
SELF/LESS KL. 5:30 - 8 - 10:30

★ ★ ★ ★ ★
THE MAN FROM U.N.C.L.E. KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30

★ ★ ★ ★ ★
VACATION KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30

★ ★ ★ ★ ★
SKÓSVAINARNIR is.Tal. 2D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50

★ ★ ★ ★ ★
INSIDE OUT is.Tal. 2D KL. 1:30 - 2 - 3:40

★ ★ ★ ★ ★
AKUREYRI

★ ★ ★ ★ ★
KNOCK KNOCK KL. 10:30

★ ★ ★ ★ ★
LOVE & MERCY KL. 8

★ ★ ★ ★ ★
THE TRANSPORTER REFUELED KL. 10:20

★ ★ ★ ★ ★
THE MAN FROM U.N.C.L.E. KL. 8

★ ★ ★ ★ ★
VACATION KL. 3:40 - 5:50

★ ★ ★ ★ ★
INSIDE OUT is.Tal. 2D KL. 3:40 - 5:50

★ ★ ★ ★ ★
KEFLAVÍK

★ ★ ★ ★ ★
KNOCK KNOCK KL. 8 - 10:10

★ ★ ★ ★ ★
LOVE & MERCY KL. 8

★ ★ ★ ★ ★
MAZE RUNNER: SCORCH TRIALS KL. 10:30

★ ★ ★ ★ ★
VACATION KL. 6

★ ★ ★ ★ ★
SKÓSVAINARNIR is.Tal. 3D KL. 4 - 6

★ ★ ★ ★ ★
INSIDE OUT is.Tal. 2D KL. 4

SPARBÍÓ

MERKTAR MED GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR. 950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

MAZE RUNNER
SCORCH TRIALS

★ ★ ★ ★ ★

ZAC EFFRON
WE ARE YOUR FRIENDS

★ ★ ★ ★ ★

★ ★ ★ ★ ★
TRANSPORTER

★ ★ ★ ★ ★
NO ESCAPE

★ ★ ★ ★ ★
STRAIGHT OUTTA COMPTON

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

mídi.is
Míðasala og nánari upplýsingar

★ ★ ★ ★ ★
SCORCH TRIALS

★ ★ ★ ★ ★
NO ESCAPE

★ ★ ★ ★ ★
THE GIFT

★ ★ ★ ★ ★
ABSOLUTELY ANYTHING

★ ★ ★ ★ ★
TILBOÐ KL. 2

★ ★ ★ ★ ★
TILBOÐ KL. 1:50

★ ★ ★ ★ ★
TILBOÐ KL. 1:45

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
MAZE RUNNER	6, 9
NO ESCAPE	3:45, 5, 8, 10:15
STRAIGHT OUTTA COMPTON	10:20
THE GIFT	8
ABSOLUTELY ANYTHING	6
SKÓSVAINARNIR 2D	1:50, 3:50
FRUMMAÐURINN 2D	1:45
INSIDE OUT 2D	2

Góða skemmtun í bíó

★ ★ ★ ★ ★
SKÓSVAINARNIR

★ ★ ★ ★ ★
INSIDE OUT

★ ★ ★ ★ ★
VACATION

SPARBÍÓ MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍOAuglýsingum SAMBÍÓanna
KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

★ ★ ★ ★ ★
FRUMMAÐURINN

★ ★ ★ ★ ★
SKÓSVAINARNIR

★ ★ ★ ★ ★
PIXELS

FJÖLSKYLDUPAKKINN

Allir borga barnaverð

MINNST 4 MÍÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

DAGSKRÁ OG MÍÐASALA ER Á EMÍÐI.IS

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

12. SEPTEMBER 2015 Sýningar

Hvað? Ljósmyndasýningin Óskir íslenskra barna
Hvenær? 14.00
Hvar? Menningahúsið Gerðubergi Ljósmyndasýningin Óskir íslenskra barna eftir Ástu Kristjánsdóttur opnuð. Inntak sýningarinnar byggir á sönnum reynslusögum barna sem hafa upplifað ofbeldi, vanrækslu, einelti eða hafa búið við fátækt. Myndirnar birta myndadar Óskir þessara sömu barna. Þannig er áhersla lögð á að börn sem upplifa áföll og erfðileika þurfa að fá að eiga sér ósk og von um að liða einhvern tímann betur. Þetta þykir afar falleg og áhrifarík sýning og henni er ætlað að vekja börn til vitundar um ofbeldi og vanrækslu. Hún veitir líka upplýsingar um hvert þau geti leitað ef þau verða vitni að, eða lenda sjálf í ofbeldi.

Hvað? Blaðamaður með myndavél
Hvenær? 15.00
